

ÁRSSKÝRSLA SJÁLANDSSKÓLA

2010-2011



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	5
NEMENDUR	5
ÁSTUNDUN	7
STARFSMENN	8
YTRI TENGLS	13
SKÓLAÁRIÐ	15
SKÓLADAGUR NEMENDA	16
SKÓLAHÚSNÆÐI- SKÓLALÓÐ	17
ÁHERSLUR Í STARFI SJÁLANDSSKÓLA ÁRIÐ 2010 – 2011	20
TYLLIDAGAR OG VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU	21
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	29
SKÝRSLA FORELDRAFÉLAGS SJÁLANDSSKÓLA	30
ÞRÓUNARVERKEFNI Á SKÓLAÁRINU	31
NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR	34
SJÁLFSMAT SKÓLA	35
SAMTANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI SKÓLASTARFSINS	36
SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA	38
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. OG 2. BEKK	38
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. OG 4. BEKK	44
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. OG 6. BEKK	55
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 7. BEKK	65
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 8. BEKK	70
SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 10. BEKK	80
SKÝRSLA DÖNSKUKENNARA	84
SKÝRSLA ENSKUKENNARA Í UNGLINGAÐEILD	88
SKÝRSLUR LIST OG VERKGREINAKENNARA	93
SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA	93
SKÝRSLA SUNDKENNARA	99
SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA	109
SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA	113
SKÝRSLA Í TEXTÍLKENNARA	118
SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA	122

STUÐNINGSÞJÓNUSTA.....	130
SKÝRSLA SÉRKENNARA	130
SKÝRSLA ÞROSKAÞJÁLFA	132
SKÝRSLA MEÐFERÐARFULLTRÚA	133
SKÝRSLA NÁMSRÁÐGJAFNA	133
SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFNA Í TÖLVU – OG UPPLÝSINGATÆKNI.....	136
SKÝRSLA BÓKASAFNS SJÁLANDSSKÓLA.....	141
TÓMSTUNDAHEIMILIÐ SÆLUKOT	142
FYLGISKJAL 1 – SKIPURIT SJÁLANDSSKÓLA	149
FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2010-2011.....	150
FYLGISKJAL 3 – LÆSISPRÓF Í SJÁLANDSSKÓLA2010-2011	151
FYLGISKJAL 4 – VIÐHORFSKÖNNUN FORRÁÐAMANNA	152
FYLGISKJAL 5 – SAMRÆMDUPRÓFIN Í SJÁLANDSSKÓLA 2010.....	153
FYLGISKJAL 6 - SKÝRSLA SJÁLFSMATSHÓPS 2010-2011	157
FYLGISKJAL 7 – NIÐURSTÖÐUR FORELDRAKÖNNUNAR SJÁLANDSSKÓLA 2010.....	161
FYLGISKJAL 8 – FRÉTTADAGBÓK AF HEIMASÍÐU.....	177

INNGANGUR

Ársskýrsla Sjólandsskóla kemur nú út í sjötta sinn. Markmiðið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um starfið í Sjólandsskóla veturinn 2010-2011. Gefið er yfirlit yfir starfið sem fram fer í skólanum auk þess sem fjallað er um ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri, kennarar, ritari og aðstoðarskólastjóri sem ritstýrir verkinu. Skýrslan skiptist í tólf kafla auk formála. Skýrslunni er dreift til skólaráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Sjólandsskóla er að finna á heimasíðu skólans: <http://www.sjalandsskoli.is>

Sjólandsskóli er einsetinn grunnskóli og bauð á þessu ári upp á starf fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Í Garðabæ hafa foreldrar val um grunnskóla fyrir börn í 1.-10. bekk og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi skólans er: Sjóland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2010-2011 var 24. ágúst og voru þá 249 nemendur skráðir við skólann. Fyrsta skóladaginn voru allir nemendur skólans boðaðir ásamt forráðamönnun í einstaklingsviðtöl hjá umsjónarkennurum. Markmið þessara viðtala var að kynna nýjum nemendum og skerpa á markmiðum vetrarins. Skipulag skólans er í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Skóladagatal skólans er í fylgiskjali 2. Skólastjóri á sjötta starfsári var Helgi Grímsson og aðstoðarskólastjóri var Edda Björg Sigurðardóttir. Skipurit skólans er í fylgiskjali 3.

Sjólandsskóla í júní 2011


Edda Björg Sigurðardóttir

Aðstoðarskólastjóri

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR


NEMENDUR

Samtals voru 249 nemandi í skólanum þetta skólaár. Stúlkur í skólanum voru 123 og drengirnir voru 126. Skipting nemenda í árganga var með eftirfarandi hætti: Í 1. og 2. bekk var samkennt í þremur umsjónarhópum með alls 52. nemendur. Samkennt var í 3. og 4. bekk í tveimur umsjónarhópum með alls 46 nemendur. Í 5. – 6. bekk var samkennt í þremur umsjónarhópum með alls 59 nemendur. Tveir umsjónarhópar voru í 7. bekk með alls 38 nemendur. Í unglingsdeild var kennt í einum umsjónarhópi í hverjum árgangi fyrir sig. Í 8. bekk voru 14 nemendur, 19 nemendur í 9. bekk og 21. nemandi í 10. bekk.



Fjöldi nemenda í Sjálandsskóla á árunum 2005 - 2011

	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011
Fjöldi nemenda	85	114	167	182	238	249



Eftirfarandi súlurit sýnir skiptingu nemenda skólans eftir lögheimili. Um 50,2 % nemenda koma úr Ásahverfinu en tæplega 19% nemenda koma úr Sjálandsshverfinu sem skýrist væntanlega af íbúasamsetningu og aldri íbúa hverfisins.



ÁSTUNDUN

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að skráðir veikindadagar í Mentor eru samtals 1675. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 1003 daga.

Ef tekið er meðaltal af þessum fjarvistum þá er hver nemandi veikur í 6,7 daga og fær leyfi í 4 daga. Eftirfarandi tafla sýnir ástundun hjá nemendum skólans.

Bekkur	Veikindi	Veikindi	Veikindi	Leyfi	Leyfi	Leyfi
	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2008-2009	2009-2010	2010-2011
3.-4.	157	258	240	190	152	140
5.-6.	246	362	372	120	195	238
7.	59	99	263	34	30	242
8.	115	202	107	83	91	51
9.		141	209		111	75
10.			118			140
Samtals	716	1306	1675	525	677	1003

STARFSMENN

Starfsmenn Sjúalandsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjóra og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi.

Skólaárið 2010-2011 störfuðu við skólann 42 starfsmenn þ.e. sem, 24 kennarar og stjórnendur. 1 kennsluráðgjafi, 2 þroskaþjálfari, 1 stuðningsfulltrúi, 1 bókavörður, 5 starfsmenn við tómsundaheimilið, 6 skólaliðar, 1 ritari og 1 umsjónarmaður.

Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann þetta skólaár:



Nafn	Staða	Netfang
Alina Daniela Petrache Tamasan	Starfsm. Sælukots	alinat (hjá) sjalandsskoli.is
Anna Lilja Torfadóttir	Tungumál o.fl	annalilja (hjá) sjalandsskoli.is
Árni Freyr Haraldsson	Skólaliði /starfsm.Sælukots	arnih(hjá)sjalandsskoli.is
Árni Már Árnason	Smíðakennari	arnia(hjá)sjalandsskoli.is
Bjarney Gísladóttir	Bókavörður	bjarneyg (hjá) sjalandsskoli.is
Bryndís Rail	Sérkennari	bar (hjá) sjalandsskoli.is
Davíð Örvar Ólafsson	Íþróttakennari /Sælukots	davido (hjá) sjalandsskoli.is
Dorin Tamasan	Skólaliði	dorint (hjá) sjalandsskoli.is
Edda Björg Sigurðardóttir	Aðstoðarskólastjóri	edda (hjá) sjalandsskoli.is
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Umsj.kennari	elfa (hjá) sjalandsskoli.is
Erna Sif Auðunsdóttir	Umsj.kennari	ernaa (hjá) sjalandsskoli.is
Eygló R. Sigurðardóttir	Tölvur/upplýsingat.	eyglor (hjá) sjalandsskoli.is
Faney Hanna Valgarðsdóttir	Þroskaþjálfari/í leyfi	fanneyh (hjá) sjalandsskoli.is
Fjóla Hrund Björnsdóttir	Starfsm. Sælukots	
Harpa Maren Sigurgeirsdóttir	Námsráðgjafi	harpamaren (hjá) sjalandsskoli.is
Hafdís Helgadóttir	Starfsm. Sælukots	
Helga Björk Jónsdóttir	Umsj.kennari	helgaj (hjá) sjalandsskoli.is
Helgi Grímsson	Skólastjóri	helgi(hjá)sjalandsskoli.is
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsj.kennari	hrafnhildursig (hjá) sjalandsskoli.is
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþróttakennari	hrafnhs (hjá) sjalandsskoli.is
Ingunn Þóra Hallsdóttir	Umsj.kennari	ingunnth (hjá) sjalandsskoli.is
Ingveldur Karlsdóttir	Umsj.kennari	ingveldurk (hjá) sjalandsskoli.is
Íris Björk Baldursdóttir	Umsj.kennari	irisb (hjá) sjalandsskoli.is
Jóhanna Elísa Magnúsdóttir	Meðferðarfulltrúi	johannam (hjá) sjalandsskoli.is
Leonard Bizoi	Skólaliði	leonardb (hjá) sjalandsskoli.is
Linda Rán Úlfarsdóttir	Skólaliði	lindau(hjá)sjalandsskoli.is
Margrét Helgadóttir	Umsj.kennari	maggy (hjá) sjalandsskoli.is


Margrét Tómasdóttir	Umsj.kennari	margrett (hjá) sjalandsskoli.is
Margrét Þorleifsdóttir	Umsj.kennari	margretth (hjá) sjalandsskoli.is
Ólafur Schram	Tónmenntakennari	olafurs (hjá) sjalandsskoli.is
Ósk Auðunsdóttir	Umsj.kennari	oska (hjá) sjalandsskoli.is
Rakel Ósk Snorradóttir	Starfsm. Sælukots	rakelsnorra(hjá)gmail.com
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Umsj.kennari	sesseljag (hjá) sjalandsskoli.is
Sigríður Gísladóttir	Yfirþroskaþjálfari	sigridurg (hjá) sjalandsskoli.is
Sigríður Ólafsdóttir	Sérkennari	sigriduro (hjá) sjalandsskoli.is
Sigrún Reynisdóttir	Textíl/danska	sigrunr (hjá) sjalandsskoli.is
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður	sigu (hjá) sjalandsskoli.is
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Ritari	soffiath (hjá) sjalandsskoli.is
Sonia Dias F.C. Leite	Skólaliði	soniad (hjá) sjalandsskoli.is
Sólveig Þórdís Einarsdóttir	Myndmenntak. (afleysing)	solveige (hjá) sjalandsskoli.is
Steinunn G. Thorarensen	Þroskaþjálfari (afleysing)	steinunnt (hjá) sjalandsskoli.is
Svanhildur Gísladóttir	Skólaliði	svanhildurgi (hjá) sjalandsskoli.is
Þórey Íris Halldórsdóttir	Umsj.kennari	thoreyh (hjá) sjalandsskoli.is

Starfsmenna stoðþjónusta Sjálandsskóla

Brynjólfur G. Brynjólfsson	Sálfræðingur	brynjolfur (hjá) gardabaer.is
Kristín Blöndal Magnúsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	kristinb (hjá) sjalandsskoli.is
Stella Hermannsdóttir	Talmeinafræðingur	stellahe(hjá)gardabaer.is
Trausti Valsson	Sálfræðingur	trausti (hjá) gardabaer.is

Á næstu þremur myndum má sjá yfirlit yfir aldur, kyn og lögheimili starfsmanna.





Símenntun starfsmanna

Þeir starfsmenn sem ekki höfðu sótt námskeið í skyndihjálp á sl. tveimur árum komu til starfa 11. ágúst og sóttu slíkt námskeið á vegum skólans. Kennara komu til starfa 12. ágúst og byrjuðu á því að sækja ráðstefnu áhugafólks um skólaþróun með yfirskriftinni „vinnum saman þvert á greinar.“ Fyrstu dagarnir voru nýttir til samráðs. Ítarlega var farið yfir hugmyndafræði og innra skipulag skólans. Þann 20. ágúst sóttu allir kennarar skólans fræðslu um Einelti á vegum eineltishóps grunnskóla Garðabæjar. Kennarar sóttu nokkur sameiginleg námskeið á vegum skólaskrifstofu Garðabæjar s.s. fræðslu um bekkjarfundi, jafnrétti í skólastarfi og fræðslu um nýja aðalnámskra. Þá hittust kennarar tvisvar sinnum á árinu á fagfundum.

Kennarar fóru í símenntunarferð til Akureyrar 17. september þar sem heimsóttir voru Naustaskóli og Hrafnagilsskóla. Fjölmargir kennarar sóttu ársþing samtaka um skólaþróun en það var haldið í Sjólandsskóla 5. og 6. nóvember. Fjallað var um Læsi - Lýðræði – Jafnrétti - Menntun til sjálfbærni og Skapandi starf. Skólastjórnendur sóttu fjölmörg erindi og kynningar. Sérkennarar og þroskaþjálfar sóttu erindi og námskeið sem hæfðu þeirra sérhæfingu. Annar þroskaþjálfari skólans sótti m.a. námskeið um skólafærni. Starfsmenn og kennarar skólans sóttu fjölmörg önnur námskeið og fræðslufundi og voru ötulir að miðla af reynslu sinni til annarra starfsmanna á kennarafundum með stuttum erindum.

Starfað var samkvæmt gildandi símenntunaráætlun. Kennarar fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera grein fyrir henni í starfsmannaviðtölum. Kennarar skila allir yfirlitsblaði yfir endurmenntun sína ár hvert.

Ráðningar starfsfólks

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum á skólaárinu. Í ágúst 2010 bættust sex nýir í starfshópinn, þrír kennarar, tveir skólaliðar og einn í tölvu- og upplýsingatækni. Einn kennaranna komu til að leysa af í fæðingarorlofi, einn kom til að leysa af í starfsleyfi og einn til að leysa af í veikindaleyfi. Kennarinn í fæðingarorlofi kom til starfa á ný í apríl. Í janúar 2011 fór nnað þroskaþjálfinn í fæðingarorlof og var þroskaþjálfari fenginn í afleysingu á sama tíma. Loks fór ritariinn í veikindaleyfi á vormánuðum og var fengin afleysing fyrir hann. Allir nýir starfsmenn voru kallaðir í viðtal. Við ráðningu var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans hefði það helsta hlutverk að starfa með börnum þó svo að hver starfsmaður hefði einnig sitt nánara verkefni. Þó var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf allra annara starfsmanna ef aðstæður krefðust. Það er stefna skólans að allir þeir sem sinna kennslu í skólanum hafi kennsluréttindi og gekk það eftir.

Forföll starfsmanna

Þegar kennarar forfölluðust var leitast við að tryggja að störf nemanda fylgdu kennsluáætlun og skólanámskrá. Áfram var unnið eftir samkomulagi kennara við Garðabæ þar sem ákvæði í samningnum gerði ráð fyrir því að kennarar bættu á sig forföllum annarra kennara í teymum án sérstakrar greiðslu. Þetta fyrirkomulag átti við um forföll á fyrsta degi. Þá sinntu kennarar, forfallakennara og skólustjórnendur forfallakennslu þegar við átti. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna. Þegar bornir eru saman forföll kennara á milli ára hefur veikindadögum fækkað um 54% en veikindadagar barna haldast óbreyttir. Sjá nánar forföll skólaársins 2010-2011 í töflunni hér að neðan.

	Veikindi	Veikindi barna	Samtals
Kennarar	96	57	153
Aðrir	66	9	75
Samtals	162	66	228

Samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara

Í júní 2010 undirrituðu fulltrúar Garðabæjar og kennara Sjálandsskóla samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara. Var þetta sambærilegt samkomulag og gildi á skólaárinu 2009-2010. Samkomulagið fól í sér að vinnutímaákvæði kennara yrðu hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu frá kl. 8 – 17 og innan þeirra tímamarka væri öll vinnuskylda kennara. Markmið samkomulagsins var að tryggja enn frekar vinnuumhverfi þar sem kennarar vinna saman sem hópur fagmanna að undirbúningi, framkvæmd og mati skólastarfs, undir verkstjórn skólustjóra; nemendum, starfsmönnum og skólastarfinu í heild sinni til bóta.

Það er mat kennara og skólustjórnenda að vinna samkvæmt samkomulagi sé mjög mikilvæg fyrir skólastarf í Sjálandsskóla og mikilvægt að allra leiða sé leitað til þess að halda því áfram.

Starfmannasamtöl

Starfmannasamtöl voru í mars og apríl og tóku skólustjórnendur þau við kennara og starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtölin við skólaliða. Í starfmannasamtölum var stuðst við umræðublað sem starfsmaður hafði fengið sent fyrir viðtalið. M.a. er rædd upplifun starfsmannsins í vinnunni, starfsánægja, starfið sjálft, samskipti og líðan á vinnustaðnum og hvaðeina annað sem starfsmaður og stjórnendur telja að þurfi að ræða.

YTRI TENGSL

Hátíðarsalur Sjálandsskóla var nýttur til fjölmargra viðburða. Til að mynda var haldið ársþing samtaka áhugafólks um skólaþróun, íbúafundur nærliggjandi fjölbýlishúsa, hverfaskiptir íbúafundir á vegum Garðabæjar, skemmtikvöld á vegum foreldrafélags Sjálandsskóla, skemmtanir á vegum Sjálandsskóla, skemmtanir á vegum Alþjóðaskólans nokkur afmæli og veislur.

Fjölmargir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. m.a.:

- Kennarar frá grunnskóla Vestmannaeyja
- Kennaranemar úr Háskóla Íslands – menntavísindasviði
- Skólafólk tengt Comeniusarverkefninu „Fit for life, fit for Europe“
- Álftanesskóli
- Skólafólk frá Færeyjum
- Norðlingaskóli
- Grunnskóli Grindavíkur

- Hafnarfjarðarbær – byggingasvið
- Korpuskóli
- Grunnskólinn á Kirkjubæjarklaustri
- Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit
- Valhúsaskóli
- Comeniusargestir frá Flataskóla
- Grunnskóli Vestmannaeyja
- Grunnskólanemendur frá Finnlandi
- Lækjarskóli í Hafnarfirði
- Hvaleyarskóli
- Öldutúnsskóli

Stjórnendur og kennarar skólans aðstoðuðu líka fjölmarga kennaranema með því að svara spurningalistum, viðtölum og aðstoðuðu nokkra nema með lokaritgerð. Fjölmargir foreldrar og aðrir sem vildu kynna sér starfsemi skólans komu í heimsókn.

Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþrótt- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök.

Sjáländsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólastarfs.

- Skólastjórnendur og kennarar 1.- 2. bekkjar áttu í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Skólastjóri og kennari í 7. bekk áttu samráð við Flataskóla, Hofstaðaskóla og Garðaskóla vegna flutnings nemenda í og úr Sjáländsskóla.
- Náíð samstarf var við leikskólann Sjáländ og gagnkvæmar heimsóknir nemenda og starfsfólks reglulega allan veturinn. Unnið er að þróunarstarfi í samráði við leikskólann.
- Allur skólinn átti mikið og gott samstarf við Alþjóðaskólann.
- Skólinn átti gott samstarf við starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar í Sjáländi.
- Samráð og samvinna var við félagsmiðstöðina Garðalund.
- Samráð haft við Stjórnuna og skátafélagið Vífil vegna ýmissa verkefna.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt vann að þróun upplýsinga- og tæknimenntar í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.
- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Sjáländsskóli hélt helgistund í Vídalínskirkju í samstarfi við sóknarprest.
- Nemendur tónlistarskóla Garðabæjar sem lögðu stund á hljóðfæranám í Sjáländsskóla héldu vortónleika í skólanum.
- Nemendur skólans fóru í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.

- Kennarar og þroskaþjálfari í unglingadeild áttu samstarf við FG vegna fjarnáms nemenda og flutnings nemenda milli skóla.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólustarfsins.
- Kennara og starfsfólk átti fagfundi með grunnskólum Garðabæjar tvisvar á sl. skólaári.
- Skólinn tók þátt í Comeniusarverkefninu „Fit for Life – fit for Europe“.

Tengsl við menntamálaráðuneytið og aðrar ríkisstofnanir

Skólinn tók þátt í heimaskólaverkefni Kennaraháskóla Íslands sem felst í því að Sjálandsskóli fóstrar kennaranema öll þrjú ár nemans í náminu. Í vetur voru fimm nemar í heimaskólaverkefninu. Auk þeirra voru 2 aðrir kennaranemar frá Listaháskólanum og tveir frá Háskólanum í Reykjavík í vettvangsnámi við skólann í vetur. Nemendur í 10. bekk voru tilraunahópur í notkun kennsluefnisins CO2 og vorum við í samstarfi við Námsgagnastofnun vegna þess.

SKÓLAÁRIÐ

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar skólaárið 2010-2011 alls sex. Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldradagar, dagur vegna jólaskeppunnar, öskudagur og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 20. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var 21. til og með 25. febrúar og páskaleyfi 15. apríl til og með 25. apríl. Kennsla féll niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 17. september, 18. október, 3. -4. janúar og 7. júní.

Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá hefðbundnu skólustarfi hjá öllum nemendum skólans voru:

7. september	Gróðursetningardagur
29. september	Íþróttadagur
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
29.- 30. nóvember	Jólaþema
1. desember	Fullveldishátíð
23. apríl	Dagur umhverfisins
13. maí	Unicefhreyfingin

31. maí Innilega

3.júní Íþróttadagur

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Aðeins öskudagur var einum tíma styttri en venja er. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 8).

SKÓLADAGUR NEMENDA

Skólastarf hefst kl. 8:15 og lýkur klukkan 14:05.

Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana. Nemendur geta mætt í skólann frá klukkan 7:30 á morgnana en 2 starfsmenn sjá um gæslu til klukkan 8:00 þegar starfsmenn almennt mæta.

Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum lengd viðvera til klukkan 17:15 sem er starfrækt á vegum tómstundaheimilis skólans Sælukots.

Nemendur fá 10 mínútna langan nestistíma og 20. mínútna útvistartíma f.h. sem hefjast kl. 9:35 – 9:50 . Þeir eru tvískiptir þannig að 1.-4. byrjar útvist á meðan 5.-7. er í nesti. Kl. 9:50 – 10:10 fer . 1.-4. bekkur fer í nesti og 5.-7. bekkur fer í útvist. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofunni og lögð áhersla á að nemendur komi með ávexti eða grænmeti.

Sami háttur er hafður á í hádegishléinu kl. 12:10-13:00. 5.-7. bekkur ásamt unglíngadeild byrjar í hádegismat í matsalnum kl: 12:10 – 12:35 á meðan er 1.-4. bekkur í frímínútum. Kl. 12:35- 13:00 fer 1.-4. bekkur í nesti og 5.-7. bekkur í frímínútur. Í hádegishléi er borðað í matsalnum. Nemendur í 8.-10.bekk fara í kennslu klukkan 12:35. Nemendum gefst kostur á að kaupa hádegismat í skólanum eða koma með nesti.

Starfsmenn skipta með sér gæslu í báðum þessum frímínútum bæði úti og inni eftir því sem við á.

Nemendur sækja íþróttakennslu og sund í íþróttahúsi Sjálandsskóla eina klst. á viku í hvorri grein. Auk þess fara nemendur í útikennslu einn dag í viku alls þrjár kennslustundir.

Á samkomusal komu nemendur í 1.-7.bekk saman á hverjum morgni í hátíðarsalnum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og allir starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Í 8.og 10.bekk hófst kennsla strax klukkan 8:15. Nemendur í 8.og 10.bekk komu af og til í morgunsöng.

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í fyrra nesti snæddu nemendur nesti að heiman. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hefðu grænmeti eða ávexti í morgunnesti. Eindregið var hvatt til þess að allir nemendur fengju heitan mat í hádeginu. Nemendur geta valið hve oft þeir kaupa heitan mat í hádeginu. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng.

Hver kennslustund hjá 1.-7.bekk var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel. Kennslustundir hjá 8. og 10.bekk voru ýmist 40 eða 60 mín.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum nemendum í 1.-7. bekk. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem að allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5., 6. og 7. bekkur bekkur ívið styttri. Á mánudög voru nemendur í 8. og 10. bekk bekk í kennslu til 14:50 á öðrum dögum lauk skóladegi þeirra kl. 14:05. Unglingadeildin hefur styttri frítíma á milli kennslustunda og voru því með lengri kennslutíma þrátt fyrir að lengd skóladagsins væri sú sama 4. daga vikunnar. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Gafst þetta fyrirkomulag skóladags afar vel og hefur því verið haldið áfram. Sérstakir foreldraviðtalsdagar voru teknir á haustönn og vorönn. Var þetta nýbreytni í skólastarfinu sem gafst vel. Engir sérstakir prófdagar voru teknir.

SKÓLAHÚSNÆÐI- SKÓLALÓÐ

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjálandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna.

Skólalóðin

Á lóð við 2. áfanga skólans eru nokkur svæði sem nýtast vel í skólastarfinu. Við norðurenda íþróttahúss er þrek- og teygjustöð, Við vesturenda hringsvið, áttaviti og skákborð og á suðurhlið hópeflistöð.

Fjaran og Arnarnesvogurinn

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunholtslæk skiptir miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki

leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór stundum með barnahópa í „veiðiferðir“ niður í fjöru í frímínútum vor og haust. Afliinn var settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í anddyri skólans.

Öllum nemendum 5.-10. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó haust og vor. Haldið var sérstakt þriggja daga námskeið, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar stráka í meðferð kajakanna. Við opnun sundlaugar opnaðist nýr möguleiki í starfi siglingaklúbbsins. Sjálandsskóli eignaðist sl. vor 6 litlir sem henta einstaklega vel til æfinga í lauginni.

Skólahúsnæðið

Skólaárið 2010-2011 var nýting á skólahúsnæðinu svohljóðandi: öll heimasvæðin voru fullnýtt til kennslu og annar áfangi skólans var tekin í notkun. Í öðrum áfanga er hátíða og matsalur, eldhús, tónlistarmiðstöð (tónmenntastofa og 5 herbergi til hljóðfæranáms), íþróttamiðstöð (3 íþróttasalir og sundlaug) og tómstundaheimili. Nýja húsnæðið hefur nýst afar vel og hentar skólastarfinu mjög vel.

Heimasvæði

Þetta skólaár var nemendum skipt á milli heimasvæða með eftirfarandi hætti. 1.-4. bekkur var saman á neðri heimasvæði í 5 umsjónarhópum, 5.-6. bekkur var saman á efra heimasvæði í 3 umsjónarhópum. 7. bekkur var á efri hæð í syðri álmu. Unglingdaeildinn með nemendum í 8.-10. bekk voru á heimasvæði á neðri hæð í syðri álmu. Alþjóðaskólinn var með umsjónarsvæði á efri hæð syðri álmu.

Sérgreinastofur

Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð Sjálandsskóla. Nokkuð hefur bæst í bókakost safnsins og nokkrir nemendur og aðrir Garðbæingar hafa gefið bækur til skólasafnsins.

Innangengt er á milli saumastofu (textílmennnt), myndmenntastofu og smíðstofu (hönnun og tæknimennt) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuaðstöðu. Smíðakennsla fór fram í smíðastofu.

Íþróttakennsla fór fram í nýju íþróttasölunum. Fyrstu og síðustu vikur skólaársins fór kennslan fram utandyra.

Samfélagsmiðstöð

Á skólaárinu hefur skólinn verið sannkölluð samfélagsmiðstöð. Skólahúsnæðið nýtist mörgum bæjarbúum og fjölmargar stofnanir, félagasamtök og skólar notfæra sér skólabygginguna og er starf í henni flesta daga vikunnar frá morgni til kvölds.

Meðal notenda eru: Sjálandsskóli, Alþjóðaskólinn, Leikskólinn Sjáland, Tímstundaheimilið Sælukot, Símenntunarmiðstöðin Klifið, Tónlistarskóli Garðabæjar, Félagsmiðstöðin Garðalundur, Jónshús, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Ungmennafélagið Stjarnan, Júðofélag Garðabæjar, ungbarna- og meðgöngusundið, Dance Center og Kajakfelagið er með aðstöðu í kajakgeymslu skólans.

ÁHERSLUR Í STARFI SJÁLANDSSKÓLA ÁRIÐ 2010 – 2011

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2010 – 2011 voru samkvæmt skólaskýrslu 2009 – 2010 og starfsáætlun:

- Koma samstarfi Sjálandsskóla og Garðalundar í ásættanlegt horf.
- Hefja kennslu í framhaldsskólaáföngum á unglingastig með samstarfi við FG.
- Meta skólastarfið með þátttöku alls skólasamfélagsins með hliðsjón af skólastefnu Garðabæjar 2010-2013.
- Rýna þemu á yngsta og miðstigi með hliðsjón af því hversu vel við „þekjum“ aðalnámskrá í náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, upplýsinga- og tæknimennt.
- Áhersla á að taka Mentor kerfið í aukna notkun og hefja innleiðingu á að setja markmið aðalnámskrár inn í kerfið. Undirbúningur fyrir að setja námsmatið í Mentor haustið 2012 í áföngum.
- Skerpa áherslur í íslensku og stærðfræðikennslu á miðstigi.
- Skerpa viðmið og leiðbeiningar um heimalestur og aðra heimavinnu.
- Einfalda sjálfsmatsferli skólans með hliðsjón af skýrslu matsaðila sem gerðu ytra mat á starfi Sjálandsskóla vorið 2010 (sjá sérstaka skýrslu).
- Samstarf við evrópska skóla í Comeniusarverkefninu *Fit for life, fit for Europe*.
- Áhersla á að Sjálandsskóli verði heilsueflandi grunnskóli í samvinnu við Lýðheilsustöð.

TYLLIDAGAR OG VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU

Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að löggin höfði til sem flestra nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög.

Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þeim sem voru í gangi hverju sinni. Við fengum einnig góða gesti m.a. tónlistarmenn og leikara frá Færeyjum og tónlistarmann frá Grænlandi sem komu á vegum Norræna hússins.

Gróðursetningardagur í Sandahlíð

Sjáländsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með allan nemendahópinn Þriðjudaginn 7. september í gróðursetningar- og útivistarferð. Nemendahópnum var fjórskipt í vinnu. Á meðan einn hópur plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar voru hinir við leiki í Guðmundarlundi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og svo var frjáls leikur á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

1. des. Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 8. bekk fluttu dagskrá sem var samansett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var fluttur var sýnd glærusýning með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum sungu nemendur Sjáländsskóla tvö ættjarðarlög. Nemandi úr Sjáländsskóla sem stundar nám við Tónlistarskóla Garðabæjar lék á lúður. Dagskráin gekk vel.

Jóladagskráin

Í desembermánuði tók skipulag skólstarfsins nokkuð mið af jóluum. Dagana 29.-30 nóvember var jólaþema þar sem öllum nemendum Sjáländsskóla ásamt Alþjóðaskólans var blandað í hópa. Kennarar skólanna sáu um undirbúning og skipulag þemadaganna. Nefndina skipuðu Sigrún textílakennari, Sóldís myndmenntarkennari, Árni Már

smíðakennari, Helga Björk umsjónarkennari í 1.-2.b., Íris Björk umsjónarkennari í 3.-4.b, Margrét Þ. umsjónarkennari í 5.-6.b. , Sesselja umsjónarkennari í 7.b. , Sigríður Gísla. Þroskaþjálfari sem var f.h. unglingsstigsins og Kirsten sem var f.h. Alþjóðaskólans.

Nemendum var skipt í hópa með 15 - 18 nemendum í hverjum hóp. Árgangarnir unnu saman og var skipt niður í vinnuhópa þannig að: 1. – 3. bekkur, 4. – 6. bekkur, 7. – 9. bekkur unnu smana en 10. bekkur vann sér. Hver nemandi fór á fjögur svæði en tímalengd hvers hóps á hverju svæði var um klukkutími. Unnið er í 2 og 3 kennslustund í verkefninu báða dagana. Afurðirnar voru notaðar til að jólaskeyta skólann.

Verkefnin voru eftirfarandi:

1.- 3 bekkur:

Könglaföndur – nemendur mála köngla og festa í þá spotta til að hengja þá upp.

Poppkorn á bandi – nemendur þræða poppkorn upp á band.

Kransar – nemendur búa til litla kransa með því að vefja pípuhreinsurum upp á pappahring.

Jólahjörtu – nemendur klippa út hjörtu og festa á band.

Dagatal – nemendur búa til dagatal úr filtefni, einn vasi fyrir hvern dag 1 – 24.

Stjarna og jólatré– nemendur búa til stjörnu úr kartoni.

4.- 6. bekkur

Jólatrésdúkur – nemendur búa til litla búta með jólaorðum, þeir eru svo settir saman í einn jólatrésdúk sem er notaður undir jólatré skólans.

Piparkökubakstur – nemendur baka piparkökur sem allir fá að smakka á þegar skólinn er skreyttur.

Stjarna – nemendur búa til stjörnu úr silkipappír.

Stjarna – nemendur búa til stjörnu úr auglýsingarblöðum.

Krukkur – nemendur mála krukkur sem eru svo notaðar fyrir sprittkerti.

7.- 9. bekkur

Jólatré – nemendur búa til jólatré úr tré og mála.

Myndir – nemendur búa til silkipappírsmýndir.

Jólakúla – nemendur búa til jólakúlu Sorpu,

Piparkökubakstur – Nemendur fengu piparkökur þegar skólinn var skreyttur

Punktalist – nemendur bjuggu til myndir með tækni punktalistar.

10. bekkur

Aðventukrans – nemendur bjuggu til aðventukrans úr trölladeigi og máluðu.

Jólakúllur – nemendur bjuggu til jólakúlu með því að nota blöðrur og pappamassa.

16. desember

Kirkjuferð í Vídalínskirkju kl. 11. Allir nemendur ásamt starfsfólki gengu fylktu liði til Vídalínskirkju þar sem Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur.

17. desember – litlu jólin

Skipulag dagsins var eftirfarandi:

Jólaskemmtun kl. 8.30 – 10.00

9. bekkur

3./4. bekkur

Helgileikur

„Stofujól“ 10.05.-10.40

Dansað í kringum jólatré 10.45. – 11.15.

Comeniusarleikar

Comeniusarleikar voru haldnir 1. desember í lotu 2. og 3. Hver hópur var 10 mín á hverri stöð. Þar léku 1. -7. bekkur eftirfarandi leiki: orrustuleik, landamæraleik, munk, kjúllaleik, eitur í flösku, bulldog, eltingaleik, 123 boðhlaup, snerta 3 hluti, snú snú, brennó og kaðlaleik. Þegar allir nemendur höfðu prófað að leika alla leikina völdu þeir 3 uppáhalds leikina sína. Þannig fundum við út hvaða leikir eru vinsælastir meðal barnanna í skólanum. Þeir vinsælustu leikirnir verða framlag Íslands til leikjabókar ásamt þremur leikjum frá ömmu og afa og mömmu og pabba. Leikjabókin verður tilbúin eftir fyrsta hluta verkefnisins.

Skipulagið á deginum var eftirfarandi:

Leikur	Staðsetning
1. Orrustuleikur	Brettapallar
2. Munkur	Gæsaskítstún
3. Landamæraleikur	Gæsaskítstún nær brettapöllum
4. Kjúllaleikur	Gæsaskítstún hjá bílastæðum
5. Eitur í flösku	Grasvellinum við unglingsdeild
6. Bulldog	Battavöllur
7. Eltingaleikur	Körfuboltavöllur
8. 1 2 3 boðhlaup	Undirgöngin
9. Snerta 3 hluti	Skólalóðin við eina krónu ljósastaur
10. Snú snú	Malbik við spariinngang
11. Brennó	Á malbikaða brennóvellinum
12. Kaðlaleikur	Úti fyrir framan heimasvæði 12eða34eða56

Dagurinn tókst vel í alla staði, allir glaðir og ánægðir nemendur sem og kennarar.

Öskudagurinn

Á öskudegi var brugðið út frá hefðbundnu skólstarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Fyrsta stund fór í undirbúning söngatriða og hlutverkaleiki í búningum. Að loknum frímínútum var skemmtun og dans í samkomusal skólans. Að henni lokinni opnuðu ýmsar stöðvar í skólanum þar sem nemendur gátu m.a. slegið „Köttinn úr tunnunni“, farið í gegnum draugahús sem nemendur 8. bekkjar útbjuggu, farið í limbó, gengið á stultum og hoppað í hoppukastala.

Klukkan 11 opnuðu þrettán „verslanir“ í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið höfðu foreldrar gefið til skólans. Dagurinn endaði síðan með hádegisverði. Dagurinn tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með þennan dag. Nemendur í unglingsdeild lögð gjörva hönd á plóginn á þessum degi og fá sérstakar þakkir fyrir sitt framlag.

Íþróttadagar

22. október 2011

Íþróttadagur bar haldinn 22. október og tóku nemendur í 1.-7. bekk þátt í deginum. Nemendum var skipt niður í hópa í 1.-4. bekk og í 5.-7. bekk. Undirbúningi dagsins komu Davíð, Helgi og Hrafnhildur Sævars.

Fyrirkomulag dagsins var með eftirfarandi hætti að hver hópur var eina lotu á :

	Lota 2 – 10.10-11.10	Lota 3 – 11.10-12.10
Íþróttahús	1.-4. Bekkur	5.-7. bekkur
Útisvæði	5.-7. Bekkur	1.-4. bekkur

Íþróttahús

Hang og upphíingar fyrir neðan hús, Stórfiskaleikur í stórasal, Borðtennis (pallur), Snú snú og sipp – fyrir utan hátíðarinnangang, Bandý (í danssal)

Skipulag: t.d. 10 mínútur á stöð, nema starfshópurinn ákveði annað.
Starfsmenn: Ingveldur, Helga, Þórey, Davíð, Sesselja, Árni Freyr, Linda,

Skólalóð

Fótbolti á battavelli, Körfubolti á körfuboltavelli, Stinger á körfunni sem er stök, Brennó á brennóvellinum, Kubbur á grasvelli.

Skiplag: Þau fá að velja þrennt af fimm. 20 mínútur á stöð.
Starfsmenn: Ingunn, Íris, Margrét Þ, Hrafnhildur Sig., Jóhanna, Fanney, Ólafur,

Mat:

Dagurinn tókst í alla staði mjög vel, allir glaðir enda veðrið frábært.

3. júní 2011

Annar íþróttadagur var haldinn þann 3.júní. Allir nemendur í 1.-10. bekk tóku þátt.

Hver hópur var eina lotu á hverri stöð og var með eftirfarandi hætti:

	Lota 1 - 8.35-9.35	Lota 2 – 10.10-11.10	Lota 3 – 11.10-12.10
Íþróttahús	1.-4.bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Ylströnd	8.-10. bekkur	1.-4.bekkur	5.-7. bekkur
útisvæði	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur	1.-4.bekkur

Íþróttahús

Hang og upphíingar fyrir neðan hús, Stórfiskaleikur í sal, Borðtennis (pallur), Snú snú og sipp í við hátíðarinngang, Bandy (í litla sal eða úti á túni fyrir framan hátíðarinngang), Aukalega fyrir litlu hoppukastali í sal.

Skólalóð

Fótbolti á battavelli, Körfubolti á körfuboltavelli, Stinger á körfunni sem er stök, Brennó á brennóvellinum, Kubbur á grasinu, Kýló, Hjólabrettapallar (allan tíman)

Skiplag: Þau velja þrennt af fimm. 20 mínútur á stöð.

Ylströnd

Blak, Boccia, Skotbolti, Munkur, Vaða/búa til sandkastala

Skiplag: Frjálst val.

Eftir hádegi:

Nemendur í 1.-10. bekk fóru í göngu um Arnarnesið.

Dagurinn tókst vel þrátt fyrir að lofthitinn hafi ekki verið hár.

Lífshlaupið

Lífshlaupið stóð frá 2. – 22. febrúar. Bæði nemendur og starfsfólk tóku þátt. Starfsfólki skólans var skipt í 4 lið; Kormákur, Drengur, Neisti og Höttur, og skráði hver og einn sína hreyfingu inn á vef lífshlaupsins. Kennarar í hverjum umsjónarhópi skráðu hreyfingu nemenda á hverjum degi. Nemendur þurftu að hreyfa sig að lágmarki 60 mínútur á dag til að fá daginn skráðan. Nemendur voru virkilega duglegir og hreyfðu sig mikið og skilaði það hópnum í 3. sæti í heildar keppninni. Starfsfólk skólans lenti í 15. sæti. Það setti þó strik í reikninginn hjá okkur að vetrarfrí kom inn í mitt átakið og var því skráð hreyfing minni en ella.

Árshátíð unglिंगadeildar

Árshátíð unglिंगadeildar Sjúalandsskóla var haldin fimmtudaginn 7. apríl . Nemendur stóðu að undirbúningi árshátíðar með aðstoð frá kennurum unglिंगadeildar. Nemendur bjuggu til skreytingar og skreyttu hátíðarsalinn, útbjuggu auglýsingar og æfðu skemmtiatriði.

Húsið opnaði kl. 18 og hófst með fordrykk og myndatöku við sérhannaðan vegg sem nemendur höfðu útbúið. Fljótlega byrjuðu skemmtiatriði frá nemendum og kennurum. Á milli atriða var borðaður hátíðarkvöldverður. Leynigestur kvöldsins var Erpur Eyvindarson sem hélt upp góðri stemningu í hálf tíma. Klukkan 21:00 fóru nemendur á sameiginlegt ball Sjúalandsskóla og Garðaskóla sem haldið var í Ásgarði. Þar héldu Cliff

Claven, Páll Óskar og Friðrik Dór uppi fjöri til 24:00. Að balli loknu voru rútur sem óku nemendum heim. Fyrsta árshátíð unglingsdeildar Sjálandsskóla var vel heppnuð og voru nemendur og kennarar ánægðir með kvöldið.

Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna/skólann átti stóð frá 4. – 24. maí. Bæði starfsfólk og nemendur tóku þátt í verkefninu og eins og áður voru nemendur virkilega duglegir að koma í skólann fyrir eigin vélarafli. Starfsfólki skólans var skipt í þrjú lið og skráði hver og einn hversu marga km. hann hjólaði á hverjum degi á þar til gert blað sem liðstjóri í hverju liði skráði svo á vefinn. Nemendur fengu stig fyrir að koma í skólann fyrir eigin vélarafli; hjólandi eða gangandi. Nemendur 1.-4. bekkjar söfnuðu perlum á band fyrir hvern dag sem þeir komu fyrir eigin vélarafli í skólann. Þessi umbun virkaði hvetjandi á hópinn.

Unicefhreyfingin

Þann 20 .maí tóku allir nemendur skólans þátt í Unicefhlaupi. Nemendur Alþjóðaskólans tóku einnig þátt með okkar nemendum. Nemendur hlupu frá 1 og upp í 18 km hver. Fyrir daginn höfðu nemendur safnað áheitum meðal ættingja sinna. Starfsmenn skiptust á að standa við hlaupaleiðina og aðstoða nemendur ef þörf var á. Skemmst er frá að segja að hlaupið tókst frábærlega vel og söfnuðu nemendur Sjálandsskóla 361.200 krónum.

Lionshlaup

Hið árlega Lionshlaup var haldið 11. maí 2011. Nemendur 5. bekkjar tóku þátt og var þetta boðhlaup á milli umsjónarhópanna þriggja. Sex nemendur tóku þátt úr hverjum bekk.

Það voru félagar úr Lionsklúbbum Eik í Garðabæ sem stóðu fyrir hlaupinu eins og undanfarin ár og spjölluðu þeir aðeins við nemendur áður en hlaupið hófst. Kjartan Atli Kjartansson þjálfari og leikmaður meistaradeildar körfubolta í Stjörnunni kom einnig og ræddi við nemendur um heilbriggt líf og tilefni hlaupsins.

Nemendur stóðu sig mjög vel í hlaupinu, bæði keppendur og stuðningsmenn sem hvöttu liðin ákaft áfram. Allir nemendur 5. bekkjar fengu viðurkenningarskjöl og A bekkurinn sem bar sigur úr bítum þetta skiptið hlaut verðlaunabikarinn og einnig fengu allir nemendur hans verðlaunapeninga um hálsinn. Veðrið var frábært, sól og 15 stiga hiti og heppnaðist hlaupið eins vel og hugsast gat.

Innilega , útilega og vorhátíð

30. -31. maí var útivistardagur og innilega í Sjálandsskóla. Með yfirumsjón fóru Helgi Grímsson skólastjóri og Edda Björg Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku síðan þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á matartilbúningi en samið var við Heitt og kalt um að útvega kvöldmat þetta kvöld og nesti í hádeginu daginn eftir. Þeir nemendur sem ekki voru í mataráskrift greiddu 500 krónur í fæðisgjald. Mánudaginn 30. júní var farið með rútum að Kaldárseli. Í boði voru þrjár mismunandi gönguleiðir.

Nemendur í 8. -9. bekk fóru í útilegu í Hvalfjörðinn og gistu í félagsheimilinu Drengur í Kjós. Nemendur byrjuðu á því að fara í sund í Mosfellsbæ. Þegar komið var á afgangastað var farið í gönguferð og snædd sameiginleg kvöldmáltíð. Nemendur í 10. bekk fóru í tveggja náttu ferð í Þórsmörk. Farnar voru stuttar gönguferðir og borðuð ein sameiginleg máltíð.

Nokkur misbrestur var á að foreldrar sem ætluðu með rútunni í Helgafellsgönguna létu vita þannig að þegar til kom vantaði sæti í rútuna. Það var leyst en tafði lítilla brottför. Allar ferðirnar heppnuðust vel þrátt fyrir fremur lágt hitastig m.v. árstíma og rok.

Dagskráin var eftirfarandi:

Mánudaginn 30.maí

Nemendur komu með farangur í skólann, sunginn morgunsöngur og stutt umsjón með umsjónarkennara. Þá var farið af stað í Helgafellsgönguna. 15-20 foreldrar tóku þátt í göngunni með okkur og var það mjög ánægjulegt. Komið var tilbaka um klukkan tvö og fengu þá börnin sér nesti. Að því loknu tók við dótadagur, bíómynd og frjáls tími til undirbúnings kvöldvöku. Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt.

Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin grillaða hamborgara. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar sem nemendur skemmtu með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Yngri nemendur áttu að vera komin í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósin voru slökkt. Foreldrafélagið skipti mér sér vöktum frá því að nemendur komu úr fjallgöngunni þar frágangi var lokið á hádegi daginn eftir.

Starfsmenn skiptu með sér vöktum þennan dag.

Þriðjudagurinn 31.maí

Nemendur vöknudum um klukkan átta. Eftir morgunmat gengu þeir frá dótinu sínu og heimasvæðunum. Eftir það fóru nemendur ásamt sínum umsjónarkennara í dagsferðir af ýmsum toga. Skóladeginum lauk á hádegi.

SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA

Virkt foreldrasamstarf er einn af hornsteinum góðs skólastarf og það þarf gott samstarf starfsmanna, foreldra og nemenda til að skapa góðan skóla. Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barna sinna, hvetji barnið áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga. Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarþekkja, foreldrafélags og foreldraráðs.

Viðamikil viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra í nóvember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar eru fylgiskjal 4. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar ánægðir með starf Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Niðurstöður könnunarinnar var vegvísir fyrir starfið á vorönn og fyrir næsta skólaár og mikilvægar ábendingar foreldra notaðar til að gera enn betur.

Samstarf kennara og foreldra

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi þann 24. ágúst. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru haldnir tveir sérstakir foreldraviðtalsdagar sá fyrri var 19. október og seinni 26. maí. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara.

Foreldraheimsóknir

Fjölmarginir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Allir hópar héldu kynningar og aðrar uppákomur með forráðamönnum og var almenn ánægja með það. Markmið skólans var að allir nemendur kæmi a.m.k. einu sinni fram í morgunsöng. Það tókst og margir komu mun oftár fram en það.

SKÝRSLA FORELDRAFÉLAGS SJÁLANDSSKÓLA

Á skólaárinu 2010 -2011 skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla:

Pórey Ólafsdóttir, formaður

Guðrún Kristjánsdóttir, varaformaður

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, gjaldkeri

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, ritari

Auður Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Jóna Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi

Meðfylgjandi er yfirlit yfir starfsemi félagsins í vetur

Í skólabyrjun stóð foreldrafélagið fyrir fundi með bekkjarfulltrúum. Farið var yfir fyrirhugaðar upptakur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa kynnt. Rætt var um bekkjarkvöld og vinahópa og var það sett í hendur bekkjarfulltrúa að koma þeim á með viðkomandi kennurum.

Settir voru fastir fundir yfir allt skólaárið sem virkaði mjög vel, hádegisfundir sem haldnir voru fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði og voru bekkjarfulltrúar einnig boðaðir.

Gönguklúbbur Sjálandsskóla var stofnaður en ráðgert var að stefna fólki saman einu sinni í mánuði en þátttaka var frekar dræm og því var ekki um neinar göngur að ræða eftir áramót.

Í desember stóð foreldrafélagið fyrir laufabrauðssteikingu í skólanum með nemendum og foreldrum. Það var vel heppnað og verður væntanlega árlegt.

Árlegt páskabingó fórst fyrir vegna anna stjórnenda en rætt var um mikilvægi þess að halda það á næsta skólaári.

Foreldrafélagið lagði sitt að mörkum í innilegunni sem heppnaðist mjög vel.

Á þessu skólaári voru innheimt foreldrafélagsgjöld. Næsti Aðalfundur félagsins verður næsta haust en þá verður ný stjórn kosin.

Foreldrafélagið hefur átt fulltrúa í Grunnstoð Garðabæjar. Starfsemi Grunnstoðar hefur verið öflug en Grunnstoðin stóð fyrir skemmtilegum fræðslufundi sem haldin var í Sjálandsskóla.

Framundan: Nýtt skólaár með nýjum væntingum en eitthvað þarf að vinna í skólamatnum að mati félagsins en félagið mun án efa hefja starf sitt af miklum krafti strax við skólabyrjun.

Fyrir hönd Foreldrafélags Sjálandsskóla,

Pórey Ólafsdóttir, formaður

ÞRÓUNARVERKEFNI Á SKÓLAÁRINU

Áfram var unnið markvisst að þróun skólastarfsins og var skólafélag Garðabæjar 2010-2013 var leiðarljós í þeirri vinnu. Innleiðing skólafélags Garðabæjar hófst haustið 2010. Sjálfsmatsteymi skólans er skipað Helga Grímssyni skólafélags, Bryndísi Ráðgjafar, Ingunni Þóru Hallsdóttur umsjónarkennara og Margréti Helgadóttur umsjónarkennara. Skólinn vinnur eftir sjálfsmatskerfinu Gæðagreinin.

Hópurinn fór vandlega í gegnum skólafélag Garðabæjar, rýndi í spurningalista sem voru lagðir fyrir foreldra og kennara. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á kennarafundi og haldið var skólafélag þar sem fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda ræddu niðurstöðurnar og komu með tillögur að leiðum að þeim markmiðum sem voru til umfjöllunar. Sjálfsmatshópurinn ásamt skólaráði tók niðurstöður þingsins saman og kynnti kennurum stöðu skólans gagnvart starfsáætlun skólans 2010 – 2011. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að veigamiklir áherslupættir í skólafélag Garðabæjar eru sannir hornsteinar skólafélagsins í Sjálandsskóla. Það voru einkum þrjú atriði sem falla undir aðgerðarbil en tvö þeirra tengdust matarmálum og það þriðja tengist vinahópum. Skólinn hóf þegar áætlun um vinahópa í samstarfi við foreldra. Sjá skýrslu sjálfsmatshóps (fylgiskjal 6).

Helstu þróunarverkefni skólans á skólaárinu 2011-2012 voru eftirfarandi:

Heimavinna og heimalestur. Lögð var áhersla á mikilvægi heimalestrar og vinnu með texta. Skerpt var á mikilvægi þátttöku foreldra og ábyrgð þeirra á eftirliti með heimavinnu og lestri.

Áætlanavinna nemenda. Sátt var um áherslur og stíganda frá 1.-10. bekkjar.

Rýning á þrepamarkmiðum: Hafin var vinna við að rýna í áfangamarkmið aðalnámskrár í 1.-7. bekkjar í samfélagfræði, náttúrufræði og trúarbragðafræði með það að markmiði að þemu þekji öll markmið aðalnámskrár. Þeirri vinnu er vel á veg komin en ekki náðist að ljúka henni fyrir vorið.

Aukin notkun á upplýsingakerfinu Mentor: Lögð var áhersla á að auka notkun kerfisins. Skráning ástundunar, sérkennslu, dagbókar og markmiðasetningar. Vel hefur tekist til og undirbúningsvinna að því að innleiða námsmat í Mentor er á veg komin.

Garðalundur: Unnið var að því að tryggja betra upplýsingastreymi frá Garðalundi og skoðaðir kostir þess að byggja upp sjálfstæða félagsmiðstöð í Sjálandsskóla. Niðurstaða þess er að brýnt sé að skoða þá leið alvarlega m.t.t. hversu illa gengur að innleiða nemendur Sjálandsskóla í starf Garðalundar.

Skólinn sem samfélagsmiðstöð: Með tilkomu 2. áfanga er hlutverk skólans sem samfélagsmiðstöðvar orðinn umtalsverður. 14 félagasamtök, stofnanir og einkaaðilar nýta sér skólabygginguna.

Heilstæður grunnskóli: Skólinn er nú orðinn heilstæður grunnskóli með nemendum í 1.-10. bekk. Mikil þróunarvinna og orka hefur farið í þá þróunarvinnu. Vel hefur ekist til og næsta verkefni er að tryggja sameiginlega skólamenningu og samfellu innan skólans.

Grænfánaskóli: Ein af niðurstöðum skólapingisins var að sinna en frekar umhverfismálum í skólastarfinu. Liður í því era ð vinna í anda grænfánaskóla. Ekki tóksta ð reka smiðshöggð á það verk á þessu skólaári.

Sjáländsskóli – heilsueflandi skóli: Själändsskóli hefur á undaförnum árum lagt mikla áherslu á heilsurækt. Nú vinnur skóinn að því í samstarfi við Lýðheilsustöð að verða heilsueflandi skóli. Verkefnið er byggt á sambærilegum grunni og grænfánaverkefnið. Í heilsueflandi skólum fer framskólustarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Þessi markmið samrýmast vel stefnu og starfi Själändsskóla. Stefnt er að því að innleiða þetta á fjórum árum. Á næsta skólaári verður lögð áhersla á öryggi og hreyfingu.

Comeniusarverkefnið “Fit for life – fit for Europe”. Själändsskóli fékk úthlutað styrk frá Comenius project fyrir verkefni sem unnið er í samstarfi við skóla í fimm löndum í Evrópu. Verkefnið heitir Fit for life- fit for Europe eða hreysti fyrir lífið. Sjá nánar í kafla um Comeniusarverkefnið.

Comeniusarverkefnið

Själändsskóli fékk úthlutað styrk frá Comenius project fyrir skólaárið 2010-2012. Styrkurinn er veittur fyrir verkefni sem unnið er í samstarfi við skóla í fimm löndum Evrópu. Þessi lönd eru Frakkland, Þýskaland, Bretland og Spánn. Verkefnið ber yfirskriftina Fit for Europe – fit for life en íslenska vinnuheitið er hreysti fyrir lífið.

Nemendur í öllum bekkjum skólans unnu ýmis verkefni ásamt umsjónarkennurum í ensku, þema og í íþróttakennslunni voru einnig unnin fjölbreytt verkefni. Helstu áherslur verkefnisins eru á hreyfingu og matarræði en þessi viðfangsefni hafa verið áberandi í skólastarfi Själändsskóla á liðnum árum. Með þátttöku í verkefninu viljum við í Själändsskóla miðla af reynslu okkar og læra af öðrum skólum í samstarfsverkefninu.

Haustið 2010 voru allir bekkir skólans komnir með vinabekki í þeim skólum sem taka þátt í verkefninu. 1.og 2. bekkur á vinabekk í Þýskalandi. 3.-4. bekkur á vinabekki frá Leeds og Feneyjum og hefur bekkurinn verið í samskiptum í allan vetur. Fyrirkomulagið á samskiptum vinabekkjanna t.d. hjá 3. og 4. bekk hefur verið með þeim hætti að einu sinni í viku er enska á stundatöflu og fara þá nemendur í þremur hópum í tónlistar-ensku, vinnubókar-ensku eða í verkefni tengd Comeniusar verkefninu. Bekkurinn hefur fengið sent bréf frá vinabekkjunum og ýmiss konar myndir sem nemendur hafa skoðað,

lesið og haft gaman af. Hópurinn byrjaði á því að setja saman myndabók, bæði með ljósmyndum og teikningum sem krakkarnir teiknuðu af sjálfum sér. Einnig hefur bekkurinn skrifað bréf bæði til Feneyja og Leeds þar sem við annarsvegar sögðum frá jólafríinu og hins vegar frá öskudeginum. Í lok vetrar sendu nemendur svo teiknaðar hendur þar sem krakkarnir skrifuðu sumarkveðjur á og skreyttu. 5. og 6. bekkur á vinabekk í Frakklandi og 7. bekkur á vinabekk á Spáni. Vinnan með vinabekkina hefur verið með svipuðu móti og hjá 3. og 4. bekk þó að vísu hafi samskiptin milli skóla verið mismikil.

Ákveðið var að útbúa töflu með upplýsingum um löndin sem taka þátt í verkefninu. Einnig var dagatal frá öllum skólum verkefnisins hengd upp á töfluna. Á dagatalinu eru leikir frá þjóðunum þ.e. einn leikur fyrir hvern mánuð ársins með útskýringum um hvernig leikurinn fer fram. Þegar verkefnið hófst fengu nemendur 3-4 bekkjar að taka þátt í vinnu við gerð Comeniusar-veggisins í Sjálandsskóla með því að teikna og lita fána Evrópulanda og klippa út og lita stafi landanna.

Í febrúar tóku allir nemendur skólans þátt í Lífshlaupsátakinu sem við tengdum við Comenius verkefnið með því að telja kílómetra sem við fórum fyrir eigin vélarafli og margfölduðum vegalengdina með tveimur með það að markmiði að ná fjölda kílómetra sem eru á leiðinni til vinabekkjanna í beinni loftlínu.

Bekkirnir hafa nýtt útikennslutímana til að fara í leiki af dagatölum hinna landanna og þannig lært ólíka leiki frá ýmsum löndum úr Comenius samstarfinu.

Það er ósk allra þátttakenda í verkefninu að þráðurinn verði tekinn upp á næsta skólaári og samstarfinu haldið áfram við vinabekkina í útlöndum.

NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR

Sjá sérstaka skýrslu með niðurstöðum í fylgiskjali 4.

SJÁLFSMAT SKÓLA

Sjá sérstaka skýrslu Sjálfsmatshópsin í fylgiskjali 6.

SAMTANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI SKÓLASTARFSINS

Sjötta starfsár Sjálandsskóla var farsælt og er skólinn nú orðinn heilstæður grunnskóli með nemendum í 1.-10. bekk. Skólinn hefur náði góðum árangri í starfi sínu og margar skemmtilegar hefðir skapast. Húsnæði skólans er vel nýtt og skólinn sannkölluð samfélagsmiðstöð þar sem margir hópar hafa aðsetur.

Heimavinna og heimalestur. Lögð var áhersla á mikilvægi heimalestrar og vinnu með texta. Skerpt var á mikilvægi þátttöku foreldra og ábyrgð þeirra á eftirliti með heimavinnu og lestri. Gefinn var út leiðbeinandi bæklingur sem hlaut nafnið “Lestur er lykill”, í þeim tilgangi að skerpa á hlutverki foreldra í heimalestri og hvernig má efla lestrarfærni nemenda.

Áætlanavinna nemenda. Sátt var um áherslur og stíganda frá 1.-10. bekkjar.

Rýning á þrepamarkmiðum: Hafin var vinna við að rýna í áfangamarkmið aðalnámsskrár í 1.-7. bekkjar í samfélagfræði, náttúrufræði og trúarbragðafræði með það að markmiði að þemu þekji öll markmið aðalnámsskrár. Þeirri vinnu er vel á veg komin en ekki náðist að ljúka henni fyrir vorið.

Aukin notkun á upplýsingakerfinu Mentor: Lögð var áhersla á að auka notkun kerfisins. Skráning ástundunar, sérkennslu, dagbókar og markmiðasetningar. Vel hefur tekist til og undirbúningsvinna að því að innleiða námsmat í Mentor er á veg komin.

Garðalundur og Sjálandsskóli: Samvinna við Garðalund stóðst ekki væntingar. Nemendur Sjálandsskóla eru orðnir langþreyttir á hversu illa félagsmiðstöðinni gengur að fást við þetta hlutverk sitt. Unnið var að því að tryggja betra upplýsingastreymi frá Garðalundi og skoðaðir kostir þess að byggja upp sjálfstæða félagsmiðstöð í Sjálandsskóla. Niðurstaða þeirrar rýni er að brýnt sé að skoða þá leið alvarlega m.t.t. hversu brösuglega hefur gengið að sníða starf Garðalundar að þörfum nemenda Sjálandsskóla.

Skólinn sem samfélagsmiðstöð: Með tilkomu 2. áfanga er hlutverk skólans sem samfélagsmiðstöðvar orðinn umtalsverður. 14 félagasamtök, stofnanir og einkaaðilar nýta sér skólabygginguna.

Heilstæður grunnskóli: Skólinn er nú orðinn heilstæður grunnskóli með nemendum í 1.-10. bekk. Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa kennsluhætti á unglingsstigi og viðhalda fjölbreyttu valáföngum. Fjarnám í framhaldsskólaáföngum hófst í haust með góðum árangri. Þrír nemendur í 10. bekk luku framhaldskólaeiningum við FG með miklum sóma. Vel hefur því tekist til við að móta heilstæðan grunnskóla og næsta verkefni er að tryggja sameiginlega skólamenningu og samfellu innan skólans.

Grænfánaskóli: Ein af niðurstöðum skólaþingsins var að sinna en frekar umhverfismálum í skólastarfinu. Liður í því era ð vinna í anda grænfánaskóla. Ekki tóksta ð reka smiðshöggið á það verk á þessu skólaári.

Sjáländsskóli – heilsueflandi skóli: Sjáländsskóli hefur á undaförnum árum lagt mikla áherslu á heilsurækt. Nú vinnur skólinn að því í samstarfi við Lýðheilsustöð að verða heilsueflandi skóli. Verkefnið er byggt á sambærilegum grunni og grænfánaverkefnið. Í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Þessi markmið samrýmast vel stefnu og starfi Sjáländsskóla. Stefnt er að því að innleiða þetta á fjórum árum. Á næsta skólaári verður lögð áhersla á öryggi og hreyfingu.

Comeniusarverkefnið “Fit for life – fit for Europe”. Sjáländsskóli fékk úthlutað styrk frá Comenius project fyrir verkefni sem unnið er í samstarfi við skóla í fimm löndum í Evrópu. Verkefnið heitir Fit for life- fit for Europe eða hreysti fyrir lífið. Sjá nánar í kafla um Comeniusarverkefnið.

SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. OG 2. BEKK

Nemendur í 1. bekk voru 23 og í 2. bekk voru nemendur 29 þar af voru 28 strákar og 24 stelpur. Nemendunum var skipt í 3 umsjónahópa og voru Helga Björk Jónsdóttir, Ingunn Þóra Hallsdóttir og Ingveldur Karlsdóttir umsjónakennarar hópanna. Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari aðstoðaði inn í bekk eftir áramótin. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir og Sólveig Þórdís Einarsdóttir kenndu myndmennt, Árni Már Árnason kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi íþróttir og sund, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmennnt. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari og Ólafur Schram sem kenndi tónmennt.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir (60 mín hver stund) á viku. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, enska, og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fyrirkomulag kennslunnar var gjarnan sett upp í hringekju. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Hönnun og smíði, textílmennnt, myndmennt heimilisfræði og lífsleikni voru kennd í lotum, 2 klukkustundir á viku í 7 vikur fyrir hvern nemanda. Tölvur voru kenndar á föstum tímum í töflu 1 tími í viku eftir miðjan nóvember. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru 1 klukkustund á viku. Sund var kennt í 40 mínútna kennslustundum og fór hver nemandi í sund 1 kennslustund á viku. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin í þemunum og gekk það almennt mjög vel.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum, að þau upplifðu jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan vetur og mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Á hverjum degi var frátekinn tími þar sem nemendur gátu talað um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni.

Bekkjarfundir voru haldnir 1x í viku eftir ármót. Þar sem rætt var um samskipti og vináttu í hópnum.

Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Í byrjun skólaárs skiptum við nemendunum upp í hópa eftir því hvar þeir voru staddir í lestri og var unnið þannig fram á vor.

Nemendur höfðu þó möguleika á að fara á milli hópa eftir framvindu í náminu. Hjá 2.bekk var aukin áhersla lögð á einfalda málfræði og nemendum leiðbeint með stafsetningu. Höfuðáhersla var lögð á lestur og skrift, voru nemendur látnir lesa heima daglega og líka í skólanum.

Í stærðfræði var hópnum skipt upp þar sem nemendur unnu með samlagningu og frádrátt. Gerðu athuganir og bjuggu til súlurit, unnu með form, fundu tugi og einingar, ásamt því að gera ýmis konar mælingar og skráningu. Auk þess byrjuðu nemendur í 2. bekk að vinna með verð og verðgildi, daga og mánuði, einnig að finna tölur á undan og á eftir, læra um hundrað og finna helmingi minna og tvöfalt meira.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þemu veturinn 2010 – 2011

Þema	Tímalengd
Umhverfið – skólinn okkar	(3.vikur. 3.sept -16.sept)
Heimilisfræðivika	(1.vika. 27. - 1.okt)
Risaeðlur	(4.vikur. 4. – 29. okt)
Vísindapema	(4. vikur. 1.- 26. nóv)
Skilaboðaskjóðan	(6. vikur. 10.jan - 18.feb)
Veðrið	(4. vikur 14.mars- 8.apríl)
Náttúran	(4. vikur. 9. – 27.maí)

Mat á þemum

Umhverfið – skólinn okkar:

Unnið var út frá því að nemendur fengju að kynnst hverjum öðrum, skólaumhverfinu og nánasta umhverfi skólans. Nemendur voru mjög áhugasamir fyrir þessum verkefni og í lokin var foreldrum boðið á kynningarkvöld þar sem nemendur fengu að segja frá því sem þeir höfðu lært.

Heimilisfræðivika:

Unnið var út frá því að auka þátttöku barna í störfum fjölskyldunnar og styrkja sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni barna ásamt því að auka virðinu nemenda fyrir heimilisstörfunum. Það hentaði mjög vel að hafa þemað í viku sérstaklega í ljósi þess að mörg verkefni voru leystu heima fyrir.

Risaeðlupema:

Í þessu þema fengu nemendur ýmis konar fræðslu um risaeðlur. Búið var til stórt listaverk sem hafði að geyma risaeðlur og ýmis konar gróður frá risaeðlutímanum. Í þessu þema var með okkur kennaranemi og gekk þemað mjög vel. Nemendur höfðu

gaman að því að fræðast um þessi stóru dýr og fá að takast á við að skapa stórt listaverk. Í lokin var haldið bekkjarkvöld þar sem börnin héldu einskonar fræðslukvöld.

Vísindabema:

Í vísindabemanu fengu nemendur að gera ýmis konar tilraunir eins og að vigta, mæla, telja og skoða krafta. Verkefnin voru unnin á stöðvum og hentaði það fyrirkomulag mjög vel. Lokaafraksturinn var svo vísindabók sem nemendur höfðu fyllt inn í. Verkefnin voru skemmtileg og hæfðu markmiðunum vel.

Skilaboðaskjóðan:

Sett var upp leikritið Skilaboðaskjóðan. Börnin útbjuggu leikmynd og æfðu hlutverk sín í skólanum, en við hönnun búninga fengu börnin aðstoð foreldra. Í tónmennt æfðu börnin síðan söngvana. Afraksturinn voru sýningar sem bæði foreldrar, nemendur skólans og nemendur leikskólans Sjálands fengu að njóta. Þetta þema gekk vel en hefði mátt vera örlítið lengra.

Veðurþema:

Unnið var með veðráttuna á mjög fjölbreyttan hátt. Nemendur gerðu bæði bókleg og verkleg verkefni. Hugað var að skapandi þætti þemaverkefnisins og var afraksturinn veðurbók og veggmynd. Nemendur fengu að fara í vettvangsferðir og kanna veður, meta ásamt því að kanna veðrið á hverjum degi. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur kom í heimsókn og vakti það mikla lukku. Þemað gekk vel en auðveldlega hefði verið hægt að lengja þetta þema og vinna áfram með viðgangsefnið.

Náttúran:

Síðasta þemað okkar þennan veturinn var náttúran. Þar lærðu nemendur um fugla, fjörudýr, tré og blóm. Þau völdu sér eitt viðfangsefni í hverjum flokk og leituðu upplýsinga um það á neti, í bókum og á ýmsan annan hátt. Afraksturinn var lítil bók með upplýsingum sem þau tóku með sér heim í skólalok. Farið var í vettvangsskoðun til að skoða bæði fjörudýr, fugla og plöntur. Einnig var farið á Náttúrugripasafn Íslands í Kópavogi og þar fengu nemendur og kennarar leiðsögn um safnið.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Í upphafi og lok hvers dags hittist hver umsjónarhópur með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Námsbækur og gögn

Sproti 1, 2A, 2B

Viltu reyna gulur, rauður, grænn og blár

Vasareiknir 1 og 2

Komdu og skoðaðu umhverfið

Pínulitla Ritrún

Stig af stigi 1-2

Skrift 1-2

Skrift A-Ö

Vita meira og meira

Meira í dag en í gær

Vinnubók - Við lesum A

Vinnubók- Við lesum B

Lesum saman

Leikur að orðum 1 og 2

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

Græni blýanturinn

Sitt af hverju 1

Vinir Zippýs

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti, ásamt "Gera mitt besta" blöðunum í upphafi hvers þema. Foreldrar fengu einnig sendar heim námsmatsmöppurnar fimm sinnum yfir skólaárið. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og haldin var leiksýning fyrir foreldra. Bekkjarkvöld skipulögðu þrjú bekkjarkvöld. Einnig tóku foreldrar virkan þátt í innilegu. Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var fólk duglegt að nota tölvupóst.

Ferðir/útikennsla

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í Árbæjarsafn, gróðursett í Sandahlíð, Náttúrustofu Kópavogs, bókasafn Garðabæjar, í hjólaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Vorferð var farin á Helgafell og í Valaból.

Verkefni í útikennslu:

Útikennsla er tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla.

- Berjamó í Gálghrauni – drekka nesti úti, allir að kynnast og læra reglur í útikennslu, félagsfærni.
- Gönguferð að tína laufblöð sem voru notuð síðar í starfinu
- Gróðursetningarferð í Guðmundarlund – allur skólinn (náttúrufræði)
- Grilluðum pítur á Arnarnesi
- Stöðvavinna með 3. bekk vegna samræmdra prófa
- Veisla í undirgöngunum, bakaðar lummur og sett upp veisla vegna loka heimilisfræðiviku
- Risaeðluverkefni á skólalóð
- Stöðvavinna á skólalóð
 1. Stafavinna
 2. Fjöruvinna
 3. Leikir á battavelli
 4. Hlustun í undirgöngum
 5. Flokkun
- Íþróttadagur
- Leikir með skólahópnum úr leikskólanum Sjúalandi
- Fyrsti snjórinn, sleðaleiðangur
- Æfðum Comeníusarleiki
- Vinastund í leikskólanum Sjúalandi í tengslum við dag íslenskrar tungu
- Árbæjarsafn
- Kertagerð
- Hönnunarsafn Íslands
- Jólakortagerð
- Spiladagur vegna óveðurs
- Heimsókn í Bókasafn Garðabæjar, hreystibraut við Flataskóla
- Bollukaffi í leikskólanum Sjúalandi
- Sleðaferð og leikur með snjóinn
- Unnið með ljós og skugga og áhrif veðráttunnar á umhverfið skoðað
- Ýmis verkefni í tengslum við veður þemað s.s. vindátt, þvottur á snúrum

- Hellisgerði, skoða áhrif veðurs á náttúruna
- Útileikir
- Lummubakstur með börnum úr leikskólanum Sjáland
- Tiltekt á skólalóðinni í tengslum við átakið hreinsað til í nærumhverfinu
- Unicef hlaupið
- Hjólaferð í Gálgahraun
- Hjólaferð í Náttúrugripasafnið Kópavogi
- Íþróttadagur

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 366 dagar og 10 stundir.

Leyfi voru 115 dagar og 12 stundir.

Samtals komu nemendur 390 sinnum of seint í skólann og var foreldrum gerð gein fyrir mikilvægi þess að mæta á réttum tíma á námskynningu í október því þá strax var farið að bera á því að nemendur mættu of seint. Einnig fengu foreldrar yfirlit yfir mætingu barna sinni vikulega í tölvupósti í gegnum Mentor.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og vorum viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar (íslenska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingartækni, þemu). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og nokkur hefðbundin skimunarpróf (Les, Tove Krogh, Læsi). Nemendur gerðu reglulega sjálfsmat í ýmsum greinum. Námsmat var kynnt foreldrum fimm sinnum í vetur í námsmatsmöppum. Tvisvar var því fylgt eftir með foreldraviðtölum. Í lok skólaársins var nemendum afhent námsmatsmappan sem innihélt allt mat vetrarins.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Þemaloturnar voru í flestum tilfellum hæfilega langar og tókst okkur að vinna þau verkefni sem við lögðum upp með. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri og ritun og gekk það vel. Námsárangur var að jafnaði mjög góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utan dyra sem

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. OG 4. BEKK

Tölulegar upplýsingar

Skólaárið 2010-2011 stunduðu 45 nemendur nám í 3. og 4. bekk. Skiptust þeir þannig að 20 nemendur voru í 3. bekk og 25 nemendur í 4. bekk. Kynjaskipting hópsins var stúlkur 22 og drengir 23. Undir vorið hætti einn drengur og við bættist ein stúlka í hópinn.

Nemendahópurinn skiptist í tvo umsjónarhópa með tveimur umsjónarkennurum. Þeir voru Íris Björk Baldursdóttir og Þórey Íris Halldórsdóttir. Umsjónarhóparnir skiptust í einn 23 nemenda hópa og einn 22 nemenda hóp. Um haustið var Svanhildur Gísladóttir skólaliði sérlegur aðstoðarmaður kennarateymisins og barnanna.

Aðrir kennarar sem kenndu 3.-4. bekk voru:

Íþróttir: Davíð Örvar Ólafsson

Myndmennt: Sólveig Þórdís Einarsdóttir og Guðrún Dóra Jónsdóttir

Smíði og hönnun: Árni Már Árnason

Sund: Hrafnhildur Sævarsdóttir.

Textílmennt: Sigrún Reynisdóttir.

Tónmennt: Ólafur Schram.

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari fylgdi eftir námi nokkurra nemenda en einnig vann hún nánar með hópa sem kröfðust frekari þjálfunar t.d. í hraðlestrarnámskeiði, lestrarfærni og stærðfræðiþjálfun. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi aðstoðaði nemendur við áætlunargerð sem og ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara. Sigríður Gísladóttir yfirproskapjálfi kom eftir áramót í fimm stundir á viku til stuðnings í hópnum. Jóhanna Magnúsdóttir kom inn í bekkinn til að aðstoða 1-3 stundir á viku. Þeirra starfskraftar nýttust vel við hin ýmsu verkefni sem lögð voru fyrir.

Skipulag námsins

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku. Nemendur voru 14 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjarins. Námið fór fram að stórum hluta í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska og stærðfræði voru á föstum tímum í stundatöflu en var einnig fléttað inn í þemun. Samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, og lífsleikni var samþætt þemalotum. Enska var kennd á föstum tíma á stundatöflu einu sinni í viku. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var að undanskildum íslensku og stærðfræði eins og áður kom fram. Útikennsla var að minnsta kosti tvær lotur á viku þar sem leitast var við að tengja hana við þemun. Tónmennt og

Íþróttir voru kenndar í eina klukkustund á viku. Textílmennt, myndmennt, smíði og hönnun, og leiklist og tilraunir voru kennd í níu vikna lotum og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur og tölvur og upplýsingamennt var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

Helstu áherslur

Hugsmíðahyggja og hugmyndafræðin um einstaklingsmiðað nám var rauði þráðurinn í öllu skólalastarfinu hjá 3. og 4. bekk í vetur. Leitast var við að nota fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Verkefni og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Helsta markmið vetrarins var að skapa nemendum gott og jákvætt námsumhverfi til að vaxa og þroskast. Lögð var áhersla á jákvæða upplifun nemenda á skóla og byggja upp góðan bekkjaranda. Reglulega var farið yfir reglur, boð og bönn og almenn skólafærni æfð. Í vetur sátu nemendur bekkjarfundi með það að leiðarljósi að efla samkennd nemendahópsins og aðstoða við úrlausn deilumála sem og rætt var mikið um þetta í umsjón.

Byrjað var að kynna áætlunarvinnu fyrir nemendahópnum og var ein kennslustund á viku helguð þeirri vinnu. Nemendur fengu klukkustund til að ákveða hve mikið þeir ætluðu sér að vinna í tímanum í íslensku og stærðfræði og reyna smá saman að átta sig á hvað þeir geta gert mikið á þessum tíma. Ef þeir stóðust eigin áætlun þá fengu þeir staðfestingu hjá kennara og merktu við á yfirlitsblaði. Þetta er æfing fyrir þá áætlunarvinnu sem tekur við í 5. bekk enda mikilvægt að hver og einn geri sér grein fyrir hvers hann er megnugur og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla. Hér eftir eru taldar upp helstu áherslur í undirstöðu námsgreinum.

Íslenska

Fjórum sinnum í viku hófust dagarnir á hljóðlestrarstund. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á lestur. Ætlast var til að allir læsu minnst 15 mínútur á dag og fullorðinn kvittaði í þar til gert lestrarhefti. Kennarar kvittuðu einnig og skrifuðu jákvæðar og uppbyggjandi athugasemdir til nemenda sem gafst afar vel. Nemendur skrifuðu heima í stílabók eftir upplestri, þrjú til fimm orð sem þeir höfðu lesið eða nokkrar setningar. Eftirfylgni kennara skiptir miklu máli til að ekki verði brotalöm á.

Ritun var yfirleitt unnin í tengslum við útikennslu þar sem nemendur gerðu grein fyrir upplifun sinni í tengslum við verkefni sem lögð voru fyrir og hvað þeir lærðu. Þeir áttu einnig að nota

viðurkennd vinnubrögð við slíkum dagbókarskrifum eins og tilgreina dagsetningu, setja fyrirsögn, hafa upphaf, miðju og endi.

Skriftarkennsla var unnin að mestu með að nemendur æfu sig í þar til gerðum bókum *Skrift 2-6* og við að skrifa upp ljóð þar sem hver og einn nemandi fékk leiðbeiningar um hvernig hann mætti bæta skriftarkunnáttu sína. Hins vegar var því ekki fylgt eftir að nemendur notuðu þessa skrift í annarri vinnu en sérstökum skriftarverkefnum.

Unnið var markvisst með lesskilning, málfræði og stafsetningu í tengslum við *Egils sögu einhenda* og *Kára litla og Lappa* einu sinni í viku. Í málfræði var lögð áhersla á eftirfarandi hugtök og skilgreiningar á þeim:

- Andheiti/samheiti
- Sérnöfn/samnöfn
- Samsett orð
- Eintala/fleirtala
- Sérhljóðar/samhljóðar (tvöfaldir)
- Kyn orða
- Sagnorð/nafnorð/lýsingarorð

Eldri nemendurnir og einhverjir yngri unnu einnig með fallbeygingu nafnorða. Unnið var markvisst með stafrófið bæði í formi söngva, leikja og æfinga.

Í stafsetningu var ætlast til að nemendur skrifuðu stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. Ætlast var til að þeir skrifuðu ekki stóran staf í miðju orði eða setningu. Einnig var áhersla lögð á að þeir kynnu einfaldar reglur um n og nn.

Að auki unnu nemendur ýmsar námsbækur í íslensku svo sem *Ritrún 1*, *Ritrún 2*, *Ritrún 3*. *Ás*, *Skinna I* og *II* ásamt málfræðiheftum af skólavefnum og unnin voru gagnvirk íslenskuverkefni í tölvutímum.

Stærðfræði

Stærðfræðin var kennd skipulega í lotum í vetur ásamt því að vera tvinnuð saman við þemun. Unnið var með samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu flatarmál, ummál, námundun, hnitakerfi, form og flutninga, hlutföll, mynstur og algebru, almenn brot og mælingar. Teknar voru kannanir eftir hverja lotu. Innlagnir voru í upphafi hverrar lotu og verkefni tengd lotunni unnin. Ætlast var til að nemendur lærðu margföldunartöfluna heima frá 0-10.

Námsbækurnar *Sproti*, *3a*, *3b*, *4a* og *4b* lágu til grundvallar þessarar lotukennslu en að auki voru nemendur með aukabækurnar *Við stefnum að margföldun*, *Við stefnum að deilingu*, *Æfingahefti* í *Sprotu* *3a*, *3b*, *4a* og *4b*. Einstaka nemendur unnu einnig í *Merkúríus* og *Venus*.

Þemaverkefni vetrarins

Þemun sem nemendur unnu voru eftirfarandi:

Þemaverkefni	Helstu áherslur í verkefninu
Draugar	Undirbúningur fyrir samræmdu prófin – stærðfræði og íslenska
Garðabær, bærinn minn	Umfjöllun um nærumhverfi G.þéjar. Nemendur kynnst sínu nánasta umhverfi og þeirri þjónustu sem þar er í boði.
Heimilisvika	Matreiðsla og heimilisstörf.
Ísland áður fyrr	Lífshættir Íslendinga áður fyrr skoðaðir. Nemendur kynntu sér húsbyggingu, afkomu og lífsskilyrði Íslendinga fyrr á tímum. Skáldsagan Galdrastafir og græn augu var lesin fyrir nemendur.
Saga mannkyns	Mannkynssagan í grófum dráttum í máli og myndum. Nemendur kynntu sér tímaás mannkynssögunnar og fjölluðu um helstu viðburði. Komdu og skoðaðu-saga mannkyns lá til grundvallar þemanu.
Heimilisvika	Matreiðsla og heimilisstörf. Verðkönnunarferðir í Hagkaup.
Halldór Laxness	Ævi og störf nóbelsverðlaunahafans. Fjallað var um helstu sögur hans og ljóð. Bókin <i>Skrytnastur er maður sjálfur</i> var lesin með nemendum.
Trúarbrögð	Nemendur kynntu sér helstu trúarbrögð heims. Bókin <i>Trúarbrögðin okkar</i> lá til grundvallar þemanu.

Draugar 25. ágúst - 1. október 2010

Almennt mat á þemanu:

Þemað *draugar* hófst í skólabyrjun 25.ág og lauk 1.okt.

Í byrjun pökkuðum við bókinni *Draugar vilja ekki dósagos* inn í maskínupappír og lásam í krók á hverjum degi 1-2 kafla. Þannig að bókin varð okkar leyni – draugabók. Í tengslum við bókina skrifuðu nemendur um persónurnar, sömdu draugasögu og skrifuðu bréf til

Móra (draugsins í sögunni). Við reyndum að nota eins mikið skapandi vinnubrögð og hægt var eins og t.d að leggja pappír í tevatn og rífa hann í kringum bréfið sem nemendur skrifuðu.

Nemendur útbjuggu sinn eigin draug á maskínupappír sem þau lituðu með neon color litum og við hengdum upp á vegg á heimasvæði okkar.

Í stærðfræði var mest megnis unnið með margföldun og klukkuna á fjölbreyttan hátt. Bæði var kennslan í formi innlagna, stuttra margföldunarkannana ásamt því að spila klukkubingó og margegg.

Þar sem samræmdu prófin voru 17 og 18.sept var útikennslan mikið í formi ratleikja í íslensku og stærðfræði á skólalóðinni. Ratleikurinn var útbúinn úr gömlum samræmdum prófum. Þar sem mikil veðurbliða var í september fórum við líka í hjólreiðatúr um Garðabæ og styttri göngutúra. Við vorum líka með stöðvavinnu þar sem nemendur unnu með orðflokka, andheiti og samheiti með því að fara í boðhlaup og útbúa orð úr frauðplaststöfum.

Námsmat að loknu þema var sjálfsmat úr draugapemanu en jafnframt lögðum við fyrir ísl. og stærðfræðikönnun.

Gott og gagnlegt þema á góðum tíma rétt fyrir samræmd próf.

Garðabær, bærinn minn 20. október – 12. nóvember 2010

Almennt mat á þemanu:

Þemað Garðabær- bærinn minn hófst að lokinni heimilisviku og starfsdögum 20.okt og stóð til 12.nóvember eða rúmlega þrjár vikur.

Við hófum þemað í heimakrók með öllum nemendum og sögðum söguna um Kára. Við höfðum fengið þessa hugmynd frá Hrafnagilsskóla á Akureyri en Kári er strákur (teikning á blaði) sem er nýfluttur í Garðabæ. Hann er að flytja í Garðabæ af því að hann hefur átt erfitt annars staðar og verið strítt. Umræðan í krók snerist um af hverju Kára hafi liðið illa. Mörg svör komu frá nemendum og þá er teikningin krumpuð sem táknar vanlíðan. Þegar teikningin var orðin mjög krumpuð þá snérum við umræðunni upp í hvað sé hægt að gera til að honum Kára líði betur og hvernig eigi að taka á móti fólki sem flytur í nýjan bæ. Þá réttist smám saman úr myndinni sem síðan var hengd upp til minningar um Kára og hvernig eigi alltaf að koma fram við fólk. Þetta var kveikjan að þemanu um Garðabæ. Að þessu loknu skiptum við nemendum upp í 7 hópa. Hóparnir höfðu mismunandi verkefni. 1 hópur átti að sjá um götummynd af Garðabæ sem búin var til úr maskínupappír og máluð, 2 átti að sjá um að búa til hús úr þykkum pappír, 3 átti að skapa persónur, 4 að búa til bíla, umferðaskilti og svo framvegis.

Við lögðum einnig fyrir tölvuverkefni þar sem nemendur áttu að kynna sér heimasíður skóla og stofnana í bænum og lesa á stundatöflur og æfingatöflur hjá Stjörnunni.

Nemendur leystu einnig í paravinnu verkefni um náttúruperlur Garðabæjar þar sem þeir fengu að hafa bókina *Náttúruperlur Garðabæjar* við hendina.

Í einum þematímanum hengdum við upp loftmynd af Garðabæ og leyfðum nemendum að finna heimili sitt og merkja með límpunkti inn á kortið. Það fannst nemendum mjög spennandi og skoðuðu mikið kortið og veltu fyrir sér hvar samnemendur sínir bjuggu.

Í útikennslu fórum við og heimsóttum hönnunarsafn Garðabæjar, gengum út á Garðaholt og skoðuðum gamla burstabæinn Krók. Það var langur göngutúr og við vorum rúman klukkutíma á gangi hvora leið. Heimsóknin heppnaðist þó ljómandi vel enda blíðskaparveður úti. Meðferðis höfðum við götukort af bænum og stoppuðum reglulega til að átta okkur á hvar við værum stödd hverju sinni og bentum á helstu kennileiti. Í útikennslunni höfðum við áður farið á bókasafn Garðabæjar og eldað brauð út í Gálgahrauni í heimilisvikunni.

Þemað gekk vel þó auðvitað hefðu krakkarnir lagt mismikinn metnað í verkefnin. Götumyndin var hengd upp 12.nóvember á heimasvæði nemenda en þá lauk þemanu formlega.

Ísland áður fyrr 15. nóvember – 17. desember 2010

Almennt mat á þemanu:

Þemað Ísland áður fyrr hófst 15.nóv og lauk í raun með leikriti á jólaskemmtun þann 17.des. Reyndar áttu nokkrir nemendur eftir að ljúka endanlega við þemabók sem þeir fengu að klára fyrstu dagana í janúar eftir jólafrí.

Það var vel við hæfi að vikuna sem við hófum þemað var dagur íslenskrar tungu og ræddum við heilmikið um Jónas Hallgrímsson og gamla daga. Strax á mánudeginum byrjuðum við lestur bókarinnar *Galdrastafir og græn augu* eftir Önnu Heiðu Pálsdóttur. Við lásum 1-2 kafla í þeirri bók alveg fram að jólum. Bókin endurspegladi þemað okkar mjög vel og margt sem við sáum og gerðum í þemanu kom heim og saman við söguþráð bókarinnar t.d. fórum við á Þjóðminjasafnið, fengum lánaðan dótakassa af safninu með leikföngum frá því í gamla daga. Við fórum á Árbæjarsafnið og skoðuðum torfbæinn Árbæ og lærðum ýmis hugtök eins og spinna, baðstofa, vala, tað, keyta, vaðmál og fleira. Í útikennslu gengum við út á Garðaholt og skoðuðum gamla torfbæinn Krók.

Samhliða lestrinum á bókinni ræddum við mikið gömul hugtök og tímatal frá því í gamla daga og lásum upp úr bókinni *Ísland áður fyrr*, heimilið, fjölskyldan og menntun til munns og handa. Á föstudögum unnum við í þemabók sem krakkarnir útbjuggu en þar áttu þau að búa til eina bls á hverjum föstudegi. Forsíðan var t.a.m hýbíli áður fyrr og nútíma hús, næsta síða matur á aski og diskum o.sfrv.

Við fórum á sýninguna skórin sem er á Þjóðminjasafninu og fengum frábæra leiðsögn um gamla daga sem krakkarnir höfðu mjög gaman af.

Einn listahópurinn var í leiklist og æfði jólaleikritið Þegar jólin komu of seint. Þau útbjuggu leikmynd, leikmuni og búninga og æfðu leikritið sem gerist í gamla daga í 6 vikur. Þegar leið á sýninguna fengum við allan hópinn til að taka þátt sem kór og bættum við einu lagi og klarinettleikara þannig að allur 3.-4.bekkur fékk að taka þátt á litlu jólnum þó að aðalhlutverkin hefðu verið í höndum nemenda í 4.bekk að þessu sinni.

Virkilega vel heppnað þemað sem allir voru glaðir með og hlökkum til að endurtaka eftir 2 ár.

Saga mannkyns 14. janúar – 4. mars 2011

Almennt mat á þemanu:

Þemað saga mannkyns hófst föstudaginn 14.jan og lauk 7 vikum síðar með uppgjöri á sal skólans og foreldraheimsókn 5.mars.

Við hófum þemað á því að við kennararnir klæddum okkur í framandi búninga og söfnuðum nemendahópnum fyrir framan filt-landakortið okkar. Þar ræddum við um heimsálfurnar, lönd og ýmislegt merkilegt í mannkynssögunni frá hinum ýmsu löndum. Að þessu loknu skiptum við nemendahópnum í 7 hópa og hver hópur fékk möppu sem í voru nauðsynlegar upplýsingar fyrir hópavinnuna.

Allir nemendur fengu afhenda bókina *komdu og skoðuðu sögu mannkyns* og var það lestrarbókin þeirra á meðan á þemanu stóð. Jafnframt lásum við nokkrar bls í krók á hverjum morgni til að dýpka skilning nemenda á efninu.

Við studdumst við kennsluleiðbeiningar með bókinni komdu og skoðuðu sögu mannkyns í hópavinnunni þannig varð einn hópurinn sérfræðingur í frummönnum, sá næsti Egyptalandi og svo koll af kolli. Nemendur sönkuðu að sér upplýsingum úr bókum sem bókasafnsfræðingurinn hafði til fyrir okkur og á netinu. Nemendur innan hópanna skiptu svo verkefnum á milli sín. Egyptaland hópurinn skipti t.d verkefnum þannig að einn sá um að afla upplýsinga um píramýda, annar um múmíur og grafhýsi, áanna Níl o.sfrv. Nemendur fengu auk þess að velja sér verkefni eftir áhuga. Í Egyptlands hópnum höfðu stúlkur t.a.m áhuga á að afla sér upplýsinga um Kleópötru.

Þegar nemendur höfðu skrifað texta um viðfangsefni sitt bjuggum við til blokk sögu mannkyns sem var einhvers konar tímaás, þannig táknaði fyrsta hæðin frummenn og efsta hæðin Ameríku og siglingar.

Einn föstudaginn fengu nemendur að koma með í skólann táknræna muni frá hinum ýmsu löndum og höfðu nemendur mjög gaman af þessum tíma.

Í tölvum unnum við með forritið google earth og google.is og krakkarnir fengu aðeins að kynnast power point en þó ekki allir.

Í útikennslu unnum við í tengslum við Comeníusarverkefnið okkar þar sem krakkarnir ímynduðu sér að þeir væru Rómverjar og Grikkir í leiknum Capture the Flag. Við límdum

spurningar á glugga og krakkarnir þurftu að hlaupa til kennara með svar við hverri spurningu. Við fórum á bókasafnið í Garðabæ þar sem nemendur fengu upplýsingar um hvernig á að leita á gegdir.is að bókum fyrir heimildavinnu.

Í lok þemans tóku allir nemendur próf upp úr bókinni *komdu og skoðaðu sögu mannkyns*.

Þemanu lauk með frábærri uppskeruhátíð þar sem krakkarnir sungu lög frá Kína, miðöldum og Perú en þeir höfðu verið að læra lög í tónmennt frá þessum löndum. Að loknum morgunsöng buðum við foreldrum í stigann þar sem búið var að hengja upp tímaásinn okkar og hver og einn hópur kynnti afrakstur vinnu sinnar.

Á heildina litið gekk þemað ljómandi vel en við ætluðum okkur etv. einum of í upplýsingatækninni þar sem nemendur eru aðeins í 3.-4.bekk. Nemendur réðu t.d illa við að búa til Power Point kynningu en þá helst að 4. bekkingar réðu betur við það. Sama máli gegndi um að leita upplýsinga í bókum að viðfangsefninu. 4.bekkur réð betur við það. Það væri líklegast best að vera búin að leita áður að bls í hverri bók til að nemendur verði fljótari að lesa og taka út það sem skiptir máli.

Markmiðið var kannski frekar að nemendur kynntust heimildavinnu og upplýsingaöflun frekar en að þeir ættu að kunna að afla sér upplýsinga og leita heimilda.

Halldór Laxness 14. mars – 15. apríl 2011

Almennt mat á þemanu:

Þemað um Halldór Laxness hófst um miðjan mars og lauk 5 vikum síðar eða rétt fyrir páskafrí þann 15.apríl.

Kveikjan á þemanu var hugstormun þar sem við kölluðum á nemendur í stigann og hengdum upp stóran maskínupappír og merktum Halldór Laxness í miðjunni. Við spurðum krakkana hvað þau vissu um Laxness og hvað þau vildu vita um hann? Allt var skráð samviskusamlega niður með þremur mismunandi litum.

Á hverjum degi byrjuðum við daginn í heimakrók á því að lesa einn kafla úr bókinni *Skrýtnastur er maður sjálfur* eftir barnabarn skáldsins Auði Jónsdóttur. Nemendur höfðu mjög gaman af lestrinum og hlustuðu af athygli. Nemendahópnum var skipt upp í 13 hópa og hver hópur átti að taka að sér að stúdera eina bók eftir höfundinn, skrifa æviágrip skáldsins og ýmislegt fleira og koma upplýsingunum fyrir á veggspjaldi. Veggspjaldavinnan var unnin í þematíma á hverjum föstudegi í tveimur samfelldum tímum. Nemendur fengu að leita sér upplýsinga í tölvum og í bókum. Í tölvum fengu nemendur að skoða heimasíðu Gljúfrasteins, hlusta á gamlar upptökur af Laxnes og skoða myndir af stórskáldinu. Í útikennslu fórum við í vel heppnaða ferð á Gljúfrastein þar sem við fengum leiðsögn um húsið og drukkum nesti í garðinum. Í útikennslu fórum við líka í ratleik þar sem við kennarar sömdum spurningar upp úr bókinni *Skrýtnastur er maður sjálfur*. Nemendur eiga einn ljóðatíma á viku og í fjórar vikur skrifuðu nemendur

upp ljóð eftir Laxness, lærðu og myndskreyttu auk þess sem þeir sungu og sömdu lög við ljóð eftir skáldið í tónmennt hjá Ólafi Schram. Nemendur fluttu lagið á sal 18.maí. Í lokin skrifuðu nemendur samantekt um skáldið þar sem þeir þurftu að beita helstu reglum í ritun þ.e upphafi, miðju og endi, vanda stafsetningu og frágang. Samantektin á rituninni er voreinkunn nemenda 3-4.bekkjara í ritun.

Þemað var mjög skemmtilegt og lifandi og margt gert í tengslum við það. Það var okkar upplifun að nemendur höfðu mjög gaman af að fræðast um Halldór Laxness. Auðvitað er það alltaf þannig að í hópavinnu eru alltaf einhverjir 4-5 sem vinna lítið sem ekkert en hópavinnan var metin bæði af okkur og með sjálfsmati nemenda. Við teljum að með þessu þema höfum við náð að höfða bæði til bók og verksvits nemenda með lestri og skapandi vinnubrögðum.

Trúarbrögð 14. mars – 15. apríl 2011

Almennt mat á þemanu:

Trúarbragðapemað hófst 29.apríl og því lauk 27.maí. Kveikjan á þemanu voru myndir sem við leigðum á bókasafni Garðabæjar frá Námsgagnastofnun um íslam, hindúatrú, gyðingatrú, kristni og búdda. Á meðan á þemanu stóð lás um við bókina *Trúarbrögðin okkar* sem gefin er út af námsgagnastofnun í krók á morgnana. Á hverjum föstudegi í þematímum horfðum við á myndband um eitt af þessum trúarbrögðum og í kjölfarið unnum við þemabók um trúarbrögð heimsins. Í útikennslu fórum við í hjólaferð í Kópavogskirkju og skoðuðum gluggana á kirkjunni og fengum að fara inn í kirkjuna. Í krók bæði á morgnana og í lok dags ræddum við við börnin um mismunandi trúarbrögð og að við ættum öll að virða trú hvers annars. Nemendur skoðuðu landakort og reyndu að átta sig á hvar í heiminum hver og ein trú væri útbreiddust.

Afurð þemans var þemabók sem krakkarnir unnu en þar áttu nemendur að fjalla lítillega um fjögur trúarbrögð að eigin vali, segja frá hvað þeim fyndist athygliverðast við hverja trú fyrir sig.

Þemað gekk vel og voru nemendur mjög duglegir og áhugasamir um þetta þema enda bókin sem við lás um skemmtileg og fagurlega myndskreytt. Við kennarnir teljum að með þessu þema hafi nemendur fengið ágætis innsýn inn í helstu trúarbrögð heims.

Heimilisvikur voru haldnar 27. september – 1. október og 28. febrúar – 11. mars 2011

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni. Þeir sem óskuðu eftir því fengu heimavinnu í stærðfræði og íslensku.

Bekkjarkvöldunir skipulögðu vinahópa í samráði við kennara og eins stóðu þeir fyrir tveimur bekkjarkvöldum í vetur einu kvikmyndakvöldi þar sem horft var á Chaplin mynd og einu leikjakvöldi.

Ferðir, útikennsla og aðrar upptakomur

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og útikennslu sem nemendur tóku þátt í í vetur:

Ferðir og útikennsla	Helstu áherslur í verkefninu
Heimsókn á bókasafn Garðabæjar	Draugasaga lesin fyrir nemendur í tengslum við þema um drauga
Gróðursetningarferð í Sandhlíð	Skólaferð
Rattleik á skólalóð	Vinna með íslensku og stærðfræði fyrir samræmd próf
Hjólaferð í hraunið við Vífilsstaðavatn	Tína ber
Stöðvavinna á skólalóð	Stafaboðhlaup, skotbolti, gamlir leikir í tengslum við Comeniusar-verkefni
Útiöldun á skólalóð	Kveiktur eldur, tálgað og eldað
Ferð í Hellisgerði	Finna fallegt laufblað
Gönguferð í Gálgahraun - stöðvavinna	Grillað braut, finna hluti og raða í stafrófsröð, leikir.
Heimsókn á Kjarvalsstaði	Skoða sýninguna með viljann að vopni í tilefni kvennafrídagsins.
Gönguferð að bænum Krók Garðabæ	Ferð farin í tengslum við þemað Garðabær, bærinn minn.
4. bekkur: Bláa gullið, leiksýning í Borgarleikhúsinu	
3. bekkur: heimsókn á Alþingi	
Heimsókn á Árbæjarsafn	Kveikja að þemanu Ísland áður fyrr.

4. bekkur: Heimsókn á Alþingi	
3. bekkur: Gönguferð um bæinn	
Heimsókn á Þjóðminjasafnið	Sýningin Skórinn skoðuð í tengslum við þemað um Ísland áður fyrr.
Heimsókn á Þjóðminjasafnið	Kíktum á jólasvein dagsins
Vasaljósferð í Gálgahraun	Skoðuðum mikilvægi þess að vera með endurskinsmerki
Leikir á skólalóð	Lékum leiki á skólalóð í tengslum við Comeniusar-verkefni.
Stöðvainna á skólalóð	Íslenska og stærðfræði. Stafaboðhlaup, hnitakerfi með kítum og form, mælingar og athuganir á bílastæði.
Heimsókn á nýtt og endurbætt bókasafn Garðabæjar	Fengum smá fyrirlestur um gagnaöflun
Sleðaferð	
Spurningaleikur úr sögu mannkyns	Spurningar límdar á gluggana og nemendur hlupu með rétt svör til kennara á skólalóðinni.
Capture the flag – orrusta á milli Rómverja og Grikkja	Saga mannkyns - þemalok
Heimsókn í Hagkaup	Verðkönnun á ýmsum vöruflokkum
Rattleikur í tengslum við heimilisviku	
Heimsókn á Gljúfrastein	Í tengslum við þema um Halldór Laxness
Rattleikur á skólalóð	Í tengslum við þema um Halldór Laxness.
Gönguferð í Vigdísarlund	Ýmiskonar mælingar
Ruslatínsla	Í tengslum við dag umhverfisins.
Hjólaferð að Kópavogskirkju	Skoðuðum Kirkjubygginguna í tengslum við trúarbragða þema.
Gönguferð í Gálgahraun	Ljóðagerð
Comeniusarvinir í heimsókn	Eldamenska og leikir sem gestirnir sáu um.
Hjólaferð í Nauthólsvík	
Helgarfell	Gengið með skólanum upp Helgarfell
Ylströndin	Ýmsir strandleikir
Unicef hlaup	
Göngueferð	Gengið í hraunið neðan við Flataskóla, leikið og grillaðir sykurpúðar

Samræmd próf

Sjá nánar samræmd próf í Sjúlandsskóla 2010 í skólaskýrslunni (fylgiskjal 5).

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 149 daga í leyfi á árinu. Veikindadagar samtals í umsjónarhópunum voru 223 dagar, seinkomur í 305 tíma og fjarvistir í 19 tíma.

Námsmat

Námsmatsmöppur voru sendar heim í október, desember, febrúar, apríl og júní. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni og metin í möppu næsta mánaðar. Þemu voru metin við lok hvers þema. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði, hraðlestrarpróf og lesskilningskannanir (sjá skýrslu fyrir sérkennslu). Nemendur gerðu í nokkrum tilvikum sjálfsmat og einnig jafningjamat.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk mjög vel. Nemendahópurinn var yfirleitt jákvæður og námsfús og samvinna kennarateymisins var mjög góð. Þrátt fyrir þetta voru þó örfáir nemendur sem ver gekk að vinna með og fengum við því aukna aðstoð á svæðið eftir áramótin. Vel tókst að halda utan um loturnar og gafst einkar vel þrískiptir íslensku, stærðfræði og ljóðatímar þar sem nemendahópurinn var fámennur eða aðeins 15 nemendur í hóp. Þessir tímar voru því að mestu notaðir í innlagnir fyrir einstaka þætti stærðfræðinnar og íslenskunnar. Námsmatsmöppurnar og tímalengd þema hélst mjög vel.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. OG 6. BEKK

Tölulegar upplýsingar

Skólaárið 2011-2012 stunduðu 59 nemendur nám í 5. og 6. bekk. Skiptust þeir þannig að 31 nemandi var í 5. bekk og 28 nemendur í 6. bekk. Kynjaskipting hópsins var stúlkum í hag en þær voru 39 en drengirnir 20. Í vetur hætti einn nemandi en tveir bættust í hópinn.

Nemendahópurinn skiptist í þrjá umsjónarhópa með þremur umsjónarkennurum. Þeir voru Margrét Helgadóttir, Margrét Tómasdóttir og Margrét Þorleifsdóttir eða Margrétarnar. Umsjónarhóparnir skiptust í tvo 20 nemenda hópa og einn 19 nemenda hóp. Linda Rán Úlfarsdóttir skólaliði var sérlegur aðstoðarmaður kennarateymisins og barnanna í vetur.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum í almennri kennslu voru Árni Már Árnason og Erna Sif Auðunsdóttir. Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmenn, Sólveig Þórdís Einarsdóttir, Dóra Rögnvaldsdóttir og Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndu myndmennt og Árni Már Árnason kenndi hönnun og smíði. Að venju sá Ólafur Schram um að kenna hópnum tónmennt.

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari fylgdi eftir námi nokkurra nemenda en einnig vann hún nánar með hópa sem kröfðust frekari þjálfunar t.d. á hraðlestrarnámskeiði, lestrarfærniþjálfun og stærðfræðiaðstoð. Bryndís Rail kenndi hópnum einnig. Hún kenndi stærðfræði og sá um að hraðlestrarprófa nemendur og kanna lesskilning þeirra. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag eða 20 lotur á viku. Nemendur voru 14 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjanna. Námið fór fram að stórum hluta í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska, stærðfræði, enska, lífsleikni og tölvu- og upplýsingatækni voru í stundatöflu á föstum tímum en þessum greinum var þó einnig fléttað inn í þemun. Samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, enska og lífsleikni var samþætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var að undanskildum íslensku, stærðfræði og ensku eins og áður kom fram. Útikennsla var að öllu jöfnu tvær lotur á viku þar sem leitast var við að tengja hana við þemun. Tónmennt og íþróttir voru kenndar í eina klukkustund á viku. Námsgreinarnar textílmenn, myndmennt, smíði og hönnun, leiklist og verkleg náttúrufræði voru kenndar í sjö vikna lotum, þrjár klukkustundir á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur sem og upplýsingatæknin. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

Helstu áherslur hópsins

Hugsmíðahyggja og hugmyndafræðin um einstaklingsmiðað nám var undirstaða allrar kennslu í 5. - 6. bekk í vetur. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum sem flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar en einnig má nefna sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara, heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, heimildaröflun, umræður, leikræna tjáningu og leiki. Verkefni og námsgreinar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbrigt námsumhverfi fyrir nemendur. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Mikið var lagt upp úr einstaklingsmiðuðu námi en þar er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri sjálfir ábyrgð á eigin vinnu. Heimavinna lék þar stórt hlutverk þar sem nemendur áttu að áætla sér í íslensku og stærðfræði í hverri viku. Að auki lásu nemendur bókina um *Benjamín dúfu* heima og unnu svo fjölbreytt verkefni sem tengdust henni, þar sem fengist var við lesskilning, málfræði, ritun, orðaforða o.fl. Nemendur unnu einnig einstaklingsskýrslur heima í tengslum við þemað *Urð og grjót* sem og einstaklingsverkefni um valið áhugasvið sem nemendur kynntu í skólanum fyrir samnemendur sína og foreldra.

Í upphafi skólaárs var nemendum skipt í fjóra hópa í grunnfögunum íslensku, stærðfræði og ensku. Þessir hópar héldust að allan veturinn. Hóparnir fengu markvissar innlagnir og fylgdust að mestu leyti að námslega. Eitt af markmiðum skiptingarinnar var að efla samvinnunám nemendanna. Þessar vinnustundir voru ekki nýttar fyrir áætlunarvinnu heldur voru þær fyrst og fremst hugsaðar sem kennslustundir þar sem ákveðin innlögn fór fram og bein kennsla. Námsefni í þessum fögum var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Þar mætti telja í íslensku: *Málrækt I og II, Skinnu I og II, Skruddu I og II, Skræðu I og II, Mál til komið, Mál í mótun, Skrift 5, 6 og 7, Réttitunarbók I-III, Blákápu, Rauðkápu, Ljóðspor, Skólaljóð* og ýmis konar efni af vef Námsgagnastofnunar og af Skólavefnum. Í stærðfræði voru *Geislabækurnar 1 og 2* kenndar ásamt því að vinna heima í stjörnuþókunum *Merkúrís, Venus, Mars, Júpíter, Satúrnus, Úranus* og *Hring 1 og 2* ásamt ýmsu efni af Skólavefnum. Í ensku var aðallega notast við bækurnar *Work out* og *Build up I og II* en einnig var notað málfræðihefti eftir Barbro Carlsson og Lena Sjöholm og ýmis konar efni í tölvutæku formi. Jafnframt voru notaðar þemabækurnar *Into hobbies, Heroes, A Year of Fun, Out in space, Children of the world ofl.* Fagabók var notuð markvisst, þar sem nemendum var kennd tækni við glósugerð o.fl. sem heldur utan um tungumálanám þeirra og á vonandi eftir að nýtast þeim áfram næstu árin. Nemendur lásu einnig ýmsar léttlestrarbækur frá bókaforlaginu Oxford club og unnu lesskilningsverkefni samhliða lestrinum.

Þemu voru kennd í eina til fimm vikur allt eftir umfangi og markmiðum þeirra. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum. *Snorra saga, Auðvitað 1 og 2, Lífríkið á landi, Benjamín dúfa, Brauð lífsins og Ljós heimsins* voru grunnbækurnar í þemum vetrarins en fjöldi annarrar fræðibóka á bókasafni skólans voru notaðar ásamt efni á vef.

Útikennsla var einu sinni í viku tvær til þrjár klukkustundir í senn. Leitast var við að tengja sem flestar námsgreinar og þemu við útikennsluna. Má þar nefna mælingar með

verkefnum í stærðfræði, lífsleikni með verkefni í að efla sjálfstraust og samkennd og ýmsa traustleiki til að efla félagstengslin. Farið var í nokkrar vettvangsferðir t.d. á Þjóðminjasafn Íslands, í Náttúrufræðistofu í Kópavogi, í Hellisgerði í Hafnarfirði, á Vífilsstaði, á Sögusafnið, í Þjóðmenningarhúsið og á Hönnunarsafnið svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fóru ýmist fótgangandi, hjólandi eða með strætó í þessar ferðir.

Þemaverkefni vetrarins *Þemur sem nemendur unnu voru eftirfarandi:*

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
<p><i>Snorri Sturluson</i></p> <p>Samfélagsfræði, tölvu- og upplýsingatækni, Íslenska og myndmennt.</p>	<p>Að nemendur þekki lífshlaup og ritverk Snorra og kynnist sögu handritanna. Einnig að nemendur þjálfist í að hlusta á umræður og taka þátt í þeim.</p>
<p><i>Heimilisvika</i></p> <p>Heimilisfræði</p>	<p>Auka þátttöku nemenda í störfum fjölskyldunnar. Styrkja sjálfsbjargarviðleitni og auka ábyrgð nemanda á nánasta umhverfi sínu. Fá þjálfun í að útbúa einfalda rétti.</p>
<p><i>Benjamín Dúfa</i></p> <p>Íslenska</p>	<p>Auka lesskilning, málfræði og færni í ritun nemenda</p>
<p><i>Einstaklingsverkefni</i></p>	<p>Auka sjálfstæð vinnubrögð</p>
<p><i>Himingeimurinn</i></p> <p>Íslenska, náttúrufræði, stærðfræði, enska, tölvu- og upplýsingatækni og listir.</p>	<p>Að nemendur þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar í sólkerfinu. Geri sér grein fyrir stærð reikistjarna og fjarlægð þeirra frá sólu.</p>
<p><i>Kristni á Íslandi</i></p>	<p>Hvað kristin trú stendur fyrir og hvernig hún var inleidd á Íslandi</p>
<p><i>Urð og grjót</i></p> <p>Náttúrufræði, ljóð, leikræn tjáning, framsögn og tjáning, íslenska, ritun.</p>	<p>Að nemendur læri um dýr, fugla og náttúruna og geri sér grein fyrir mismunandi búsvæðum lífveranna. Nemendur lærðu um gróðurlendi, fæðukeðjur og áhrif umhverfisþátta á lífríki jarðar.</p>

Snorri Sturluson 4.okt. – 5. nóv. 2010

Almennt mat á þemanu

Snorrapemað gekk mjög vel og nemendur voru yfirleitt áhugasamir um það. Í byrjun fórum við yfir hvað vissum og hvað við vissum ekki um Snorra Sturluson. Við lásum Snorra sögu og hluta af Snorra Sturluson og mannlíf á miðöldum. Við unnum spurningar og svör úr köflunum bæði heima og í skólanum. Stundum lásu nemendur upphátt í krók. Við unnum tímaás og skoðuðum höfðingjaættirnar á Íslandskortinu. Allir nemendur fengu að búa til sverð og textilhópurinn bjó til skikkjur. Í útikennslu elduðum við brauð yfir opnum eldi og fórum í kubbaspilið. Eins tókum við hlutverkaleik í útikennslu þar sem kennarar voru í hlutverkum, nemendum var skipt upp í hópa og fengu ákveðin verkefni sem þeir áttu að leysa. Þetta tókst sérlega vel og höfðu þau ótrúlega gaman af þessu en þarna fengu þau að nota sverðin og skikkjurnar. Þau máttu einnig koma með víkingadót að heiman til að nota. Í tónmennt lærðu nemendur lög úr Völuspá.

Benjamín Dúfa 15. nóv. – 10. des. 2010

Almennt mat á þemanu

Þemað gekk mjög vel. Það var skemmtilegt og hentaði nemendum mjög vel. Þau voru flest mjög áhugasöm um efnið.

Tíminn sem var áætlaður fyrir þemað var alveg mátulegur. Við lásum fyrsta kafla bókarinnar með nemendum í skólanum en annars lásu þeir hana heima. Nemendur lásu 2 kafla heima á dag og unnu verkefni sem þeim fylgdu. Verkefnin voru af ýmsum toga, lesskilningur, málfræði, ritun, ljóð og bókmenntir. Þessi vinna gekk almennt mjög vel. Einnig gerðum við stafsetningarupplestur úr sögunni sem fylgdi vinnubókinni. Nemendur útbjuggu forsiður á bækurnar sem innihéldu yfirleitt persónur bókarinnar, skjaldarmerki eða tákn úr sögunni og voru þær margar frumlegar og flottar.

Nemendur unnu ritgerð tengda efni bókarinnar og fengu val um viðfangsefni. Gefin voru ákveðin fyrirmæli um hvað ætti að koma fram og nýttu flestir sér þau vel en þó kom í ljós að margir þurfa betri æfingu í ritun og því væri gott í framhaldinu að fara enn nánar í uppbyggingu á ritgerðum.

Við notuðum bókina til að æfa framsögn, tjáningu og upplestur og gaf það góða raun. Margir tóku góðum framförum í framsögn. Við hefðum þó viljað nýta þemað enn betur í framsögn og var hugmynd að láta nemendur lesa upp úr ritgerðum sínum en það náðist ekki sökum tímaskorts.

Nemendur unnu í hópum, mynduðu leynifélög, skírðu þau, bjuggu til merki félaganna, sömdu reglur, fundu málstað til að berjast fyrir, ákváðu viðurnefni fyrir hópmeðlimi, komu þessu öllu frá sér myndrænt og héldu að lokum kynningu fyrir alla nemendur 5.-6. bekkja. Þetta gekk vel og var gaman að sjá fjölbreytnina hjá hópunum. Þetta var góð æfing fyrir nemendur í að hlusta á aðra og þá færni má þjálfra enn betur hjá mörgum.

Við horfðum á kvikmyndina sem byggð er á bókinni og höfðu krakkarnir mjög gaman af henni. Skemmtilegar umræður sköpuðust eftir áhorfið.

Himingeimurinn 17. jan – 24. mars 2011

Almennt mat á þemanu

Þemað hófst með kynningu Helga skólustjóra á sólkerfinu okkar. Hann sýndi nemendum flottar myndir með ýmsum fróðleik um reikistjörnurnar. Námsbækurnar Auðvitað I og II voru notaðar sem grunnbækur þemans.

Þemað var unnið með söguaðferðinni þar sem nemendur unnu saman í hópum um reikistjörnurnar átta ásamt sólinni og tunglinu. Þar tóku nemendur saman helstu upplýsingar um sinn hnött ásamt því að útbúa hann í raunverulegri stærð miðað við aðrar plánetur. Nemendur áttu einnig að skapa líf á hnettinum sínum, búsetu, tungumál, venjur og siði. Þessi vinna var síðan nýtt í eina lokaafurð sem var leikrit um himingeiminn, Alheimsráðstefna himingeimsins. Nemendur völdu sér verkefni í tengslum við leikritið, búningahönnun, sýningaskrá, hljóð og tæknimenn, leikara, leikmynd og leikmunir.

Í útikennslunni var farið í göngutúr að skoða stjörnur og Snævar stjörnufræðingur kom með tjaldið sitt og sýndi okkur sólkerfið okkar. Mikill tími fór í vinnslu á hinum ýmsu afurðum þemans t.d. gerð hnattanna, húsanna og geimveranna. Undirbúningur fyrir leikrit var einnig tímafrekt og því fór útikennslan að mestu í vinnslu við þemað. Reynt var að fara út og skoða stjörnur en yfirleitt var skýjað eða farið að birta óþarflega mikið til að sjá einhverjar stjörnur. Gott væri að hafa þemað fyrr á skólaárinu eða í mesta skammdeginu.

Nemendur unnu að einhverju leiti í þemanu í öðrum námsgreinum. Leikmyndin var að mestu unnin í myndmennt og sömdu nemendur geimlag í tónmennt.

Uppgjör þemans var leikrit með dans, söng og leik og var sýnt fyrir foreldra. Sjálandsskóla var boðið á generalprufu fyrr sama dag.

Í heildina gekk þemað mjög vel þar sem mikið var lagt upp úr sköpunargleði nemenda. Misvel gekk hjá þeim að ímynda sér eitthvað fyrir utan það sem þau hafa séð í bíómyndum en í lokin var þetta nokkuð gott. Þemað tók aðeins lengri tíma þar sem mikil vinna fór í afurðir þemans en var hið alla skemmtilegasta.

Kristni á Íslandi 4. – 29. apríl 2011

Almennt mat á þemanu

Kristinfræðiþemað gekk í heildina vel. Nemendur voru almennt áhugasamir. Nemendum var skipt í þrjá hópa og voru viðfangsefnin þrjú. Þau voru saga kristni á Íslandi, páskahátíðin og Passíusálmarnir og boðorðin tíu/sköpunarsagan. Nemendur

unnu með leikræna tjáningu, myndskreyttu boðorðin tíu, sköpunarsöguna og páskana og unnu verkefni í tölvum í tengslum við passíusálmana. Farið var í tvær vettvangsferðir, annars vegar á Þjóðminjasafnið og hins vegar í Vídalínskirkju. Þessar ferðir tókust báðar mjög vel og nemendur unnu skýrslur eftir ferðirnar. Eins mátu þau sjálf sína vinnu og sitt framlag við hvert verkefni. Tímalengdin hentaði mjög vel fyrir þetta þema.

Urð og grjót 2. -27. maí 2011

Almennt mat á þemanu

Umgjörðin á þemanu var mjög góð og nemendur lærðu mjög mikið af þessu. CLIM aðferðin var notuð þar sem bekknum var skipt upp í hópa þar sem hver hafði sitt hlutverk. Verkefnin voru síðan unnin í hringekju, fjögur verkefni og þá fjórir hópar. Hver nemandi í hverjum hóp fékk sitt hlutverk: skipuleggjandi, tímavörður, kynnir, efnisaflari og hvetjari. Hugsunin var að allir fengu einu sinni að sinna hverju hlutverki. Umgjörðina mætti nota í fleiri þemu eða nota á annan hátt í kennslu svo nemendur kynnu að vinna eftir þessari clim aðferð.

Þemað tók fjórar vikur og það var hæfilegur tími fyrir verkefnið. Unnið var tvisvar í viku eina klukkustund í einu. Árangurinn af verkefninu var góður og mátti sjá framfarir í samvinnu. Nemendur tóku flestir hlutverkunum sínum alvarlega. Umræður um kynningar voru lærdómsríkar.

Verkefnin Ströndin og fuglar stóðu upp úr. Einstaklingskýrslur skiluðu sér nokkuð vel en þær hefðu þurft enn betra utan umhald. Nemendur unnu vinnubók sem innihélt einstaklingskýrslurnar, Fjallgönguna eftir Tómas Guðmundsson og frumsamið ljóð um náttúruna. Nemendur unnu svo mjög skemmtilega forsíðu með fuglamynd. og Vinnubókin var geymd í plastmöppu á meðan hún var í vinnslu. Samþætting við listgreinar gekk vel.

Það hefði mátt hafa fleiri verkefni tengd nánasta umhverfi, nýta náttúruna betur í kringum skólann okkar. Fyrirkomulag á þema sem hiklaust á að innleiða frekar inn í skólastarfið.

Önnur verkefni

Nemendur fóru einnig í fleiri verkefni sem ekki teljast sem þemu en þar má nefna heimiliviku og einstaklingsverkefni. Þessi verkefni voru að mestu unnin heima.

Útikennsla og ferðir

Farið var í margar skemmtilegar ferðir í tengslum við þemavinnuna. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og útikennslu sem nemendur tóku þátt í í vetur:

Ferðir og útikennsla

Helstu áherslur í verkefninu

Hraunið hjá Flötunum	Nemendur tíndu ber.
Hjólaferð í Smáralind	Nemendur unnu stærðfræðiverkefni í Smáralind.
Hjólaferð Vífilsstaðir	Skoða safn.
Kajak	Nemendur fengu kynningu á kajökum frá Helga og þeir sem höfðu áhuga fengu að sigla þeim.
Hellisgerði	Vinaleikur
Mælingar á skólalóð	Gráður og horn, mælingar
Víkingur í heimsókn	
Víkingaleikir á Flötum	Kennd notkun á sverðum, víkingaglíma og kubbsspilið.
Sögusafn/Þjóðmenningarhús	Farið var að sjá Íslandssöguna í máli og lifandi myndum. Tengt þemanu um Snorra Sturluson.
Sögusafn/Þjóðmenningarhús	Sýningin „Handritin“ skoðuð. Þar fengum við að heyra sögu handrita og hlutverk um aldir. Snorra Edda ofl. skoðað. Tengt þemanu um Snorra Sturluson.
Baka brauð/víkingaleiki/persónusköpun	Matur eldaður á ströndinni við opinn eld, farið í víkingaleiki. Tengt þemanu um Snorra Sturluson.
Hlutverkaleikur úr Snorra	
5. bekkur leikhúsfærð Bláa gullið /	Fræðast um vatn
6. bekkur eldaði	Heimilisfræði
Comeniusar leikir á Arnarnesi	Farið vinsæla leiki á Íslandi sem kynna á fyrir nokkrum Evrópulöndum
Hönnunarsafn að sjá sýningu Siggu Heimis	Fræðast um íslenska hönnun
Hönnunarsafn	Nemendur nýttu ýmislegt til að föndra
Kirkjuferð	Allir nemendur sem vildu fóru í kirkjuferð í Vídalínskirkju fyrir jólin.
Skólalóð/heimasvæði(hópar)	Kveiktum eld úti, nemendur fundu

	sem flest orð tengd veðri og útbjuggu veðurtákn.
Skólalóð	Leikir úti og hópavinna í stjórnupema
Skíðaferð	Allir nemendur skólans fóru í dagsferð í Bláfjöll á skíði.
Stjörnuverið	Nemendur fengu fyrirlesara sem fræddi þá um stjörnurnar, tunglið og önnur fyrirbæri alheimsins í uppblásinni tjaldhvelvingu.
Ýmsir leikir á skólalóð	Frjálsir leikir og leikir stýrðir af kennurum.
Stærðfræði á skólalóð	Nemendur unnu ýmis stærðfræðiverkefni á 4 stöðvum: 1) Flutningar og form 2) Flatarmál og ummál 3) Mælingar 4) Speglnun.
Vettvangsferðir í tengslum við þema um kristna trú á Íslandi	Vettvangsferð á Þjóðminjasafnið/ kirkjuferð í Vídalínskirkju/ Ferð í Gálgahraun þar sem boðorðin tíu voru túlkuð í leikrænni tjáningu.
Útiöldun/leikir/umhverfisdagur	Tíndum rusl úti við fjöruna, ströndina og að Gálgahrauni. Elduðum brauð á pönnu úti.
Lionshlaupið	Nemendur í 5. bekk tóku þátt í boðhlaupi Lionshreyfingarinnar og keppt var á milli bekkja.
Útiöldun/ljóðagerð Náttúrustofa	Útbjuggum eftirrétt úr ávöxtum, súkkulaði, púðursykri ofl. og grilluðum úti. Náttúrugripasafn í Náttúrufræðistofu Kópavogs skoðað í tengslum við náttúrufræðiþema okkar. Fengum leiðsögn þar sem aðal áherslan var á fugla, einkenni þeirra, fæðu, varp og búsvæði.
UNICEF hlaup	Allir nemendur skólans tóku þátt í árlegu Unicef hlaupi þar sem þeir söfnuðu áheitum sem renna í sjóð

	Unicef.
Ljóðagerð Frjálsir leikir á Flötum	Ljóðagerð á skólalóð og á ströndinni við Arnarnesvog. Nemendur bjuggu til ljóð eftir forskrift (lo, no, so) um ströndina eða náttúruna. Farið var í frjálsan leik.
Helgarfell	Allir nemendur skólans fóru í gönguferð á Helgafell og nágrenni í Hafnarfirði.
Vettvangsferð og sund	Nemendur völdu sér að fara í hjólaferð í Heiðmörk eða á línuskauta að Hofstaðaskóla með viðkomu á brettapöllum.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf til foreldra á miðvikudögum með upplýsingum um starfið og skipulag námsins. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri og annarri heimavinnu nemenda. Í heimilisvikunni unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir spilakvöldi, matarveislu á frumsýningu leikritsins um himingeiminn og lögðu hönd á plóg með að gera innileguna sem skemmtilegasta.

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 235 daga í leyfi á árinu. Veikindadagar í umsjónarhópunum voru samtals 367 dagar og 15 stundir, seinkomur í 517 tíma og fjarvistir í 2 daga og 9 stundir.

Námsmat

Námsmat var sent heim með nemendum fyrsta mánudag annan hvorn mánuð, þ.e. í október, desember, febrúar, apríl og júní eða fimm sinnum alls. Námsmatið var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru í skólanum. Námsmatið byggðist á mati á könnunum, verkefnum, vinnusemi, sjálfs- og jafningjamati. Í heimilisvikunni tóku foreldrar einnig þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í íslensku og stærðfræði

jafnt og þétt yfir árið. Í lok skólaársins var nemendum svo afhent námsmatsmappan með símati vetrarins þar sem hægt er að fylgjast með þróun nemandans allan veturinn.

Almennt mat á vetrinum

Það sem okkur þykir hafa tekist einkar vel á þessum vetri var árgangaskipting í grunnfögunum, stærðfræði, íslensku og ensku. Þetta fyrirkomulag teljum við mikilvægt að halda í. Slík hópaskipting hentar einstaklingsmiðuðu námi vel og kennslan verður markvissari. Gjarnan myndum við vilja sjá áætlunarvinnu þróast inn í þetta fyrirkomulag, á þann hátt þjálfast nemandinn enn betur í að verða ábyrgari fyrir námi sínu.

Það gafst einnig vel að kynjaskipta hópnum í íþróttum og lífsleikni þar sem bæði kynin nutu sín betur.

SKÝRSLA UMSJÓNAKENNARA Í 7. BEKK

Nemendur í 7. bekk voru 38 í vetur. Umsjónarkennarar 7.bekkjara voru Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir. Árni Freyr Haraldsson var stuðningsfulltrúi í bekknum og einnig Jóhanna Elísa Magnúsdóttir en hún var til áramóta. Steinunn Guðlaug Thorarensen þroskaþjálfari kom þá í teymið. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Davíð Ólafsson kenndi íþróttir, Árni Már Árnason kenndi smíði, Sólveig Þórdís Einarsdóttir leysti af í fæðingarorlofi en síðan tók Guðrún Dóra Jónsdóttir við kennslunni í myndmennt eftir páska, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmenn, Ólafur Schram kenndi tónmennt og Anna Lilja Torfadóttir kenndi ensku og dönsku. Bryndís Rail sá um sérkennslu í stærðfræði í bekknum, önnur sérkennsla var í höndum bekkjarkennara.

Kennslustundir

Nemendur fengu 14 kennslustundir (miðað við 60 mínútna kennslustundir) með umsjónakennurum á viku að meðaltali yfir veturinn. Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, danska, líffræði, náttúrufræði, eðlisfræði, samfélagsfræði og landafræði. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Flestar námsgreinarnar voru teknar fyrir í þeim að undanskildum tungumálum. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, tvær klukkustund á viku, tónmennt var ein klukkustund á viku, íþróttir voru ein klukkustund á viku og sund einu sinni í viku fjörutíu mínútur í senn. Enska og danska voru kenndar tvisvar í viku í 6 vikna lotum. Íslenska og stærðfræði voru með þrjú fasta tíma í töflu. Heimilisfræði var í heimilsvikum tvisvar yfir árið og einnig þegar það átti við í þeim.

Helstu áherslur hópsins

Umsjónakennarar settu upp áætlun í íslensku sem nemendur fylgdu eftir. Í þeirri áætlun var búið að skipta námsefninu niður á vikurnar og gat hver nemandi ákveðið hvenær verkefni voru unnin innan þeirrar viku. Í stærðfræði sáu umsjónarkennarar um að setja upp áætlun og stýrðu henni. Megináherslur hópsins voru að koma á reglu og skipulagi í tengslum við námið. Heimavinna tengdist þeim, lestri og stærðfræði. Mikil áhersla var á að vinna með samskipti í hópnum. Markmið umsjónarkennara var að efla samstöðu nemenda og samkennd. Við vildum ná þeim sem einum hópi og að hver og einn einstaklingur fengi að njóta sín. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennurum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskiptum, framkomu og almennu gengi hópsins.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Vilja og virða	Kynnast hvert öðru, efla hópinn og mynda tengsl innan hópsins.
Veður	Kynnast því hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á veður og veðurfar og hvernig veður hefur áhrif á daglegt líf.
Líkami mannsins	Kynnast mannlíkamanum og þeim breytingum sem verða á honum frá fæðingu til dauða.
Ljóð	Kynnast ljóðum, einkennum þeirra og vinna með þau á fjölbreyttan hátt.
Evrópa	Fái heildræna mynd af Evrópu "smæð" hennar, sögu og menningu.
Efni og eðli	Kynnast frumeindum og sameindum og læri um sérkenni efna. Gera tilraunir.
Peningar og gjaldmiðlar	Kynnast sögu peninga og þróun þeirra. Einstaklingum sem prýða þá og tilgangi þeirra í okkar samfélagi.
Heimilisvika	Tileinka sér heimilisstörf og þjálfist í sjálfsæðum vinnubrögðum í eldhúsinu.
Einstaklingsverkefni	Nemendur fá að velja eitt viðfangsefni sem þeim langar að fræðast meira um. Vinna með það og kynna niðurstöður fyrir bekknum.

Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir, beina kennslu, leiki, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám og vettvangsnám þar sem samþætting námsgreina bar hæst. Hvert þema var kennt í tvær til sex vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

Námsefni

Vanda málið – minnsta málið, lesbók og vinnubók nr.1 & nr.2 og einnig bókin Fallorð.

Geisli 3 grunnbók og vinnubók, Stærðfræði Helgu Sigurjóns (fyrir nemendur sem þurftu annað námsefni) og plánetubækurnar.

Klar parat, lestrarbók og vinnubók.

Build up 1 og 2 ásamt ítarefni. Move on, Prisoner of Zenda.

Líkami mannsins.

Evrópa, álfan okkar.

Auðvitað II og III

Veður

Ein grjóthrúga í hafinu

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst og síma í tengslum við vinnulotur, samskipti nemenda og líðan þeirra og ýmis önnur mál. Foreldrafundir voru tvisvar yfir árið og svo hittu kennarar foreldra eftir þörfum.

Ferðir

Ferð í Guðmundarlund

Kirkjuferð

Skíðaferð í Bláfjöll

Bekkjarferð í Bláfjöll

Ferð á Reyki í Hrútafirði

Gönguferð í Búrfellsgjá og á Helgafell

Hjólaferð í Elliðaárdal

Útikennsla

Hellaferð	Nemendur fóru á hjólum að skoða hella í Heiðmörk.
Berjamó	Nemendur fóru í berjamó að týna ber og til að nota í heimilisfræði.
Kajak	Nemendur fóru í æfingarferð út á Arnarnesvoginn.
Skoðanakönnun	Nemendur gerðu skoðanakannanir í bænum í tengslum við tölfræði kaflann í Geisla 3
Gálgahraun	Fóru og settu upp tjald úti í hrauni. Poppuðu yfir opnum eldi.
Útiöldun	Nemendur kveiktu eld og hituðu súpu. Þeir steiktu einnig brauð á pönnu.
Leikir	Orrustuleikur á skólalóðinni og hjá brettapöllunum.
Hellisgerði	Nemendur fóru um Hellisgerði og svöruðu spurningum úr þemanu „líkaminn“.
Hjálparsveit skáta í Garðabæ	Nemendur fóru í heimsókn og fengu að æfa réttu viðbrögðin þegar það þarf að beita „endurlífgun“.
Fit for life - fit for Europe	Nemendur fóru út í leiki. Þá leiki sem voru kosnir vinsælustu leikir skólans.
365 - miðlar	Nemendur fóru í heimsókn í 365 miðla að kynna sér störf fyrirtækisins. Sérstaklega veðurfræðinga í tengslum við þemað „veður“.
Flugdrekur	Nemendur bjuggu til flugdreka og settu þá á loft.
Fit for live – fit for Europe	Nemendur tóku upp þá leiki sem voru kosnir vinsælastir í skólanum og bjuggu til myndband.
Útiöldun	Nemendur fóru út í Gálgahraun og elduðu eina máltíð á prímusum.
Hundaganga	Nemendur fóru saman í göngu með hundana sína.
Norrænahúsið	Fóru í heimsókn og fengu fræðslu um „mat“.

Tilraunir	Nemendur gerðu tilraunir á skólalóðinni í tengslum við þemað „eðli og efni“.
Hönnunarsafn	Nemendur fóru í heimsókn á Hönnunarsafn Ísland.
Evrópa	Nemendur fóru í hringekju með Evróputenglum verkefnum.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna enskum mat s.s egg, bakon, bakaðar baunir og te.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna þýskum mat s.s schnitzel, pretzel og wüstel.
Hreinsun	Nemendur hreinsuðu lækinn hjá skólanum.
Elliðaárdalurinn	Hjóluðu í Elliðaárdal og fengu að hoppa í hylinn sem er þar.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna ítölskum mat.
Útiöldun	Nemendur fengu að smakka og kynna frönskum mat.
Sund	Nemendur fóru í sund í Garðabæjarlaug.
Kajak	Nemendur fóru í æfingarferð út á Arnarnesvoginn.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 254 dagar og 56 stundir.

Leyfisveitingar voru 244 dagar og 45 stundir.

Námsmat

Nemendur 7. bekkjar þreyttu samræmd próf og var árangurinn að mestu í samræmi við væntingar. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemu með jöfnu millibili. Þrisvar yfir árið var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Almennt mat á skólastarfi

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Teymisvinna umsjónarkennara og stuðningsaðila gekk mjög vel. Fyrri hluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Þá þurfti einnig að fínstilla ýmisleg atriði sem vörðuðu samskipti á heimasvæði. Þegar búið var að koma hlutunum í sæmilega gott horf tóku við vinnuglaðir og duglegir nemendur sem voru þakklátir fyrir aga og eftirfylgni. Lögð var áhersla á að innleiða ákveðin vinnubrögð og að nemendur tileinkuðu sér kurteisi og tillitsemi við hvert annað. Samskiptavandamál sem upp komu í hópnum voru strax tekin föstum tókum.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 8. BEKK

Nemendur í 8. bekk voru í vetur 14 og skiptist í 4 stúlkur og 10 drengi. Umsjónarkennari var Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi íslensku og hafði umsjón með þeim. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Ósk Auðunsdóttir sem kenndi stærðfræði, Sigrún Reynisdóttir sem kenndi dönsku og val, Ólafur Schram sem kenndi tónmennt og val, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val og Anna Lilja Torfadóttir sem kenndi ensku og val. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Sólveig Þórdís Einarsdóttir, Erna Sif Auðunsdóttir, Eygló R. Sigurðardóttir, Árni Mári Árnason, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir, Ólafur Schram, Sigurður Guðleifsson, Susan Gollefer og Maria Mercedes Teralta Noguera og Méryl Maussire.

Bryndís Rail sérkennari aðstoðaði 1 nemanda í stærðfræði. Sigríður Gísladóttir þroskaþjálfari kom að sérkennslu nokkurra nemenda ásamt Lindu Rán Úlfarsdóttur og Steinunni Guðlaugu Thorarensen.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 6,4 kennslustundir á viku og íslenska var kennd 6,75 kennslustundir á viku. Danska og enska var kennd 2,6 kennslustundir á viku hvort fag. Þema var kennt í 6,4 kennslustundir á viku. Íþróttir voru kenndar í 1,1 kennslustund. Tónmennt var kennd 1,5 kennslustund í viku. Sund var kennt í 1,1 kennslustund á viku. Sérstök valnámskeið sem kennd voru 8-10 vikur í senn voru 6,75 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þeim og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

Íþróttir voru kenndar 1,1 kennslustund á viku. Sund var kennt 1,1 kennslustund á viku. Heimasvæði/vinnustundir var 2,25 kennslustundir á viku.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni og um það bil 3 vikur gefnar í hverja lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi skipuleggi vinnu sína og áætli sér heimavinnu þegar það átti við. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en próf voru tekin í lok hverrar lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hverrar kennslustundar. Þema var kennt í mislöngum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra. Þegar bekkjarfundir voru haldnir var tíminn sem gefinn var í þá 45 mínútur á viku.

Þemaverkefni vetrarins

Upp um fjöll og firnindi

Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem tengjast útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a.: skyndihjálp, á áttavita, kortalestur, og um útbúnað og útiildun. Nemendum var líka skipt í hópa og áttu þeir að vinna verkefni sem tengdust útivist, s.s. búnaði, mat, veðri, ferðamáta o.s.frv. Vinna nemenda var bæði einstaklings- og hópavinna og fór að mestu leyti fram í skólanum. Þemað endaði á því að allir nemendur fóru í útilegu og gistu í skála sem heitir Þristur og er við Esjurætur. Tilgangur ferðarinnar var að nemendur fengu tækifæri til að nýta sér kunnáttu sína og reynslu sem þeir höfðu tileinkað sér í vinnunni. Einnig til að tengjast bekkjarfélögunum betur og styrkja böndin fyrir veturinn.

Tónlist og 20. öldin

Markmið var að nemendur öðluðust skilning á sögu 20. aldarinnar í gegnum tónlist, kvikmyndir og tísku. Nemendur heyrðu tónðæmi frá allri öldinni og fengu hraðferð yfir sögu tónlistar síðustu aldarinnar. Þemað var unnið í nánu samstarfi við Ólaf tónmenntakennara og fléttaðist tónmennt að miklu leyti inn í úrvinnslu verkefna. Unnin voru bæði einstaklings og hópverkefni og próf var tekið úr lesefni þemans.

1918

Markmið þemans var að nemendur fengu tækifæri til þess að skoða byrjun 20.aldar á Íslandi og fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við á þessum tíma. Spænska veikin, frostaveturinn mikli, Kötlugos og fullveldið voru þættir sem nemendur kynntu sér ítarlega með lestri bókarinnar 1918 eftir Helga Grímsson. Hóparnir bjuggu til heimsíðu með ýmis konar fróðleik. Próf var tekið í lokin.

Aðeins ein jörð

Markmið þemans var m.a. að nemendur fengju tækifæri til þess að kynnast völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem vörpuðu ljósi á þróun lífvísinda. Innlögn var í upphafi

hvers kafla og glósu tími. Lokapróf var lagt fyrir nemendur í lok þemans. Nemendur skiluðu einstaklingsritgerð í lokin.

Í fullorðinna tölu

Í þemaverkefninu í fullorðinna tölu takast nemendur á við sögunámið á annan hátt en vanalega. Fermingin í sögulegu tilliti er útgangspunktur verkefnisins og reynt að tengja hana við ýmsa þætti Íslandssögunnar. Samþætting við íslensku og listgreinar er áberandi í þemanu. Aðallega er notast við söguaðferðina “storytelling” við kennslu og farið eftir skipulagi námsefnis í því. Nemendur útbjuggu Leiðarþók með verkefnum í þemanu.

Ég og þú

Í byrjun þemans var kynfræðsla og horfðu nemendur á þættina Forfallakennarann. Nemendur unnu forvarnar auglýsingar varðandi skaðleg vímuefni. Markmið þemans var m.a. að nemendur þekktu hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna, væru meðvitaðir um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæma virðingu og að persónuréttur væru helstu mælikvarðar á siðlega kynimynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins. Nemendur unnu bæði sem einstaklingar og í hóp.

Skipulag kennslunnar

Þemun voru unnin út frá hugmyndum “hugsmíðahyggjunnar” og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær áðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska var kennd í 3 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu er 1 megin viðfangsefni, verkefnum skilað í lok hvernar lotu, sjálfspróf tekið og svo lotupróf. Ef nemandi nær ekki viðmiðunartölu sinni (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluáðferðir í öðrum námgreinum voru í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Skerpa 1, Hrafnkel saga Freysgoða, Mályrkja 1, Málfinnur, Skriffinnur, Ritbjörg, Orðabækur, 2 kjörbækur og ljósrit frá kennara.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar Almenn stærðfræði 1 og Átta/tíu 1 og 2. Fyrir sérkennslunemendur voru notuð ljósrit frá sérkennara og plánetubækurnar.

Í dönsku var bókin Tænk lesbók og verkefnabók. Í ensku voru notaðar bækurnar Matrix Foundation og ýmiss konar efni frá kennara.

Bækurnar *Hljóðspor*, *Eru ekki allir í stuði* og *Úr sveit í borg* voru notaðar í þemanu Tónlist og 20. öldin. Í þemanu 1918 var höfð til hliðsjónar ný bók eftir Helga Grímsson sem heitir 1918. Ýmsar bækur s.s *Öldin okkar*, *Ísland í aldanna rás* og fleiri bækur af bókasafni voru líka notaðar. Í þemanu í fullorðinna tölu var námsbókin *Í fullorðinna tölu* notuð, *myndahefti* og bókin *Bréf og minningar*. Lífheimurinn heitir bókin sem var notuð í þemanu Aðeins ein jörð. Í þemanu Ég og þú var horft á kennslumyndbandið Forfallakennarinn af nams.is.

Í öllum þemum var notast við Internetið og ýmsa kennsluvefi á skólavef og hjá nams.is

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Vettvangsferðir og uppbot í skólastarfi

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8.bekk en farnar nokkrar vettvangsferðir. Bekkurinn fór í útilegu í tengslum við þemað Upp um fjöll og firnindi. Gist var í skátaskála sem staðsettur er undir Esjurótum. Þann 13. október fór bekkurinn ásamt 8. bekk í Þjóðmenningarhúsið að skoða ljósmyndasýninguna Íslendingar. Á sýningunni skoðuðu nemendur úrval ljósmynda úr samnefndri bók eftir þau Unni Jökulsdóttur rithöfund og Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndara. Í tilefni af vímuvarnarviku var unglíngadeild skólans boðið þann 26. október á opunarhátíð og frumsýningu á forvarnarleikritinu Hvað Ef, í Þjóðleikhúsinu. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjálandsskóla. Þann 30. maí fór 8. og 9. bekkur niður í miðbæ Reykjavíkur og tók þátt í ratleik sem tengdist kennsluefni um Jón Sigurðsson. Í lok skólaársins fór 8. bekkur einnig með 9. bekk í vorferð í Hvalfjörðinn og var gist eina nótt.

Félagsstarf

Unglingastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglíngum í Garðabæ. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki, jafnframt voru vikuleg opin hús í Sjálandsskóla á fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Samskólaball Sjálandsskóla, Garðaskóla og Álftanesskóla var haldið í Sjálandsskóla föstudaginn 22. október og heppnaðist vel. Í desember bauð unglíngadeildin 7. bekk á ball. Árshátíð Sjálandsskóla var haldin fimmtudaginn 7. apríl. Nemendur og kennarar áttu ánægjulega kvöldstund saman, kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði. Eftir hátíðarmat var ball í Garðaskóla. Bekkjarfulltrúar 8. bekkjar og

umsjónarkennari stóðu fyrir nokkrum uppákomum fyrir nemendur. Fyrir áramót var eitt bekkjarkvöld og eftir áramót annað. Í lok prófadaga fór bekkurinn saman í Laser-Tag í Kópavogi og út að borða.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat fór heim í námsmatsmöppu. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti og einkunn send á foreldra eftir hvert próf. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hveurrar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra vikulega. Í október var ákveðið að byrja með punktakerfi í unglingsdeild og eftir það fengu nemendur einkunn fyrir ástundun.

Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 103 dagar, 23 stundir, leyfi var veitt 49 daga og 14 stundir, fjarvistir 1 dagur, 8 stundir og seinkomur 75 stundir en eftir að punktakerfi var tekið upp í október voru 24 stundir í fjarvist og 117 stundir seinkomur.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Skipulag námsefnis náði að halda nokkurn veginn en reynst hefur vel að hafa svokallaðar teygjuvikur á milli þema.

Einn nemandi lauk 9. og 10. bekkjar námsefni í stærðfræði. Tveir nemendur luku 9. og 10. bekkjar námsefni í íslensku og fjórir nemendur luku 9. og 10. bekkjar námsefni í ensku.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 9. BEKK

Nemendur í 9. bekk voru 19 talsins. 6 stúlkur og 13 drengir. Umsjónarkennari var Ósk Auðunsdóttir. Umsjónarkennari kenndi jafnframt stærðfræði og þær greinar sem kenndar voru í þemum ásamt valgreininni Kemur sprenging. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi íslensku og val, Sigrún Reynisdóttir sem kenndi dönsku og val, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val, og Anna Lilja Torfadóttir sem kenndi ensku og val. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Sólveig Þórdís Einarsdóttir, Erna Sif Auðunsdóttir, Eygló R. Sigurðardóttir, Árni Mári Árnason, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir, Ólafur Schram, Sigurður Guðleifsson, Susan Gollefer, Méryl Maussire og Maria Mercedes Teralta Noguera.

Bryndís Rail sérkennari aðstoðaði þrjá nemendur í stærðfræði. Sigríður Gísladóttir þroskaþjálfari kom að sérkennslu nokkurra nemenda ásamt Lindu Rán Úlfarsdóttur og Steinunni Guðlaugu Thorarensen.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 6,4 kennslustundir og íslenska 6,4 kennslustundir á viku. Danska og enska var kennd 2,6 kennslustundir á viku. Þema var kennd 8,3 kennslustundir á viku. Val var kennt 6,75 kennslustundir á viku.

Íþróttir voru kenndar 1,1 kennslustund á viku. Sund var kennt 1,1 kennslustund á viku. Heimasvæði/vinnustundir var 2,25 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni. 3 vikur í hverri lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en verkefni og próf tekin í lok hvers lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnfram almennt skipulag hvers kennslustundar. Þema var kennt í mislöngum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

Þemaverkefni vetrarins

Stríðsárin - Nemendur lærðu um seinni heimsstyrjöldina og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Þeir fræddust um ofsóknir nasista gegn gyðingum og ýmsum minnihlutahópum. Kveikjan að þemanu var kvikmyndin *Schindler's list* sem er átakanleg mynd um útrýmingu gyðinga. Í upphafi þemans fóru nemendur í vettvangsferð í Öskjuhlíðina þar sem hópurinn skoðaði ýmsar minjar frá stríðsárunum m.a. loftvarnarbyrgi og víggrafir úr torfi og grjóti. Aðallesefni þemans var kennslubókin *Stríðsárin á Íslandi*, nemendur leystu verkefni í tengslum við hana og tóku próf að henni lokinni. Nemendur gerðu heimildaritgerð (einstaklings-/eða paraverkefni) og leituðu upplýsinga í bókum og á interneti. Til skemmtunar og fróðleiks lásu nemendur einnig skáldsöguna *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason og skiluðu einstaklingsverkefni í tengslum við hana í lok þemavinnu.

Heimsreisán mín – Nemendur lærðu um heimsálfurnar sjö; Afríku, Asíu, Evrópu, Eyjaálfu (Ástralíu), Norður-Ameríku, Suður-Ameríku og Suðurskautslandið. Kveikjan að þemanu var kvikmyndin *Around the world in 80 days* og kynning frá umsjónarkennara um upplifun í eigin heimsreiðu. Nemendur lásu kennslubókina *Landfræði handa unglíngum, 2. hefti* og unnu verkefni í tengslum við hana. Próf var tekið í lokin. Stærsta verkefni þemans var hópverkefni þar sem nemendur skipulögðu sína eigin 3 mánaðar heimsreiðu og áttu að gera hana á sem ódýrastan máta. Nemendur þurftu að tilgreina til hvaða heimsálfa þeir fóru og lýsa tveimur ítarlega, hvaða lönd þeir heimsóttu, hvaða staði þeir skoðuðu, hvar þeir gistu, gera nákvæma kostnaðaráætlun. Í lok þemavinnu kynnti hver hópur sína ferð með ca. 40 mín power point fyrirlestri fyrir bekkinn.

Nýbúar – Nemendur kynntust hugtökunum nýbúar og fjölmennung. Kveikjan að þemanu var heimsókn frá Guðlaugu Björnsdóttir mannfræðingi sem starfar hjá Jafnréttishúsi. Í þemanu kynntust nemendur því að vegna aðildar Íslands að EES og Schengen er Ísland hluti af evrópskum atvinnumarkaði og því hafi fjöldi fólks flust hingað til lands á uppgangstímum síðari ára. Á sama hátt eru margir Íslendingar nú að flytja erlendis í leit að vinnu og betra lífi. Nemendur rifjuðu upp þekkingu sína um landnám Íslands og tengdu þá þekkingu við hugtakið nýbúar. Nemendur horfðu á heimildarmyndina *Vegurinn heim* sem er um fjölmennungu á Íslandi. Nemendur tóku einnig þátt í vefleiknum *Flótti* sem Rauðu krossinn sér um. Stærsta verkefni þemans var viðtal sem nemendur tóku við nýbúa, nemendur lærðu að undirbúa viðtal og framkvæma það. Í lokin kynntu nemendur niðurstöður viðtals fyrir samnemendum. Í þemanu voru einnig margir umræðutímar þar sem nemendur ræddu saman í smáum hópum eða hópurrinn sem heild. Mikil þörf var í bekknum á umræðum og umfjöllun um nýbúa og atriðum tengdu fjölmennungarlegu samfélagi.

Hvað kostar dæmið – Nemendur unnu saman í 4 manna hópum að einu stóru hópverkefni þar sem þeir undirbyggðu og kostnaðargreindu einn viðburð sem marka tímamót á æviferlinum, t.d. brúðkaup, útskrift, stórafmæli eða jólahald og áramót. Hver hópur ákvað samsetningu á sinni fjölskyldu sem var að fara að halda viðburðinn. Hópurinn fann síðan út meðallaun og meðalneyslu sinnar fjölskyldu með því að fara inn á vef Hagstofu Íslands. Með þeim forsendum gat hópurinn reiknað út hve lengi fjölskyldan yrði að safna fyrir viðburðinum því hver hópur átti að gera nákvæma kostnaðaráætlun í excel. Hver hópur tók allar ákvarðanir sem varðaði viðeigandi undirbúning og framkvæmd viðburðarins, t.d. útbjuggu matseðla og boðskort. Í upphafi verkefnis útbjó hver hópur til verklýsinga sem var skilað til kennara. Á meðan verkefni stóð skrifaði hver hópur dagbók. Í lok verkefnis héldu nemendur fyrirlestra um sinn viðburð.

Erum við ein í alheiminum – Nemendur lásu bækurnar *Erfðir og Þróun*; og *Sól, tungl og stjörnur*. Nemendur unnu verkefni í tengslum við hvern kafla og tóku kaflapróf. Kennaranemi kenndi bekknum í 3 vikur og hjá honum unnu nemendur að stóru hópverkefni sem fjallaði um sólkerfið Sumarbrautina. Vísindamenn höfðu fundið nýtt sólkerfi í 100 ljósárafjarlægð frá jörðinni og allar pláneturnar voru byggilegar mönnum. Nemendur áttu að vera sölumenn og útbúa sölukynningu á sinni plánetu. Nemendur sögðu frá því af hverju þeirra pláneta væri byggilega og hvaða kosti hún hefði fram yfir aðrar plánetur í sólkerfinu. Verkefninu var skilað í tveimur hlutum, annarsvegar sem skriflegri frásögn og hinsvegar sem fyrirlestri með glærum.

Vinnan göfgar manninn – Í þemanu kynntust nemendur íslenskum atvinnuvegi og fengu náms- og starfsfræðslu. Unnin voru m.a. verkefni úr námsefninu *Margt er um að velja*. Einnig tóku nemendur þátt Raunveruleiknum sem er gagnvirkur hermíleikur, hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla fyrir efstu bekki Grunnskóla, <http://raunveruleikurinn.is/>. Bekkurinn fékk einnig heimsókn frá Rótarý klúbbnum sem hélt stutt ræðunámskeið sem endaði með því að nemendur fluttu 3 mín. erindi. Foreldrum var boðið að koma í heimsókn og kynna starf sitt, tveir foreldrar komu í stutta heimsókn og kynntu starf sitt. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í þemanu. Nemendur tóku viðtal við foreldri eða ættingja og spurðu út í starf hans og héldu kynningu fyrir samnemendum. Einnig útbjuggu nemendur ferilskrá og sóttu um ákveðið starf sem þeir höfðu séð auglýst. Með umsókninni skrifuðu þeir formlegt umsóknarbréf. Í þemanu öðluðust nemendur aukna þekkingu á sjálfum sér og umhverfi sínu

Skipulag kennslunnar

Þema var unnið út frá hugmyndum „hugsmíðahyggjunnar“ og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska var kennd í 3 vikna lotum. Innlagnir voru samkvæmt áætlun sem nemendur fengu afhenta í upphafi lotunnar. Í hverri lotu er 1 megin þema. Verkefnum var skilað í lok hvernar lotu og lotupróf tekið. Ef nemandi náði ekki viðmiðunartölu sinni (einkunn ákveðin að í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í stutta upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Skerpa 2, Íslendingaþættir, Mályrkja 2, Málfinnur, Skriffinnur, Ritbjörg, Orðabækur, 2 kjörbækur og valbækur ásamt ljósriti frá kennara.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði II* og *Átta/tíu 3 og 4*.

Í dönsku var bókin *Dejlige Danmark; lesbók og verkefnabók*. Í ensku var bókin Matrix Pre-Intermediate; lesbók og verkefnabók ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Bókin *Stríðsárin á Íslandi* og skáldsagan *Grafarþögn* voru notaðar í þemanu Stríðsárin.

Bókin *Landafræði handa unglíngum, 2. hefti* var notað í þemanu Heimsreisan mín.

Bækurnar *Erfðir og þróun* ásamt *Sól, tungl og stjörnur* voru notaðar í þemanu Erum við ein í alheiminum.

Námsefnið *Margt er um að velja* var notað í þemanu Vinnan göfgar manninn.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Útikennsla og ferðir

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 9.bekk en farnar voru nokkrar vettvangsferðir. Í upphafi skólaárs fór bekkurinn í Öskjuhlíðina að skoða gamlar stríðsminjar í tengslum við þemað Stríðsárin. Í byrjun október fóru nemendur í einna náttu ferð á Úlfliótsvatn þar sem farið var í fjallgöngu og sigturninn prófaður. Þann 13. október fór bekkurinn ásamt 8. bekk í Þjóðmenningarhúsið að skoða ljósmyndasýninguna Íslendingar. Á sýningunni skoðuðu nemendur úrval ljósmynda úr samnefndri bók eftir þau Unni Jökulsdóttur rithöfund og Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndara. Í tilefni af vímuvarnarviku var unglíngadeild skólans boðið þann 26. október á opunarhátíð og frumsýningu á forvarnarleikritinu Hvað Ef, í Þjóðleikhúsinu. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjúalandsskóla. 30. maí fóru nemendur í ratleik um Jón Sigurðsson í miðbæ Reykjavíkur. 31.maí – 1. júní fóru nemendur í 8. og 9.bekk í útilegu í Hvalfirði og áttu nemendur þar góðar stundir. Skólaárinu lauk með hjólaferð í Nauthólsvík þann 6. júní.

Félagsstarf

Unglingastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglingum í Garðabæ. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki, jafnframt voru vikuleg opin hús í Sjálandsskóla á fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Samskólaball Sjálandsskóla, Garðaskóla og Álftanesskóla var haldið í Sjálandsskóla föstudaginn 22. október og heppnaðist vel. Í desember bauð unglingadeildin 7. bekk á ball. Viku fyrir árshátíð hélt 9. og 10. bekkur sleppover þar sem markmið næturinnar var að skipuleggja árshátíð unglingadeildarinnar. Nemendum var skipt í fjóra hópa þar sem hver hópur vann að ákveðnu verkefni fyrir árshátíðina. Árshátíð Sjálandsskóla var haldin fimmtudaginn 7. apríl. Nemendur og kennarar áttu ánægjulega kvöldstund saman, kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði. Eftir hátíðarmat var ball í Garðaskóla. Bekkjarfulltrúar héldu tvær uppákomur, annarsvegar vidoe kvöld og hinsvegar keilu ferð.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat fór heim í námsmatsmöppu. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Nemendur tóku samantektarpróf í stærðfræði, íslensku og ensku í lok maí.

Einn nemandi lauk 9. og 10. bekkjar námsefni í stærðfræði. Tveir nemendur luku 9. og 10. bekkjar námsefni í íslensku og fjórir nemendur luku 9. og 10. bekkjar námsefni í ensku.

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra vikulega. Í október var ákveðið að byrja með punktakerfi í unglingadeild og eftir það fengu nemendur einkunn fyrir ástundun. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 204 og 30 stundir, leyfi var 72 dagar og 17 stundir, fjarvistir voru 4 stundir og sein komur 20 stundir en eftir að punktakerfið var tekið upp í október þá voru 6 stundir í fjarvist og sein komur 63 stundir.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að innleiða markviss vinnubrögð og jákvætt andrúmsloft í bekknum sem tókst með ágætum. Nemendur bekkjarins eru góðir félagar, jákvætt og gott andrúmsloft einkennir bekkinn. Skipulag námsefnis náði að haldast mjög vel með litlum tilfæringum.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 10. BEKK

Nemendur í 10. bekk voru í vetur 21. 13 stúlkur og 8 drengir. Umsjónarkennari var Erna Sif Auðunsdóttir. Umsjónarkennari kenndi jafnframt stærðfræði og þær greinar sem kenndar voru í þemum ásamt valgreinunum Kynfræðsla, Microsoft Office og Dýrafræði . Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Anna Lilja Torfadóttir sem kenndi íslensku/ensku og val, Sigrún Reynisdóttir sem kenndi dönsku og val, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val, Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi val. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Sólveig Þórdís Einarsdóttir, Erna Sif Auðunsdóttir, Eygló R. Sigurðardóttir, Árni Mári Árnason, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir, Ólafur Schram, Sigurður Guðleifsson, Méryl Maussire Susan Gollefer, Maria Mercedes Teralta Noguera, Gunnsteinn Rúnar Sigfússon.

Sigríður Gísladóttir þroskaþjálfari kom að sérkennslu fyrir einstaka nemendur en aðallega var það einn nemandi sem naut aðstoðar hennar. Bryndís Rail aðstoðaði einn nemanda í stærðfræði.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 6,75 kennslustundir og íslenska 6,75 kennslustundir á viku. Danska og enska var kennd 2,6 kennslustundir á viku. Þema var kennd í 7,5kennslustundir á viku . Val var kennt 6,75 kennslustund á viku. Heimasvæði/vinnustundir var 2,25 kennslustundir á viku

Íþróttir voru kenndar í 1,1 kennslustundir á viku. Sund var kennt 1,1 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni. 3 vikur í hverri lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en verkefni og próf voru tekin í lok hvers lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvers lotu. Þema var kennt í mismörgum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

Þemaverkefni vetrarins

Orka

Fyrsta þema ársins nefndist *Orka og stóriðja*. Nemendur leystu skrifleg verkefni sem tengdust þeim námsbókum sem lágu til grundvallar s.s *Orka og Efnisheimurinn* ásamt bókum af bókasafni um orkuver og stóriðju. Þá tóku nemendur þátt í hópverkefni þar sem þeir kynntu sér náið starfshætti eins stóriðjuvers og kynntu það fyrir skólafélögum sínum.

Þjóðfélagið

Í þessu þema einbeittum við okkur að íslenska þjóðfélaginu. Nemendur unnu að hluta til í hópum og einstaklingslega. Unnið var með námsbókina *Þjóðfélagið* og leyst margvísleg verkefni úr bókinni en að auki unnu nemendur stórt hópverkefni. Rannsóknarverkefni sem unnið var með tengdist hugtökunum sem fjallað er um í bókinni. Þemað tengist fyrst og fremst þjóðfélagfræði og upplýsingatækni en í hópverkefninu réðu nemendur för við efnisval og úrvinnslu og því höfðu nemendur mikið um það að segja hvaða markmiðum varð unnið að. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum. Í lok þemans varð uppskeruhátíð hópverkefna.

CO₂

Í þessu þema einbeittum við okkur að fjalla um loftlagsmál. Unnið var með námsefnið CO₂ og leyst fjölmörg verkefni sem tengdust efni bókar. Veigamesta verkefnið voru „réttarhöld“ þar sem nemendahópurinn skiptist í dómendur, verjendur og sækjendur. Verkefnið var flutt fyrir foreldra og skólastjórnendur ásamt aðilum frá námsgagnastofnum sem mættu og hlýddu á verkefnið. Þemað tengist fyrst og fremst náttúrufræði en einnig samfélagsfræði og upplýsingamennt. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum.

Tækið

Þemað var tileinkaðar kraftfræði og nýsköpun. Efnið tengdist því helst eðlisfræði og upplýsingatækni. Nemendur lesa bókina *Kraftur og hreyfing* og vinna úr henni verkefni. Megin þunginn er þó á verkefni tengt nýsköpun. Nemendur fara í gegnum vinnuferli sem á að skila tiltekinni nýsköpunarhugmynd. Nemendur vinna með hugmyndina og ljúka sýnishorni af afurðinni.

Banvænn

Í næst síðasta þemanu einbeittum við okkur að mannlíkamanum, með sérstakri áherslu á ónæmiskerfi hans. Þá kynntu nemendur sér sérstaklega ýmsa sjúkdóma sem geta herjað á fólk. Ekki var um eiginlegt grunnleefni að ræða heldur horfa nemendur á fræðslumyndir og kvikmyndir sem á einn eða annan hátt fjalla um efnið. Horft var á myndina *Outbrake* sem hitti í mark hjá nemendum. Nemendur unnu í hópum að gerð stórrar heimildaritgerðar þar sem fjallað var um helstu líffærakerfi og ónæmiskerfið.

Hópurinn hélt einnig fyrirlestur um sjúkdóminn sinn fyrir skólafélaga. Þemað tengdist fyrst og fremst náttúrufræði en einnig upplýsinga- og tæknimennt. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum.

Verslun og viðskipti

Í síðasta þema vetrarins beindum við sjónum nemenda að verslun og viðskiptum. Um eiginlegt námsefni var ekki að ræða heldur byggði þemað að lang stærstum hluta á hópverkefni þar sem nemendur settu upp eigið viðskiptamódel og stofnuðu verslun eða fyrirtæki. Þemað tengist fyrst og fremst markmiðum fyrir upplýsinga- og tæknimennt. Vinnan við þemað fór bæði fram heima og í skólanum.

Skipulag kennslunnar

Þema var unnið út frá hugmyndum „hugsmíðahyggjunnar“ og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska kennd í 3 vikna lotum með innlögnum í upphafi, í hverri lotu er 1 megin þema, verkefnum skilað í lok hvernar lotu, sjálfspróf tekið og svo lotupróf, ef nemandi nær ekki ákveðinni fyrirfram einkunn (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði III* og *Átta/tíu 6*. Jafnframt voru notuð gömul samræmd próf og æfingar tengd þeim.

Bókin *Orka* var notuð í þemanu Orka. Bókin *Þjóðfélagið* var notuð í þemanu Þjóðfélagið. Bókin *CO₂* var notuð í þemanu CO₂. Bókin *Kraftur* og hreyfing var notuð í þemanu Tækið.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum

tölvupóst/síma í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Útikennsla og ferðir

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 10.bekk. Í september var farið í haustferð til Vestmannaeyja. Nemendur gistu í félagsheimilinu og ýmislegt var dundað. Farið var í sund, gönguferð um eyjuna, sprangað og kvöldvaka var um kvöldið. Frábær ferð og við fengum dásamlegt veður. Í tilefni af vímuvarnaviku var unglíngadeild skólans boðið þann 26.október á opunarhátíð og frumsýningu á forvarnarleikritinu *Hvað ef?* Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjálandsskóla. Í mars fórum við í vettvangsferð á Hönnunarsafn Íslands. Þar fengum við leiðsög um sýninguna hans Gunnars Magnússonar. Tilefnið var að nemendur voru að vinna að nýsköpunarverkefni í þemanu *Tækið*. Í lok mars fóru nemendur ásamt námsráðgjafa í heimsókn í Fjölbrautarskólann í Garðabæ. Þar fengu nemendur leiðsögn og fræðslu um skólann.

Félagsstarf

Unglingastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglíngum í Garðabæ. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki. Jafnframt voru vikulega opin hús í Sjálandsskóla á fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Samskólaball Sjálandsskóla, Garðaskóla og Álftanesskóla var haldið í Sjálandsskóla föstudaginn 22.október og heppnaðist nokkuð vel. 8.desember bauð unglíngadeildin 7.bekk á ball. Viku fyrir árshátíð hélt 9.og 10.bekkur „Sleepover“. Markmið næturinnar var að skipuleggja árshátíð unglíngadeildarinnar. Nemendum var skipt í 4.hópa, þar sem hver hópur vann að ákveðnu verkefni fyrir árshátíðina. Árshátíð Sjálandsskóla var haldin fimmtudaginn 7.apríl. Nemendur og kennara áttu ánægjulega kvöldstund saman þar sem kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði. Eftir matinn var ball í Garðaskóla.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat fór heim í námsmatsmöppu. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Nemendur tóku samantektarpróf í stærðfræði, íslensku og ensku í lok maí.

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra einu sinni í viku. Þegar líða tók á veturinn kom í ljós að margir nemendur voru ekki nógu samviskusamir í ástundun. Margir mættu seint í kennslustundir hvort sem það var á morgnana eða miðjum degi. Örfáir höfðu óútskýranlegar fjarvistir. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 111 dagar, leyfi var 124 dagar, fjarvistir 30 stundir og seinkomur 47 stundir.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrri hluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð sem tókst með ágætum. Skipulag námsefnis náði að halda nokkurn veginn en mjög gott var að hafa ekki þröngan tímaramma. Reynst hefur vel að hafa svokallaðar teygjuvikur á milli þema. Gott er að gera ráð fyrir lengri tíma en áætlaður er. Eftir páska hófust vikulegir bekkjarfundir sem reyndust vel. Æskilegt er að hafa þá fasta í töflu einu sinni í viku.

SKÝRSLA DÖNSKUKENNARA

Kennari: Sigrún Reynisdóttir kenndi dönsku í 8. 9. og 10. bekk. Fjórir árgangar voru í dönskukennslu skólaárið 2010 - 2011 7. 8. 9. og 10. bekkur. Í 8. – 10. bekk var einn bekkur í hverjum árgangi.

8. bekkur

8. bekkur, 11 nemendur, kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var einu sinni í viku þar sem sett var fyrir á mánudegi og skila átti á föstudegi. Heimanám var flestar vikurnar.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist og horfa á tvo þætti yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Tænk: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina *Begynd uden bog* og *Snak løs til að finna leiki og spil* fyrir nemendur.

Annað námsefni: Leikir, spil, teikniverkefni, tónlist, ljóð og annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unni í verkefnabók *Tænk*, önnur verkefni voru leikir, spil, teikniverkefni, tónlist og annað efni frá kennara.

Heimavinna

Heimavinna var höfð öðru hverju, einnig var ætlast til af nemendum að þeir klári heima það sem ekki náðist í kennslustundinni.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 70%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinnu hafa 30% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg og munnleg. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir.

9. bekkur

9. bekkur, 18 nemendur (þar af einn nemandi með 10. bekkjar námsefni), kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, kennara og hvorn annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á eina bíómynd. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókar.

Lestur

Unnið var í námsbókum, lesin léttlestrarbók og lagatextar.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbók. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina Snak løs til að finna leiki og spil fyrir nemendur.

Annað námsefni: Léttlestrarbók, leikir, spil, saga, ljóð, myndasaga, tónlist, verkefni af vefnum danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unni í verkefnabók Dejlige Danmark, léttlestrarbók var lesin og verkefni unnið í tengslum við hana bæði skriflegt og munnleg. Önnur verkefni voru leikir,

spil, tónlist, ljóða- sögu- og setningagerð, verkefni af danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Heimavinna

Heimavinna var höfð öðru hverju, einnig var ætlast til af nemendum að þeir klári heima það sem ekki náðist í kennslustundinni.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 70%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinna hafa 30% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg og munnleg. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir.

10. bekkur

10. bekkur, 16 nemendur, kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, kennara og hvorn annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á eina bíómynd. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókar.

Lestur

Unnið var í námsbókum, lesin léttlestrarbók og lagatextar.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbók. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina Snak løs til að finna leiki og spil fyrir nemendur.

Annað námsefni: Léttlestrarbók, leikir, spil, saga, ljóð, myndasaga, tónlist, verkefni af vefnum danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unni í verkefnabók Ekko, Önnur verkefni voru leikir, spil, tónlist, ljóða- sögu- og setningagerð, horft á bíómynd, verkefni af danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Heimavinna

Heimavinna var oftast höfð einu sinni í viku. Einnig var ætlast til af nemendum að þeir klári heima það sem ekki náðist í kennslustundinni.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 70%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinnu hafa 30% vægi á móti könnunum og prófum. Kannanir og próf voru bæði skrifleg og munnleg. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir.

SKÝRSLA ENSKUKENNARA

Kennari: Anna Lilja Torfadóttir

Skólaárið 2010-2011, 8. 9. og 10. bekkur, í hverjum árgangi var einn bekkur.

8. bekkur

8. bekkur, 15 nemendur (þar af 1 nemandi sem tók efni 9. og 10. bekkjar), kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Nemendur og kennari lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum ásamt öðrum hlustunaræfingum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Matrix Foundation: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Lesskilningshefti, kjörbækur, hlustunarefni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók Matrix Foundation. Önnur verkefni voru lesskilningur, glærुकynningar í tengslum við þema, kjörbókarritgerð, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með óreglulegar sagnir.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skriflega kaflapróf, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Einnig voru

skrifleg málfræði- og lesskilningspróf í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 30% og vorönn 70%.

9. bekkur

9. bekkur, 19 nemendur (þar af 4 nemendur sem tóku efni 9. og 10. bekkjar og 1 nemandi sem var í sérefni), kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Nemendur og kennari lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum ásamt öðrum hlustunaræfingum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: New Matrix Pre-Intermediate: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Kjörbækur, hlustunarefni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók New Matrix Pre-Intermediate, Önnur verkefni voru lesskilningur, glærुकyningar, kjörbókarritgerð, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með óreglulegar sagnir.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skriflega kaflapróf, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Einnig voru skrifleg málfræði- og lesskilningspróf í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 30% og vorönn 70%.

10. bekkur

10. bekkur, 18 nemendur (þar af 1 nemandi sem var í sérefni), kennsla tvisvar til þrisvar í viku, einn til tveir tímar í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105-150 mínútur á viku.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Nemendur og kennari lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum ásamt öðrum hlustunaræfingum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: New Matrix Intermediate: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Kjörbækur, kvikmyndir, hlustunarefni af vefnum og annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók New Matrix Intermediate. Önnur verkefni voru kvikmyndaverkefni, lesskilningur, glærुकynningar, kjörbókarritgerð, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með óreglulegar sagnir.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skriflega kaflapróf, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Einnig voru skrifleg málfræði- og lesskilningspróf í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Munnlegt próf var svo tekið í maí. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 30% og vorönn 70%.

SKÝRSLUR LIST OG VERKGREINAKENNARA

SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA

Kennarar: 1.-2. bekk Hrafnhildur Sævarsdóttir og 3.-10. bekk Davíð Örvar Ólafsson

1. og 2. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki.

Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þeir gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.



Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn 60 mín tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og frá maí fram í júní var nær eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í íþróttasalnum aðra vikuna og í danssalnum hina vikuna yfir háveturinn. Um var að ræða þrjá námshópa í vetur með 16,18 og 19 nemendum.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvabjálfun. Liðleikabjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsariþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þristökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Í danssalnum var svokölluð hreyfistund þar sem nemendum var skipt niður á stöðvar þar sem áherslan var á gróf- og fínhreyfingar ásamt íslensku og stærðfræði. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Boccia, krikket, kóngaleikur, munkur og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Einnig var hjólatími og fjörutími. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölbreytt og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta

skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, að þessu sinni á haustönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tíma var Tarzanleikur.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvafjálfun og svo voru þrautabrautir. Í byrjun hvefarrar annar er útbúin kennsluáætlun m.t.t. aðalnámskrá grunnskóla. Gerð er gróf áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í. Ég vinn eftir þessu grófskipulagi en auðvitað vík ég frá þessu skipulagi allt eftir dagsformi mínu og nemendanna.

Tenging við lotur

Of lítið var unnið með umsjónakennurum tengt lotum. Íslenska og stærðfræði var samþætt við íþróttir. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadögum og gróðursetningardegi.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem til eru.

Vettvangsferðir

Sjá vettvangsferðir árganga.

Matsaðferðir

Í nóvember var lagt fyrir nemendur sjálfsmat þar sem kom meðal annars fram hvernig nemendum líður í tímum og hvort þeim finnst gaman eða ekki. Þá skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda. Í maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara: sipp, 60m sprettur, kraftur, liðleiki, samvinna, hegðun, virkni og/eða hvernig þau fara eftir reglum í leikjum. Skoðun nemenda á íþróttum kom fram ásamt stuttri umsögn um hvern og einn nemanda frá kennara.

Allir nemendur í 1. bekk voru teknir í MOT 4-6 próf sem er hreyfiproskapróf.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Almennt gekk kennslan vel í vetur og nemendahópurinn var orkumikill, fjölbreyttur og skemmtilegur. Hópnum var skipt eftir umsjónahópum og gæti það hafa komið aðeins niður á nemendum 2. bekkjar hvað varðar boltagreinararnar en þau fengu meiri æfingar fyrir gróf- og fínhreyfingar.

3.og 4. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagá sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða 2 námshópa, einn hópur var með 23 nemendur en hinn var með 24 nemendur. Vegna fæðingarorlofs kennara voru tveir forfallakennarar á þessu skólaári.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, borðtennis, badminton, bandý. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Einnig þessar hefðbundnu boltaíþróttir, fótbolta, handbolta, körfubolta og blak. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvaþjálfun og einnig notaði ég þau aukalega þau rými sem nýja húsnæðið býður uppá, pallinn fyrir framan íþróttasalinn og einnig danssalinn uppi. Í byrjun hverrar annar glugga ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Síðan geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og styðst við mína tímaseðla og geri smávægilegar breytingar en grunnurinn er ávallt sá sami, upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og

áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

Tenging við lotur

Lítið var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera meira af því á næsta ári. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi og gróðurdegi.

Námsgögn og efni

Ýmsar bækur og geisladiskar.

Vettvangsferðir

Krakkarnir voru í útihlaupum á haust- og vordögum og hlaupa þá annaðhvort út að gálgahrauni eða að Arnarnesinu.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru krakkarnir í píptest og í janúar og febrúar vour svo íþróttapróf og að þessu sinni var prófað í langstökki án atrennu, körfuhittni, að sippa og spretthlaupi, 80metrar.. Eins skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda og var umsagnarblað sent heim í skólalok. Vegna fæðingarorlofs var einungis sent heim eitt umsagnarblað þetta skólaár.

Mat

Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Við vorum meira inni þennan vetur en undanfarna vetur. Það var vegna þess að mér fannst mikilvægara að nemendur fengju jákvæða upplifun og góða hreyfingu inni í stað þess að vera með þau úti í slæmu veðri. Mér fannst hópaskiptingin koma vel ágætlega út.

5.-7. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjúalandsskóla. Um var að ræða þrjá námshópa í 5.-6.bekk, stúlkur í 5.bekk, stúlkur í 6.bekk og strákar í 5.-6. Saman. Þessar hópaskiptingar heppnuðust mjög vel og vonandi verður framhald þar á á næsta skólaári.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikir, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitög, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarbekkjunum en því þarf að breyta.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými. Í Ásgarði vorum við svo með afnot af flestum áhöldum og tækjum sem þar eru fyrir, en það verður að segjast eins og er að þau eru af skornum skammti.

Vettvangsferðir

Þessir hópar voru meira í útihlaupum heldur en þeir yngri og einnig kenndi ég í haust úti á skólalóð í tæpa 2 mánuði.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Í janúar

og febrúar lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Langstökk án atrennu og körfuskot, spretthlaup, 80metrar og að sippa á tíma voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig, væru á réttri leið eða hefðu góð tök á þessum viðfangsefnum.

Mat

Eins og gengur leggja sumir sig alltaf fram í hverjum tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu. Það getur reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Einnig var badminton og körfubolti nýtt í innikennslu í skólanum. Kaðlabrautin var nýtt vel eftir að hún kom upp.

8.-10. Bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Þessir árgangar fá 45 mín á viku í íþróttum. Krökkunum var skipt upp í 4 hópa, 8 bekkur var saman, einn stelpuhópur og einn strákahópur og svo einn blandaður strákum og stelpum. Hópaskiptingin heppnaðist ágætlega en persónulega vil ég skipta þessu alfarið eftir kyni. Strákar sér og stelpur sér.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarbekkjunum.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin og tæki í íþróttarými. Áhöld og tækjum til íþróttakennslu er alltaf að fjölga og vonandi bætist í íþróttageymsluna okkar nú í sumar.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Í janúar og febrúar lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Langstökk án atrennu og körfuskot, spretthlaup, 80 metrar og að sippa á tíma voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig, væru á réttri leið eða hefðu góð tæk á þessum viðfangsefnum. Nemendur í 8.-10. Fengu svo lokaeinkunn í íþróttum byggt á þessum prófum og mætingu og áhugi/virkni í tímum. Lokaeinkunn er á skalanum 1-10.

Mat

Sumir leggja sig alltaf fram í hverjum einasta tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu. Það getur því reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Einnig var badminton og körfubolti nýtt í innikennslu hérna í skólanum og voru krakkarnir ánægðir með þá viðbót. Á næsta ári verður svo geymslan full af nýjum áhöldum og getum við þá enn frekar bætt við fjölbreytnina svo sem fimleika og frjálssar íþróttir.

SKÝRSLA SUNDKENNARA

Kennari: Hrafnhildur Sævarsdóttir

1.- 2. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhræddir og geti að nota sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er

líka að kenna þeim á búningsaðstöðu en mikilvægt er að foreldrar geri það sumarið fyrir skólabyrjun svo hægt sé að nota sundtímana meira ofan í lauginni.

Samræmda sundstigið er eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk:

- Staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- Flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja
- Gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.
- Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.
- Flot á bringu
- Flot á baki

Markmiðin fyrir 2. bekk.

- marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja
- 10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja
- spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra
- skriðsundsfótatök
- baksundsfótatök
- flot á baki
- hoppað af bakka í laug

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sundaðferðir, köfun, öndun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Sundkennari er ofan í lauginni með nemendum. Eftir páska fór kennarinn aðeins upp á bakkann til að auka hjá þeim sjálfstæði og áræðni. En það er nauðsynlegt fyrir framfarir nemenda að kennari sé ofan í með þeim fyrstu tvö árin.

Farið var í köfun, flot, leiki og beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar sem nemendur höfðu sjálfir metið sig m.a. hvort þeim líði vel í sundtímum, hvort þeim finnist gaman og hvort þau fari oft í sund utan skólatíma. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann. Ég bætti inní námsmatið hjá 1. bekk flöt á bringu, flöt á baki, hoppa af bakka í laug og skriðsundsfótatök. Hjá 2. bekk bætti ég við skriðsundsfætur, baksundsfætur og flöt á baki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og veraldarvefurinn.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan takast mjög vel í vetur. Nemendur tóku framförum og nær allir geta bjargað sér í djúpu vatni. Í heildina tel ég að allir séu sáttir þ.e. nemendur, foreldrar og sundkennari.

3. – 4. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 3. bekk.

- 12 m bringusund
- 12 m skólabaksund
- 8 m skriðsund
- 6 m baksund
- Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.
- Stunga úr kroppstöðu

Markmiðin fyrir 4. bekk

- 25 m bringusund
- 15 m skólabaksund
- 12 m skriðsund
- 12 m baksund
- Flugsundsfótatök
- Stunga úr kroppstöðu

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, sunnaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Skiptingin á hópunum var einn sterkur 4.bekkjá hópur, einn hópur blandaður úr 3.- 4. bekk sem í voru mjög slakir nemendur og svo var einn 3. bekkjá hópur.

Farið var mikið í beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir vonandi til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda. Fyrir áramót fengu nemendur þriðja hvern sundtíma frjálstan. Þess á milli syntu þau eins og herforingjar. Eftir áramót þurftu nemendur í hverjum hópi að vera mjög dugleg í fjóra tíma og fengu svo fimmta tímann frjálstan.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftar í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan í heildina takast mjög vel. Það eru mjög slakir nemendur í 3. – 4. bekk sem eftir á að hyggja hefði komið betur út fyrir þá að kennari færi ofan í laugina með þeim. En það var ekki mögulegt fyrir kennara vegna kennslu í tímanum á undan og eftir. Mikilvægt er að foreldrar aðstoði nemendur utan skólatíma við að ná tökum á þeim markmiðum sem þau ekki ná í sundkennslu.

5.-6. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 5. bekk.

- 75 m bringusund

- 25 m skriðsund
- 25 m skólabaksund
- 12 m baksund
- Marvaði í 30 sek
- 10 m flugsundsfótat.
- Stunga af bakka
- Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Markmiðin fyrir 6. bekk.

- 200m bringusund
- 25m bringusund (35 sek)
- 50m skólabaksund
- 25m skriðsund
- 25m baksund
- 15m björgunarsund
- 8m kafsund
- 10m flugsund með hjálpartækjum
- Stunga

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol, á leiki og keppni.

Kennslu og vinnuáferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og veraldarvefurinn.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan takast mjög vel. Nemendur í þessum árgöngum eru mjög vel synd og synda virkilega vel. Ég mætti alveg örugglega brjóta kennsluna meira upp með leikjum.

7. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni og séu óhrædd. Að nemendur læri að synda (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) m.a. svo þeir geti bjargað sér í vatni og öðrum. Að nemendur geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni. Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars. Að lokum að nemendur efli styrk og þol.

Markmiðin fyrir 7. bekk.

- 300 metra bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mínútum.
- 25 metra skólabaksund, stílsund.
- 25m skriðsund, stílsund
- 25m bringusund, stílsund
- 15 metra björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsátök).
- 8 metra kafasund, stílsund.
- 50 metra bringusund á tíma
- 25 metra skriðsund á tíma
- 25mbaksund, stílsund
- Stunga af bakka, stíll

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Kynjaskipt sem er nauðsynlegt fyrir þennan aldur.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol, á leiki og keppni. Eins var farið á inni kajaka, lært að velta og farið í leiki á kajökunum.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði fyrir áramót en á mánaðar fresti eftir áramót. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknuðu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Í þessum árgangi byrja nemendur að forðast sund með því að gleyma sundfötum í tíma og ótíma. Þetta er líka reynslan frá því í fyrra. Það er algjör nauðsyn að byrja að kynjaskipta nemendum á þessum aldri. Hér þarf að vinna meira með nemendum að það sé kostur fyrir t.d. síðari ár að kunna að synda og eins að sund er hreyfing sem þau hafa mjög gott af.

8. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 8. bekk.

- 400 m þolsund, val um aðferð
- 75m skriðsund
- 50m baksund
- 50m bringusund (65/67sek)
- 25m skriðsund (30 sek)
- 25m flugsund m/ hjálpartækjum
- 10x50m ýmsar sundaðferðir

- Marvaði 60 sek
- 8m kafsund, ná í hlut á 2m dýpi og endurtekið eftir 10 sekúndur.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Bekkurinn var það lítil að það voru allir saman í sundi sem var ekki alveg að gera sig. Hvorki fyrir stúlkurnar né piltana.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og keppni. Þegar nemendur eru komnir í 8. bekk þá vil ég að þau séu búin að ná mjög góðum tókum á sundaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun og vinnusemi sem er á sex vikna fresti. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim, þar kom fram hvar nemendur standa skv. sundstiginu sem þau þurfa að ná að vori. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknud. Í febrúar var sent heim sundmætingin, námsmat (tölu einkunn fyrir hvern lið í sundstiginu sem nemandi hafði tekið) og sjálfsmat nemenda. Þar sem enn og aftur kom fram hver staða nemandans var í sundi og hvort nemandi hafi tekið framförum. Í júní fengu nemendur eina heildareinkunn fyrir sund.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega nema hvað nemendur mæta mjög illa í sund. Flestir þeir slöku virtust ekki hafa áhuga á að bæta sig. Ég sendi heim auka námsmat í febrúar svo þau gætu bætt sig en það var ekki alveg að virka eins vel og ég vildi.

9. – 10. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 9. bekk

- 75m þrísund (baksund, bringusund, skriðsund – stílsund)
- 8m kafund - stílsund
- 100m bringusund (2,20/2,25 sek)
- 50m skriðsund (60/62 sek)
- 25m baksund (32/34 sek)
- 500m þolsund
- Fatasund

Markmiðin fyrir 10. bekk

- 600m þolsund á innan við 20 mín.
- Val um tvær tímatökur:
 - 100m bringusund
 - 50m skriðsund
 - 50m baksund
 - 25m flugsund
- Stílsund:
 - 12m kafund
 - 50m bringusund
- Björgunarsund með jafningja 25m eftir 30 sek marvaða í fötum.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og keppni. Þegar nemendur eru komnir í 9.-10. bekk þá vil ég að þau séu búin að ná mjög góðum tókum á sundaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendur í 9. og 10. bekk voru saman í sundtímum. Einn tíminn var kynjablandaður, í einum tíma voru bara stúlkur og í þriðja tímanum voru bara piltar. Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Það var einn bóklegur tími þar sem nemendum gafst kostur á að skipuleggja skemmtilegann sundtíma sem kennari myndi síðar kenna. Nemendur vinna sér inn

frjálsan tíma með góðri hegðun og vinnusemi sem er á sex vikna fresti. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim, þar kom fram hvar nemendur standa skv. sundstiginu sem þau þurfa að ná að vori. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudú. Í febrúar var sent heim sundmætingin, námsmat (tölu einkunn fyrir hvern lið í sundstiginu sem nemandi hafði tekið) og sjálfsmat nemenda. Þar sem enn og aftur kom fram hver staða nemandans var í sundi og hvort nemandi hafi tekið framförum. Í júní fengu nemendur eina heildareinkunn fyrir sund.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Sundkennslan gekk vel í vetur. Nemendur mega gjarnan mæta betur í sundtíma. Í febrúar var sent heim aukanámsmat sem ég hefði óskað eftir að skilað betri árangri en raun varð á.

Ábendingar um kennsluna.

Sundlaug Sjálandsskóla er mjög góð.

Lykilatriði í sundkennslunnar er að hafa hópana ekki of stóra. Litlir hópar skila tvímælalaust betri árangri.

Í eldri bekkjunum er nauðsynlegt að hafa sundtímana kynjaskipta frá 7. bekk og upp úr. Eins komu upp vandræði í tímum þegar 9. og 10. bekkur voru blandaðir saman. Þegar 8. bekkjar strákar voru að fara í sundtíma á eftir 9. og 10. bekkjar piltum skapaðist vandamál í klefnum. Nemendur verða að bæta mætingar á næsta skólaári.

Í vetur fengu nemendur kennslu í flugsundi sem tókst vel og áform eru um að halda áfram með á n.k. skólaári.

SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

1.- 2. bekkur

Í myndmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennarar voru tveir, Sólveig Þórdís Einarsdóttir frá ágúst til mars en þá tók Guðrún Dóra Jónsdóttir við og starfaði frá mars til júní. Nemendur voru alls 52 og skiptust þeir í fimm hópa með níu til ellefu nemendum í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið tvisvar sinnum í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Í námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum.

Verkefni

Mappa

Fjölskyldumynd úr grunnformum

Litafræði, litaprufu og litablöndun

Áferðaprykk

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin á eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

3. – 4. bekkur

Í myndmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennarar voru tveir, Sólveig Þórdís Einarsdóttir frá ágúst til mars en þá tók Guðrún Dóra Jónsdóttir við og starfaði frá mars til júní. Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 45 og var kennt í fjórum hópum með 11 – 12 nemendum í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið þrisvar sinnum í viku í níu vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum.

Verkefni

Mappa

Íslenskur listamður kynntur, unnið verk í hans anda Litafræði, heitir og kaldir litir, 6 litahringur, andstæðir litir.

Samvinnuverkefni

Forsíða á útikennslubók

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunu og ýmis mynddæmi úr bókum og Listavefur krakka - Námsgagnastofnun.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

5. – 6. bekkur

Í myndmennt í 5. - 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennarar voru tveir, Sólveig Þórdís Einarsdóttir frá ágúst til mars en þá tók Guðrún Dóra Jónsdóttir við og starfaði frá mars til júní. Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 59 og var kennt í fimm hópum með 11 – 13 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum.

Verkefni í myndmennt

Mappa

Neikvætt og jákvætt rými

Hvítar útlínur

Impressjónismi

Samvinnuverkefni

Einn hópur gerði pappamassadýr tengt náttúrufræðipema

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum. Bækur um listamenn ásamt upplýsingum á netinu voru líka notaðar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

7. bekkur

Í myndmennt í 7. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Kennarar voru tveir, Sólveig Þórdís Einarsdóttir frá ágúst til mars en þá tók Guðrún Dóra Jónsdóttir við og starfaði frá mars til júní. Nemendur í 7. bekk voru alls 38 og var kennt í 3 hópum með 11 – 13 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu tvisvar í viku Námið byggðist upp af skylduverkefnum en stundum voru aukaverkefni.

Verkefni

Mappa

Kúbismi

Abstraktlist

Fjarvídd

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hvora lotu fyrir sig. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök

- Er á réttri leið
- Á erfitt með

8. – 9. bekkur / val

Nemendur í 8 – 9. bekk vour með myndment sem valfag í lotum. Kennarar voru tveir, Sólveig Þórdís Einarsdóttir frá ágúst til mars en þá tók Guðrún Dóra Jónsdóttir við og starfaði frá mars til júní. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 11/2 -2 klst í senn, í hópunum voru 13 til 14 n

Verkefni í myndmennt

Teikning, hlutateikning þar sem nemendur lærðu mælingar. Byrjað var á einföldum teikniæfingum sem urðu flóknari eftir leikni hvers nemanda við mælingarnar.

Málun, nemendur lærðu að mála með margskonar efnum, t.d. vatnslitum, akrýl- og olíumálningu.

Leirmótun, nemendur lærðu fjórar leiraðferðir. Þau gerðu skilduverkefni ásamt frjálsum verkefnum út frá þeim leiraðferðunum.

Skartgripagerð, nemendur unnu allar hugmyndir í verkefnabók. Unnið var með nýtt efni í hverjum tíma en sköpun nemenda réði til um útkomuna.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

A - Nemandi hefur mjög góð tók á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tók á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

1.- 2. bekkur

Kennari: Árni Már Árna Árnason

Í smíði 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Árni Már Árnason frá 2010-2011. Nemendur voru alls 52 og skiptust þeir í fimm hópa með níu til ellefu nemendum í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið tvisvar sinnum í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Í námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum.

Verkefni

Nafnspjald skrifað á krossvið með brennipenna.

Teningar úr við og merktir frá 1 -6.

Flugvél úr við, máluð í lit.

Bíll sem hægt er að keyra, málaður lit.

Rúm sem var málað í litum.

Ýmis aukaverkefni sem nemendur gerðu eftir sinni hugmynd.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í Smíðastofu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikensla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Og málstokkur sem er þjálfun í framsögn.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

3. – 4. bekkur

Í Hönnun og smíði 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Árni Már Árnason frá 2010 til

2011. Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 45 og var kennt í fjórum hópum með 11 – 12 nemendur í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið þrisvar sinnum í viku í níu vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum.

Verkefni

Bíll ,málaður í lit.

Fuglahús smíðað úr endurunnum smíðavið.

Tálguð strengjabrúða sem hægt er að stjórna hreyfingum handa og fóta.

Teningar brenndir með tölum.

Bátar með húsi og segli.

Tálgaðir pennar með blekfyllingu.

Lyklakippur með bandi og hring.

Tálgað tré, ýmis form.

Frjálsir tímar sem nemendur vinna að þeirra hugmynd.

Samvinnuverkefni

Fuglahús

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

5. – 6. bekkur

Í myndmennt í 5. - 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Árni Már Árnason frá 2010 til 2011. Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 59 og var kennt í fimm hópum með 11 – 13

nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum.

Verkefni :

Púsl sem nemandi sakapar eftir sinni hönun.

Brauð bretti.

Lampi rendur í rennibekk.

Brúða sem hægt er að stjórna gerð í rennibekk.

Skúta með segli.

Fuglahús - endurvinnsal

Plast mótað í skálar.

Frjáls verkefni.

Kassi úr smíðavið fyrir smádót.

Kertastjaki tálgaður út í tré.

Skartgripir úr málmum kopar og silfri.

Samvinnuverkefni

Snorra saga og sverð úr mjúku frauði. Heiti á staðháttum með seglum fyrir segul töflu. Draumaherbergið mitt var starfræðiverkefni þar sem 3cm var 1 metri um reiknað á blað síðan var það smíðað í réttum hlutföllum og gert innbú í herbergið.

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu , auk efniviðar úr skóginum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Framsögn þjálfuð með s.k. málstokk.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tók
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

7. bekkur

Í Hönnun og smíði 7. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Árni Már Árnason frá 2010 til 2011. Nemendur í 7. bekk voru alls 38 og var kennt í 3 hópum með 11 – 13 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu tvisvar í viku. Námið byggðist upp af skyldu- og aukaverkefnum.

Verkefni:

Mappa fyrir ferminguna - gestabók.

Fuglahús.

Skarpgripa gerð úr málm og grjóti.

Lampi unnin í rennibekk.

Ísland sagað út úr MDF og málað.

Ostapakki úr plasti eða við.

Flugvél eða annað úr við.

Unnin ýmiss form í plast.

Frjálsir tímar sem nemendur vinna að eigin hugarefnum.

Tálgun í skóginum.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni. Efniviður m.a. úr skóginum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hvora lotu fyrir sig. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Er á réttri leið
- Á erfitt með

8. – 9. bekkur / val

Nemendur í 8 – 9. bekk voru með Hönnun og smíði sem valfag í lotum. Kennari var Árni Már Árnason frá 2010 til 2011. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 11/2 -2 klst í senn, í hópunum voru 13 til 14 nemendur.

Verkefni í Hönnun og smíði.

Glervinna. Mótaðar skálar, krossar í gler, kertastjakar o.fl.

Rafmagnsvinna. Smíðaður lampi og tengdur með peru og rofa. Almenn fræðsla um rafmagn.

Plastvinna mótaðir ýmsir hlutir úr plasti s.s. skálar o.fl.

Tálgað úr viði ýmsir hlutir s.s., stafir, karlar, smjörhnífur og snagar.

Frjálsir tímar þar sem nemendur vinna hluti eftir eigin teikningum.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

A - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

SKÝRSLA Í TEXTÍLKENNARA

1.- 2. bekkur

Kennari: Sigrún Reynisdóttir

Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 52 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 9 – 11 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið í 2svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu að vinna aukaverkefni.

Verkefni í textílmennt unnin af 1. - 2. bekk skólaárið 2010 - 2011

- Vef stelpa eða strákur
- Uppáhalds dýrið mitt

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Á réttri leið
- Á erfitt með

3. – 4. bekkur

Kennari Sigrún Reynisdóttir.

Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 45 og var kennt í 4 hópum í textílmennt með 11 – 12 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3svar í viku í 8-9 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum.

Verkefni í textílmennt unnin af 3. – 4. bekk skólaárið 2010 - 2011

- Krosssaumur og poki
- Þrjónað dýr
- Órói

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, t saumavélaæfingar af vef námsgagnastofnunar. Hannyrðir í 3. – 6. bekk, Á þrjónunum, aðrar bækur sem nemendur hafa aðgang að í textílstofu og gögn frá kennara.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Á réttri leið
- Á erfitt með

5. – 6. bekkur

Kennari: Sigrún Reynisdóttir

Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 59 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 11 – 13 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum.

Hver nemandi vann verkefni á sínum eigin hraða. Við val á verkefnum voru nemendur beðnir um að finna sér verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt. Farið var fram á að þeir veldu sér verkefni við hæfi - þar sem þeir teldu að þeir bættu við sig nýrri þekkingu.

Verkefni í textílmennt unnin af 5. – 6. bekk skólaárið 2010 - 2011

- Flísvettlinga
- þrjónaverkefni að eigin vali
- þæft í þrívídd

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni í textílmennt tengdist stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara s.s.

- Skikkjur (Benjamín Dúfa og Snorri Sturluson)
- Þari (Urð og grjót)

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofunni, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, þrjónabækur, saumablöð og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Á réttri leið
- Á erfitt með

7. bekkur

Kennari: Sigrún Reynisdóttir.

Nemendur í 7. bekk voru alls 38 og var kennt í 3 hópum í textílmennt með 11 – 13 nemendur í hverjum hóp. Í listum í 7. bekk bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Nemendur komu í lotum 2svar í viku í 11 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefni en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Þeir sem fljótastir voru með verkefnið sitt fengu meira rými fyrir frjálsa sköpun.

Verkefni í textílmennt unnin af 7. bekk skólaárið 2010 - 2011

- Hakkisakkbolti
- Hanna húfu eða hatt
- Valverkefni

Önnur valverkefni hafa verið í boði fyrir þá nemendur sem hafa haft tíma s.s. þrjón, hekl, vélsaumur, útsaumur eða annað sem nemandi óskaði eftir.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, prjónabækur, saumablöð og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var eftir önnina þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

- Góð tök
- Á réttri leið
- Á erfitt með

8. – 9. bekkur val

Kennari: Sigrún Reynisdóttir

Nemendur í 8. – 10. bekk voru með textílmennt sem valfag í lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 8 vikur, 11/2 – 2 klukkutíma í senn. Nemendur fengu nokkuð frjálsar hendur á vali á verkefnum og var sköpun nemenda sem réði ríkjum.

Valgreinar sem kenndar voru:

Fatahönnun/fatasaumur: nemendur saumuðu flíkur og fylgihluti, unnið var eftir sniðum sem nemendur bjuggu til sjálfir eða fundu í blöðum eða bókum. Afurðirnar voru mjög fjölbreyttar s.s. kjólar, peysur, pils, toppar, töskur, veski og húfur. Valinu lauk með tískusýningu nemenda.

Prjón og hekl: nemendur prjónuðu og/eða heklðu eftir uppskriftum flíkur og fylgihluti, nemendur skiluðu afurðum úr annað hvort prjóni og hekli eða bæði. Afurðirnar voru mjög fjölbreyttar s.s. Peysur, hundapeysur, barnapeysur, töskur, vettlingar, sokkar og ennisbönd.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, prjónabækur, saumablöð og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

A - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA

Tími

Í vetur var tónmennt kennd í 14 klst. og 55 mínútur á viku. Þar af voru 2 klst. og 40 mínútur nýttar í kórstarf skólakórsins. Allir nemenda hópar frá 1. – 8. bekk fengu tónmenntakennslu 1 klst. á viku. Allir nema 7. bekkur komu saman í heilum bekkjum en þar komu nemendur kynskipt í tónmennt. Þær fimm vikur sem 8. bekkur var í þemanu *Tónlist 20. aldar* fengu þau 40 mínútna viðbótartíma á viku. Þrjú valnámskeið í tónmennt voru kennd í vetur fyrir nemendur á unglíngastigi. Á haustönn voru kennd námskeiðin *Tónlist og myndbönd* og *Rafmagnað samspil 1*, og á vorönn námskeiðið *Rafmagnað samspil 2*.

Kennslan í 1. – 2. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í undirbúningi uppsetningar leikritsins um skilaboðaskjóðuna æfðu nemendur lögin úr leikritinu í tónmennt.
- Taktur. Nemendur hafa spilað takta eftir nótum og hefur verið farið í ýmsa leiki þar sem unnið er með takt. Einnig hefur verið spilað á skólahljóðfæri í takt við tónlist og eftir fyrir mælum og stjórnun kennara eða samnemenda.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Sköpun. Nemendur sömdu eigin söngtexta og bjuggu til og skráðu sína eigin takta. Einnig sömdu nemendur stutt hljóðverk á skólahljóðfæri sem túlkuðu tiltekin veður.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa lært um mun á laglínuhljóðfærum og takthljóðfærum auk hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmbásturs- og strengahljóðfæri. Í tengslum við tónverkið *Pétur og úlfurinn* voru unnin verkefni og spilið um *Pétur og úlfinn* spilað. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði

takt- og laglínuhljóðfæri og m.a. tekið upp nokkur lög til birtingar á heimasíðu skólans, spunnið og skapað á þau.

- Hlustun. Í tengslum við kynningu á hljóðfærum var hlustað á tónverkið *Pétur og úlfinn* eftir Sergei Prokofiev. Þegar unnið var með veðrið var hlustað á ýmsa veðra tónlist og m.a. hlustuðu nemendur á *Regndropa prelúdíuna* eftir Chopin. Einnig hefur verið hlustað á tónlist eftir Mozart, Beethoven
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
- styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
- langa og stutta tóna
- tónhæð (háir og lágir tónar)
- óhefðbundna nótnaskrift
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki og dönsuðu einfalda dansa.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni auk verkefna úr verkefnabók 1 fyrir tónmennt. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu *Music Express year 1 og year 2*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 1. og 2. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- getur leikið einfaldan spuna á tréspil yfir undirspil
- þekkir helstu lengdargildi nótna
- getur skrá taktnótur eftir heyrn
- þekkir styrkleikamerkin *piano* og *forte*
- þekkir nokkur hljóðfæri símfóníuhljómsveitar
- getur notað skólahljóðfæri til að túlka tiltekið veður á einfaldan hátt
- getur leikið einfalt undirspil við sönglag á takt eða laglínuhljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

Kennslan í 3. – 4. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við þemað *Saga mannkyns* lærðu nemendur lög frá ólíkum menningarsvæðum og tímabilum sögunnar. Þá sömdu nemendur tvö lög við texta íslenskra skálda.
- Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri auk líkams rytma. Nemendur unnu með Suður-ameríska takta í tengslum við þemað *Saga mannkyns*.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar. M.a. spunnu nemendur yfir polka undirspil hvers annars og í tengslum við þemað *Saga mannkyns* var spunnið með pentaton tónstiga.
- Tónsköpun. Í vetur sköpuðu nemendur hljóðverk með hjálp grafískrar nótnaskriftar. Á haustönn sömdu nemendur lög við gömul íslensk ljóð og á vorönn voru samin lög við ljóð Halldórs Laxness í tengslum við þemað um hann.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Sérstök áhersla var lögð á tónlist Mozarts og kynntust nemendur nokkrum verkum hans. Í tengslum við þemað *Saga mannkyns* var hlustað á tónlist frá Kína, Perú og gregorískan munnkasöng. Í þemanu um Halldór Laxness var hlustað á nokkur þekkt lög við ljóð hans.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa leikið einfaldar útsetningar af lögum á skólahljóðfæri, bæði laglínuhljóðfæri og takthljóðfæri. Í tengslum við þemað *saga mannkyns* léku nemendur nokkur lög frá ólíkum löndum og tímabilum á skólahljóðfæri. Í þemanu um Halldór Laxness völdu nemendur sér hljóðfæri til að leika frumsamin lög á, ýmisst laglínu, takt eða hljómahljóðfæri. Á hátíðardagskrá í tengslum við komu Comeniusar gesta fluttu nemendur þau lög.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Wolfgang Amadeus Mozart, lífi hans og tónlist. Í tengslum við þemað *Saga mannkyns* kynntust nemendur tónlist frá ólíkum löndum og tímabilum. Í tengslum við þemað um Halldór Laxness kynntust nemendur nokkrum íslenskum sönglögum með texta skáldsins.
- Tónfræði. Unnið var með:
 - styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)
 - ritun og lestur algengustu nótnagilda
 - g- lykil
 - hraða (hratt – hægt)
 - tónhæð (háir og lágir tónar)

- óhefðbundna nótnaskrift
- þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga
- tónbil (þríundir og fimmundir)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3 og year 4.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni, kennsluefnið *Það var lagið* og tölvuforritið *Háskaleik*. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3 og year 4.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 3. og 4. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- getur leikið einfaldan undirleik fyrir söng á skólahljóðfæri
- getur spunnið einfaldan spuna á tréspil
- getur spilað einfaldan takt eða þrástef af blaði
- getur leikið á takthljóðfæri í takt við undirspil
- getur túlkað hljóð með grafískri nótnaskrift
- getur í hóp samið laglínu við ljóð

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tök, sé á réttri leið* eða *eigi erfitt með*.

Kennslan í 5. og 6. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Nemendur sungu þríradda keðjusöng og spreittu sig á rappi. Nemendur sungu eigin tónsmíð við texta úr *Völuspá*. Sjómannaög frá ólíkum tímasteiðum voru sungin og reggae lög, bæði þekkt reggae lög sem og gamlir sálmar sem voru útsettir í reggae stíl í tengslum við kristinfræði þema.
- Taktur. Mikið hefur verið unnið með verið og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt-

og laglínuhljóðfæri auk líkamsrytma. Í vinnu með sjómannaögin var þrískiptur taktur skoðaður sérstaklega og þegar reggae tónlist var kynnt léku nemendur einfaldan reggae takt.

- Sköpun. Í tengslum við þemað um Snorra Sturluson sömdu nemendur lag við texta úr *Völuspá*. Í þemanu *Himingeimurinn* völdu nemendur sér eitthvað fyrirbæri úr himingeimnum og sömdu tónverk sem túlkaði það.
- Hlustun/tónlistarsaga. Hlustað var á fjölbreytta tónlist frá ýmsum löndum og ólíkum tímum. Í vinnu með reggae var hlustað á tónlist Bob Marley og íslenska tónlist í reggae stíl. Hlustað var á forn íslensk þjóðlög í tengslum við þemað um Snorra Sturluson og í þemanu *Himingeimurinn* var hlustað á tónverkið *Pláneturnar* eftir Gustav Holst og tónlist úr *Star Wars* myndunum eftir John Williams. Í kristinfræði þema kynntust nemendur nokkrum gömlum sálmum við ljóð eftir nokkur af helstu skáldum þjóðarinnar.
- Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum auk þess að leika þau verk sem þau sömdu á hljóðfæri. Margir nemendur nýttu sér hljómsveitarherbergi skólans þar sem þeir geta fengið tíma til að æfa sig saman eða ein á hefðbundin popp/rokk hljómsveitar hljóðfæri.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun á hefur verið unnið með frumpætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með upptökuforritið Garage band og tekið upp eigin tónlist, söng, rapp og hljóðfæraleyk.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá var notað kennsluforritið Háskaleikur.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara en einnig var unnið með verkefnabókina Tónmennt 4. Enska námsefnið Music express year 6 hefur verið þýtt og staðfært.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem kennari mat í 5. og 6. bekk voru:

- tekur virkan þátt í söng
- getur spilað og skráð einfalda laglínu eftir eyranu
- getur spilað einfaldan líkamsrytma í hóp
- getur í hóp samið lag við texta
- getur leikið einfaldan undirleik fyrir söng
- getur í hóp samið tónverk sem túlkar tiltekið fyrirbæri

- getur leikið reggae takt með kroppaklappi (body percussion)
- getur leikið einflada reggae útsetningu á takt- hljóma- eða laglínuhljóðfæri.

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið* eða *eigi erfitt með*.

Kennslan í 7. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

Í vetur hefur verið lögð áhersla á skapandi vinnu hjá 7. bekk. Unnin voru ýmis tónsköpunar verkefni m.a. veðratónlist, kvikmyndatónlist og hringitón.

Unnið var með frumþætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og annarri sköpun nemenda og í tengslum við hana unnu nemendur með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldið John Williams kynnt. Einnig var unnið með jazz og swing tónlist og m.a. hlustað á tónlist Miles Davis.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Spuni. Nemendur hafa spunið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við stuttmyndir, samið hljóðverk sem túlkar ákveðið veður og búið til hringitón.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblær, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

Samvinnuverkefni

Í tengslum við veðrapema á vorönn sömdu nemendur hljóðverk sem túlkuðu ákveðið veður.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 7. bekk voru:

- getur í hóp samið hringitón eftir leiðbeiningum
- tekur virkan þátt í söng
- getur leikið áheyrilega á hljóðfæri í einföldu jazz/swing lagi
- getur notað tónfræðihugtök (t.d. styrk og hraða) á markvissan hátt í tónsköpun
- getur búið til hljóðverk sem túlkar tiltekna tilfinningar
- getur í hóp flutt frumsamið tónverk
- þekki tónlist úr völdum kvikmyndum og höfunda hennar

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af verkum og söng nemenda auk sjáfsmats. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með.*

Kennslan í 8. bekk

Viðfangsefni haustannar voru eftirfarandi.

Tónlist 20. aldarinnar var yfirskrift vetrarins hjá 8. bekk. Reynt var að kynna fjölbreytileika aldarinnar og leyfa nemendum að prófa sjálfir að vinna með ólíka stíla og aðferðir sem voru notaðar og þróaðar á öldinni. Unnið var með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Í tengslum við þessa tónlist 20. aldarinnar var unnið með Bókina Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson og hlustun tengda henni þar sem farið er í þróun dægurtónlistar fram til 1970. Þá var unnið með íslenska tónlist í upphafi 20. aldar þar sem sérstaklega var unnið með sönglög íslenskra tónskálda og tónlist Jóns Leifs.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Tónsköpun.
- Í tengslum við þessa Tónlist 20. aldarinnar völdu nemendur sér einn tónlistarstíl og sömdu lag í þeim stíl, æfðu og tóku upp. Þá sömdu nemendur lag við ljóð íslensks skálds í anda sönglaganna frá upphafi 20. aldarinnar og í tónverk í anda Jóns Leifs sem túlkaði fyrirbæri úr íslenskri náttúru.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

Samvinnuverkefni

Í október var unnið í samstarfi við umsjónakennara þessa *Tónlist 20.* aldarinnar en þar var fléttað saman þróun í dægurtónlist, tísku og menningu og þau áhrif sem samfélagsbreytingar höfðu á tónlistina og öfugt.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, nótnaskriftarforritið Sibelius, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Hljóðspor*.

Matsaðferðir:

Námsmat fór að mestu fram með könnunum og mati á tónsköpun og flutningi nemenda. Um símat var að ræða þar sem nemendur fengu matið jafn óðum og verkefni hafði verið klárað. Einnig var námsmat birt í uppgjöri á þemanu um tónlist 20. aldar.

Val á unglíngastigi í tónmennt

Eftirfarandi valfög voru kennt á unglíngastigi:

- Tónlist og myndbönd
- Rafmagnað samspil

Tónlist og myndbönd

Námskeiðið var tvískipt. Í fyrri hluta þess sömdu nemendur eigin tónlist í tónlistarstíl að eigin vali og tóku upp. Í seinni hlutanum unnu nemendur handrit að myndbandi við lagið, tóku svo upp myndbandið og klipptu í tölvu.

Námshöggn

voru annarsvegar bókin *Tónlist og tölvur* eftir Flosa Einarsson og hinsvegar heftið *Að segja frá með myndum* eftir Karl Jeppesen og Marteín Sigurgeirsson.

Rafmagnað samspil

Í námskeiðinu unnu nemendur í hópum eða hljómvseitum. Nemendur kynntust hljóðfærum og tækjum popp/rokk hljómsveitar og lærðu grunn atriði hljóðfæraleiks á þau. Tvö verkefni voru unnin í námskeiðinu. Í fyrra verkefninu völdu nemendur sér gamalt íslenskt lag og útsettu fyrir hljómsveit. Í seinna verkefninu fengu nemendur að velja sér hvaða lag sem var eða semja sitt eigið og útsetja og æfa með hljómsveitinni. Lög hljómsveitanna voru svo tekin upp og fengu nemendur þá innsýn í upptökutækni og hljóðblöndun.

STUÐNINGSÞJÓNUSTA

SKÝRSLA SÉRKENNARA

Í vetur störfuðu tveir sérkennarar við skólann, Sigríður Ólafsdóttir í 80% starfshlutfalli og Bryndís Rail í 50% starfshlutfalli. Sigríður sá um og hafði eftirlit með sérkennslu í 1.-7. bekk. Bryndís sá um og hafði eftirlit með stærðfræðikennslu fyrir 5.-10. bekk. Einnig störfuðu við skólann tveir þroskarpjálfar Sigríður Gísladóttir í 100% stöðuhlutfalli og Steinunn Guðlaug Thorarensen í 100 % starfshlutfalli. Auk þess starfaði Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari sem meðferðarfulltrúi í 1.-4. bekk í 80% starfshlutfalli, Sérkennslan fór fram ýmist inni á kennslusvæðum eða í sérkennslustofum og þá sem hóp- eða einstaklingskennsla. Skólasálfræðingur og talmeinafræðingur komu tvisvar í mánuði í skólann.

Umsóknir

Kennarar óska skriflega eftir sérkennslu fyrir nemendur sína. Lausnarteymi valdi og raðaði niður einstaklingum í sérkennslu eftir aldri og þörfum. Ef ábendingar komu frá umsjónarkennara var brugðist strax við og lausnir fundnar. Stuðst var við niðurstöður skimunar í lestri og stærðfræði, þegar sérkennslan var skipulögð. Foreldrar eru ávallt upplýstir um stöðu mála og óskað eftir samþykki þeirra ef barn þeirra á að fá sérkennslu. Á hverju vori leggja umsjónarkennarar fram skriflega beiðni til skólastjórnenda og óska eftir sérkennslu fyrir komandi vetur. Allir nemendur í 1.-6. bekk voru lestrarprófaðir að hausti og lögð voru fyrir ýmis skimunarpróf í lestri og stærðfræði, sjá greiningar. Þegar niðurstöður prófanna lágu fyrir var tekin ákvörðun um frekari aðstoð við nemendur og sérkennslan endurskipulögð og verkefnum forgangsraðað.

Kennslufyrirkomulag

Áherslupættir sérkennslu voru grunnlestrarþjálfun, ritun, stærðfræði og svo almenn vinnubrögð. Haustönn hófst með því að sérkennarar lestrarprófuðu alla nemendur í 1.-6. og hluta af nemendum í 7. bekk. Auk þess var fyrsti hlutinn af Læsi skimunarprófunum lagður fyrir yngri árgangana og Tove Krog skimunarprófið fyrir nemendur í 1. bekk. Unnið var úr niðurstöðum prófanna og kennslan endurskipulögð ef þurfa þyrfti. Logos próf var lagt fyrir ákveðna nemendur að hausti og einnig vor. Sérkennsla í lestri fór fram ýmist einstaklingslega eða í hópi (4-10 börn í hópi). Hópkennslan var tímabundin og kennt var í lotum, oftast daglega í 4-6 vikur í senn. Tvö hraðlestrarnámskeið voru haldin í október og febrúar, fyrir þá nemendur sem vildu bæta lestrarhæfni sína og leshraða. Einstaklingskennsla miðaði að því að byggja upp grunnfærni í lestri og stærðfræði. Margir nemendur tóku sjálfviljugir á sig auka heimavinnu til þess að bæta getu sína og var henni fylgt eftir og þeir hvattir áfram. Lestrar- og stærðfræðikannanir voru reglulega yfir veturinn. Ef grunur vaknaði um að námið gengi ekki sem skyldi voru gerðar

ráðstafanir og reynt að finna lausnir. Einnig var lögð áhersla á að nemendur tileinkuðu sér góð vinnubrögð. Fjöldi nemenda sem fékk sérúrræði og aðstoð á skólaárinu:

1.-2. bekkur: 10 nemendur.

3.-4. bekkur: 14 nemendur.

5.-6. bekkur: 12 nemendur.

7. bekkur: 10 nemendur.

8. bekkur: 4 nemendur

9. bekkur: 5 nemendur

10. bekkur : 3 nemendur

Tvítýngdir: 6 nemendur.

Ráðgjöf var veitt foreldrum í sambandi við nám barna þeirra ef með þurfti.

Á vorönn var boðið upp á hraðlestrarnámskeið fyrir nemendur í 2.-7. bekk í eina viku. Hraðlestrarnámskeiðið var fyrir þá nemendur sem vildu bæta grunnfærni sína í lestri og auka leshraða sinn. Alls tóku um 37 nemendur þátt í námskeiðinu. Gafst hraðlestrarnámskeiðið mjög vel og bættu allir lestrargetu sína.

Greiningar

Helstu greiningar og próf sem unnið var með í vetur.

- Hraðlestarprófað haust, janúar og vor.
- Lesskilningspróf
- Tove Krog próf f. 1. bekk í haust.
- Læsi 1.1, 1.2 og 1.3.
- 2.1 og 2.2
- Les próf f. 1. bekk.
- Logos prófað ágúst, janúar og maí.
- Samræmd próf í september.
- GPR 14
- Skrautlestrar próf

Notuð voru lestrarviðmið skv. Lestrarviðmiðum skólans. Unnið var að breytingum á viðmiðum og kennsluáðferðum. Allir nemendur eru hraðlestrarprófaðir þar til þeir hafa náð að lesa 200 atkv./mín og eftir það er prófaður skrautlestur.

Lágmarksviðmið í raddlestri voru ákveðin að hausti og yngstu nemendum gefið tækifæri til að fara rólega af stað við upphaf lestrarnámsins. Viðmið í 1 og 2. bekk voru því höfð mjög sanngjörn og áhersla lögð á að leggja góðan grunn að lestrarnáminu. Hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 - 50 atkvæði lesin á mínútu
2. bekkur 50 - 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 -150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 250 atkvæði lesin á mínútu

SKÝRSLA ÞROSKAÞJÁLFA

Skólaárið 2010 -2011 voru tveir þroskaþjálfar í 100 % starfi í Sjálandsskóla. Þeir báru ábyrgð á námi barna með sérþarfir í 7. og 10 bekk. Einnig kom þroskaþjálfari að hluta til að námi nemenda í 3. – 4. bekk og 8. – 9. bekk. Fyrir áramót voru Fanney Hanna Valgarðsdóttir og Sigríður Gísladóttir þroskaþjálfarar í fullu starfi. Steinunn Guðlaug Thorarensen leysti Fanneyju af í fæðingarorlofi frá og með áramótum.

Þroskaþjálfar útbjuggu einstaklingsáætlun og fylgdu henni eftir allt skólaárið. Markmið voru sett fyrir hvern mánuð og á tveggja mánaða fresti fór heim til nemanda námsmatsmappa með umsögn og námsmati. Nemendur gerðu sjálfsmat nokkrum sinnum yfir skólaárið og markmið í námi endurskoðuð í samræmi við líðan nemandans.

Þroskaþjálfar útbjuggu námsefni við hæfi hvers nemanda og skipulögðu kennslustundir. Þroskaþjálfar unnu náið í teymi með umsjónarkennurum nemendanna svo og sérgreinakennurum. Einnig er náið samstarf milli þroskaþjálfa og sérkennara. Þroskaþjálfar fylgja nemendum í kennslustundir í sérgreinatíma. Þroskaþjálfar gerðu myndrænar stundatöflur og unnu samkvæmt Teetch – kerfinu. Fjölbreyttar kennsluaðferðir voru notaðar og einnig fjölbreytt umbun og hvatning til nemanda. Auk námslegra þátta vinna þroskaþjálfar með atferlismótun, samskiptabækur og vinna að því að efla félagsþroska nemanda, styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfstæði. Til hliðsjónar í þeirri vinnu er notast við félagsfærnisögur og Cat – kassan.

Þroskaþjálfar aðlöguðu námsefni úr þeim að nemendum með sérþarfir. Ýmist voru útbúin þemu með einfaldari fyrirætlunum eða námsmarkmiðum breytt og þau aðlöguð að þörfum nemanda hverju sinni.

Nemendur sem þroskaþjálfar báru ábyrgð á voru að mestu í kennslustundum með sínum bekkjarfélögum. Starf þroskaþjálfa var einnig að aðstoða aðra nemendur í bekknum. Reynt að vera til staðar fyrir alla nemendur.

Þroskaþjálfar báru ábyrgð á að útbúa og framfylgja einstaklingsnámsskrá fyrir þá nemendur, skipuleggja námið, finna og útbúa námsgögn. Einnig þurfti að aðlaga þemu að þörfum nemendanna. Þroskaþjálfar aðstoðuðu nemendur við að skipuleggja heimanám og gera vikuáætlanir.

Í vetur var þroskaþjálfanemi á öðru ári í vettvangsnámi í Sjálandsskóla.

SKÝRSLA MEÐFERÐARFULLTRÚA

Í vetur var einn meðferðarfulltrúi starfandi við skólann í 66,6% starfi. Hún starfaði í nánu samstarfi við umsjónarkennara í 1.-4.bekk. Einkum var um að ræða stuðning við nokkra nemendur í 1.-2.bekk. Meðferðarfulltrúi vetur var Jóhanna Elísa Magnúsdóttir.

SKÝRSLA NÁMSRÁÐGJAFJA

Skólaárið 2010-2011 sinnti Harpa Maren Sigurgeirsdóttir starfi náms- og starfsráðgjafa í 50% starfshlutfalli við skólann. Var það í þriðja sinn sem skólinn bauð upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

NÁMS - OG STARFSRÁÐGJÖF

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Einstaklingsviðtöl voru umfangsmikil í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist líðan, námi og samskiptaerfiðleikum. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka.

1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um:

- persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmynd.
- samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti.
- námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkvíða og námsleiða.

3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar.

Alls komu 82 nemandi í einstaklingsviðtal til námsráðgjafa í eitt skipti eða oftari og voru margir nemendur í reglulegum viðtölum allan veturinn. Af þessum 82 voru drengir 29 talsins eða 35% og stúlkur 53 eða 65%. Nemendur skiptust á eftirfarandi árganga:

Árgangur	Fjöldi	Hlutfall
1.	3	4%
2.	5	6%
3.	5	6%
4.	9	11%
5.	7	8%
6.	4	5%
7.	13	16%
8.	10	12%
9.	5	6%
10.	21	26%
Samtals	82	100%

Hópráðgjöf

Námsráðgjafi fræddi nemendur í 7. – 10. bekk um námstækni og tók þátt í bekkjarfundum hjá einstaka árgöngum. Einnig voru kennarar hvattir til að gera tengslakönnun í sínum hópum og boðin aðstoð námsráðgjafa ef þess þurfti.

7. bekkur

- *Námstækni fyrir samræmd próf:* nemendur komu í litlum hópum til námsráðgjafa og fengu leiðbeiningar um undirbúning fyrir samræmd próf.
- *Bekkkjarfundir:* námsráðgjafi hélt bekkjarfundi með stúlkum í 7. bekk.
- Tengslakönnun og könnun um líðan meðal drengja í 7. bekk.

8. bekkur

- Allir nemendur í 8. bekk fengu bókina ***Náðu tökum á náminu.***
- Fjallað var um *góðar og slæmar námsvenjur.*
- *Bekkkjarfundir:* námsráðgjafi aðstoðaði umsjónarkennara við bekkjarfundi í 8. bekk.

9. bekkur

- Allir nemendur í 9. bekk fengu bókina **Náðu tökum á náminu**.
- Fjallað var almennt um námstækni, prófundirbúning og próftöku.

10. bekkur

- Allir nemendur í 10. bekk fengu bókina **Náðu tökum á náminu**.
- Fjallað var almennt um námstækni, prófundirbúning og próftöku.
- Nemendur fengu kynningu á framhaldsskólakerfinu og þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi.
- Nemendur fóru og heimsóttu Fjölbautaskólann í Garðabæ.
- Nemendum gafst tækifæri til að taka rafræna áhugakönnun, *Bendill I*.
- *Bekkjarfundir*: námsráðgjafi aðstoðaði umsjónarkennara við bekkjarfundi í 10. bekk.

ÝMIS VERKEFNI NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

Gegn einelti í Garðabæ

Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólalastjóri. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu og unnið er eftir eineltisáætlun skólans. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti.

Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*, en það er samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ. Þar mætast eineltisteymi úr Sjálandsskóla, Flataskóla, Hofstaðaskóla og Garðaskóla. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Helstu verkefni snúa að því að samræma aðgerðir skólanna í eineltismálum.

Forvarnir

Námsráðgjafi sá um að skipuleggja forvarnafræðslu fyrir nemendur skólans.

Blátt áfram

- | | |
|-----------|---|
| 2. bekkur | Nemendur sáu brúðuleikhúsið <i>Krakkarnir í hverfinu</i> . Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. |
| 8. bekkur | Fræðsla í lífsleiknitíma um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. |

Kynfræðsla

Nemendur í 9. og 10. bekk voru fræddir um kynlíf og kynhegðun. Fræðslan nefnist *Tölum saman: samskipti foreldra og unglunga um kynlíf*.

Einnig var haldinn fræðslufundur þar sem foreldrar og nemendur mættu saman.

Forvarnardagurinn

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í hinum árlega Forvarnardegi þann 3. nóvember. Unnin voru skemmtileg verkefni sem lögð voru upp af forsvarsmönnum Forvarnardagsins.

Áfengi og vímuefni

Nemendum í 9. og 10. bekk var boðið á leiksýninguna **HVAÐ EF** í Þjóðleikhúsinu. Sýningin fjallaði um skaðsemi áfengis- og vímuefna.

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.

Fundir með foreldrum og forráðamönnum.

Fundir með umsjónarkennurum vegna einstakra nemenda.

Nemendaverndarráð: námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði á tveggja vikna fresti.

Lausnateymi: námsráðgjafi sat vikulega fundi í lausnateymi skólans.

Kennarafundir: námsráðgjafi tók vikulega þátt í kennarafundum.

Samráðsfundir námsráðgjafa í Garðabæ: námsráðgjafar í Garðabæ hittast reglulega yfir veturinn og hafa samráð um fagleg vinnubrögð.

Móttaka nýrra nemenda: námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega.

SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFNA Í TÖLVU – OG UPPLÝSINGATÆKNI

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og umsjón með heimasíðu. Kennsluráðgjafi Sjálandsskóla hefur einnig umsjón með bókasafni skólans og sér um innkaup á öllum námsbókum og bókum fyrir bókasafn. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi tók einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum, umbótavinnu, vettvangsferðum og sérstökum þemadögum.

Kennsluráðgjafi aðstoðar kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál. Almennt er kennarahópurinn nokkuð sjálfstæður hvað varðar tölvunotkun en með fjölgun starfsmanna og fartölva verður óhjákvæmilega meiri vinna tengd þessu. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í tölvuveri eða fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Vegna veikinda kennsluráðgjafa í vetur þá var undirrituð ráðin í afleysingar í vetur og reyndi ég að sinna starfinu að bestu getu með aðstoð og góðum ráðum frá öðrum kennsluráðgjöfum Garðabæjar

Samstarf kennsluráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega í allan vetur með hinum kennsluráðgjöfum þremur í grunnskólum Garðabæjar. Þessir fundir voru sérlega gagnlegir fyrir þar sem ég var ný í starfi og gat leitað ráða hjá hinum kennslufræðingunum. Á fundum voru ýmis mál rædd varðandi tölvumál, s.s. heimasíðugerð, námskeiðahald, Mentor, ný og gömul forrit, hugbúnaður, nýjungar í tölvumálum, áhugaverðir vefir og margt fleira.

Tölvuver

Tölvuver Sjálandsskóla telur 24 tölvur. Skipulag tölvustofunnar er sérstaklega skemmtilegt, það er uppröðun í 4 “eyjar”. Nemendur hafa nægt pláss við hverja tölvu ásamt því að fleiri nemendur geta setið saman við vinnu. Samskipti við tölvuvinnu eru því mjög hentug bæði ef setið er saman við eina tölvu og eins þar sem nemendur geta setið andspænis hvor öðrum. Fjöldi tölva hefur gert okkur mögulegt að vera jafnvel með tvo hópa samtímis þegar ekki eru beinar innlagnir. Sælukot og Alþjóðaskóli nýtir einnig tölvupall.

Um áramót fengum við nýjan fartölvuvagn með 12 fartölvum. Það var mikill fengur og nýttust þær tölvur mjög vel, sérstaklega í unglingadeild, en vagninn var staðsettur þar. Fartölvuvagninn nýttist einnig vel fyrir aðra nemendur skólans í alls konar þemavinnu og samþættingu námsgreina.

5 tölvur voru inn á heimasvæðum nemenda, ein á svæði 1.-4. bekkjar, tvær á svæði 5.-6. bekkjar, ein á svæði 7. bekkjar og ein í unglingadeild.

Þar sem tölvupallur er þétt setinn flesta daga getur reynst erfitt að fá fleiri tími fyrir hópa sérstaklega í kringum þemu. Huga þarf að fleiri tölvum á heimasvæðum. Síðastliðinn vetur voru um 7,3 nemendur á hverja tölvu (Sjálandsskóli og Alþjóðaskólinn) eftir að fartölvuvagninn kom.

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvustofu og jaðartæki í tölvustofu og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum. Útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda stofunni í horfinu og koma til móts við þá þætti sem verið er að vinna að með nemendahópnum hverju sinni. Með auknu álagi á tölvustofunni gengur búnaður hraðar úr sér og endurnýjunar er þörf. Tölvurnar á tölvupalli eru nú orðnar sex ára og þarfnast endurnýjunar.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Tölvuverður tími kennsluráðgjafa fer í að leysa úr vandamálum er upp koma með fartölvur kennara og tölvur á tölvupalli. Eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann tekur einnig drjúgan tíma.

Staðsetning tjalds fyrir skjávarpa er ekki heppileg þar sem birta er mjög mikil frá stórum glugga og endurkasti frá sjónum. Nýting skjávarpans með þessum hætti nýttist því ekki sem skyldi.

Myndasöfn


Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig mjög duglegir í því sambandi og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umræða. Töluverður tími kennsluráðgjafa fer í að yfirfara myndir og sjá til þess að ekki safnist upp ónýtar og lélegar myndir á myndadrif skólans. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með myndavélunum og myndbandstökuvélum. Einnig að aðstoða nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi myndavélar, myndbandstökuvélar og forrit tengd þeim.

Heimasíða

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is> Nær daglega eru settar inn myndir og/eða fréttir úr skólastarfinu. Einnig eru sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi sett á heimasíðuna. Mikið af tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum er að finna þar og hreyfimyndir og myndasýningar sem kennsluráðgjafi vann með nemendum.

Heimasíðan er mikið skoðuð og samkvæmt teljara er fjöldi notenda um 1500 – 2000 á mánuði. Virka daga er fjöldi notenda um 100-150 en fer allt upp í yfir 200 notendur á dag. Vinsælustu síðurnar eru forsíðan, fréttasíður og myndasíður.

Fjöldi notenda á mánuði:



Kennslufyrirkomulag

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar við kennsluna en markmið þemu stýrðu einnig mikið vinnunni í tölvu- og upplýsingatækninni. Umsjónarkennarar í hverjum nemendahóp sáu að mestu um tölvukennsluna.

Kennslan í tölvustofu og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni þar miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám þeirra. Vinnan miðaðist að sjálfsgöðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

Allir hópar skólans áttu fasta tíma á tölvupalli, nema 1.-2.bekkur sem komst ekki að í tölvum fyrr en eftir áramót með tilkomu fartölvuvagnsins. Þá gat unglिंगadeildin notað fartölvurnar meira og yngstu bekkjardeildirnar fengu því tíma á tölvupalli.

Fimm tímar í viku voru lausir á tölvupallinum og þá gátu kennarar komið með litla hópa og nýtt sér tölvurnar í ýmis konar upplýsingaleit og tölvuvinnu í tengslum við þemaverkefni. Alþjóðaskólinn nýtti tölvurnar einnig mjög mikið í sinni kennslu. Nýting á tölvupalli var mikil og var hann þétt setinn flesta daga.

1. – 2. bekkur

Umsjónarkennarar 1. – 2. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Nemendur komu að jafnaði eina klukkustund í viku á tölvupallin eftir áramót. Kennt var eftir kennsluáætlun í tölvu- og upplýsingatækni. Í byrjun hvers tíma var innlögn og síðan var hver nemandi á sínum hraða. Fingrasetning var æfð í Fingrafimi og einnig voru önnur forrit og kennsluefni frá Námsgagnastofnun notað í tölvukennslunni. Unnið var með teikniforritin Kidpix og 2Creatastory þar sem nemendur teiknuðu mynd og settu texta með. Einnig var unnið með Word og Paint. Teiknað var og unnið í tengslum við þemavinnu sem var í gangi hverju sinni. Einnig var unnið með helstu grunnmarkmið í tölvukennslu, s.s. umgengnisreglur, rétta líkamsbeitingu, lyklaborð, opna og vista skjöl o.fl.

3. - 4. bekkur

Umsjónarkennarar 3.-4. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Nemendur komu að jafnaði einu sinni í viku á tölvupallinn. Unnið var í ýmsum leikjaforritum og kennsluforritum. Tímarnir byrjuðu oft á Fingrafimi í 10-15 mínútur þar sem fingrasetning var æfð. Einig var unnið í Word í tengslum við þemað um sögu mannkyns og ættartré Halldórs Laxnes. Skrifaðir voru textar og myndir settar í skjölin. Einnig bjuggu nemendur til kynningu í PowerPoint og teiknuðu myndir í Paint. Nemendur öfluðu sér upplýsinga á vefnum með hjálp leitarvéla (Google) og notuðu líka Google Earth.

5. - 6. bekkur

Nemendur í 5. – 6. bekk komu fast eina klukkustund í viku og sáu umsjónarkennarar um kennsluna. Mest var unnið í tölvum í tengslum við þemu. Nemendur skrifuðu ritgerð í Word um fugla í tengslum við náttúruþema. Þeir leituðu sér upplýsinga á neti og lærðu

að nýta sér heimildir af neti. Unnin voru nokkur verkefni í Word og Ritfínnur notaður til að æfa fingrasetningu. Einnig fengu nemendur þjálfun í að nota Outlook pósthforritið og þeir tóku þátt í Mathletics stærðfræðiþraut á netinu. Gerð var stuttmynd í Windows kvikmyndagerð og hver og einn gerði Pivot myndskreið um áhugamálið sitt. Nemendur bjuggu til PowerPoint sýningu um Benjamín dúfu þemað. Námsmatið var sjálfsmat.

7. bekkur

Nemendur voru fast eina klukkustund á viku allan veturinn og gátu auk þess nýtt sér fartölvuvagninn eftir áramót. Tölvukennslan var að mestu í tengslum við þema, nemendur bjuggu til myndband í Windows kvikmyndagerð (þemað vilja/virða, og Comeniusarverkefni), kennt var á forritið og allir skiliðu sínu myndbandi. Farið var í tölvupóstforritið Outlook og sumir fóru á fingrasetningarnámskeið hjá kennsluráðgjafa. Fingrasetning var m.a. þjálfuð í gegnum leiki á Learning games. Ýmis forrit og námsleikir á neti voru notaðir í kennslu, m.a. Geislavefur Námsgagnastofnunar. Nemendur skiluðu einstaklingsverkefni í PowerPoint og notuðu Publisher til að hanna pening í tengslum við þemavinnu. Í stærðfræði var kennt á grunnatriði í Exel, súlurit og línurit í tengslum við verkefni í Geisla. Einnig voru unnin verkefni af Geislavef Námsgagnastofnunar á samt fleiri forritum af vefnum. Nemendur lærðu líka að nota vefinn til heimildaöflunar og að skrá og meta heimildir.

8. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 8.bekk í vetur en bekkurinn hafði fastan tíma á tölvupalli einu sinni í viku. Auk þess nýttu þeir fartölvuvagninn eftir áramót. Tölvurnar voru nýttar í ýmis konar verkefnavinnu og upplýsingaöflun í tengslum við þemu vetrarins. Nemendur æfðu sig mikið í Word í ritgerðarvinnu, uppsetningu bréfa, heimildaskráningu o.fl. Allir gerðu sína heimasíðu á Wikispaces og einnig voru ýmis kennsluforrita af vef Námsgagnastofnunar notuð. Nemendur unnu verkefni á netinu sem eru tengd íslenskuefninu Skerpu, s.s. verkefni og próf. Einnig bjuggu nemendur til verkefni í teiknimyndaforritinu ComicLife og fannst það mjög skemmtilegt. Notuð var reynsluútgáfa en það þyrfti að kaupa fullan aðgang að þessu forriti. Kennarar töluðu um að auka þyrfti tíma 8.bekkjar í tölvum þar sem mörg verkefni krefjast þess að nemendur hafi aðgang að tölvum.

9. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 9.bekk í vetur en bekkurinn hafði fastan tíma á tölvupalli einu sinni í viku. Auk þess nýttu þeir fartölvuvagninn eftir áramót. Tölvurnar voru nýttar í ýmis konar verkefnavinnu og upplýsingaöflun í tengslum við þemu vetrarins. Nemendur unnu í Exel í tengslum við lotur í stærðfræði. Einnig unnu þeir verkefni í Word, PowerPoint og Publisher í tengslum við þemavinnu. Sumir nemendur voru með sínar eigin tölvur og það nýttist þeim vel í allri verkefnavinnu og það minnkaði því álagið á fartölvur skólans. Nemendur fengu aðgang að internet í sínar tölvur en ekki aðgang að sameign skólans.

10. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 10.bekk í vetur en bekkurinn hafði fastan tíma á tölvupalli og einnig á fartölvuvagni. Nemendur notuðu auk þess stundum fartölvuvagninn þegar hann var laus. Ekki var kennd á sérstök forrit enda kunna nemendur í 10.bekk á flest þau forrit sem þau nota og ef ekki þá fengu þeir aðstoð hjá kennara, sérstaklega á Exel. Öll vinna á tölvur var í tengslum við þemaverkefni og voru tölvurnar því nánast alltaf notaðar sem vinnutæki og verkfæri í öllu skólastarfinu. Margir nemendur voru með sínar eigin tölvur sem nýttist þeim vel í allri verkefnavinnu.

Kannanir (Survey Console)

Í vetur voru sjálfsmatskannanir skólans unnar í Survey Console kannanakerfinu sem skólinn hefur aðgang að. Um var að ræða foreldrakönnun og starfsmannakönnun. Kennsluráðgjafi sá um að setja efnið inn í kerfið og senda á markhópinn, fylgja því eftir og taka saman gögnin þegar þau höfðu borist. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sáu síðan um úrvinnslu og kynningu.

Örnámskeið

Kennsluráðgjafar í Garðabæ héldu nokkur örnámskeið fyrir starfsmenn skólanna og hélt kennsluráðgjafi Sjálandsskóla tvö þeirra, myndasögur í Movie Maker og myndvinnsla í Picture Manager. Önnur námskeið sem haldin voru var One Note, FreeMind, Wikispaces, Question Writer og myndbandagerð. Kennslufulltrúi leiðbeindi starfsfólki einstaklingslega þegar á þurfti að halda. Kennsluráðgjafi sótti námskeið og ýmsar kynningar á skólaárinu.

SKÝRSLA BÓKASAFNS SJÁLANDSSKÓLA

Nemendur sækja talsvert á safnið en hafa saknað þess í vetur að safnið er lokað í matar og kaffitímum. Margir nemendur hafa mikinn áhuga á bókum bæði sögubókum og fræðslu efni og fylgjast vel með útkomu nýrra bóka.

Syrpa er enn mikið skoðuð þó lítið hafi bættst við af henni síðan í ársbyrjun 2009. Sagan öll og Lifandi vísindum eru líka mjög vinsæl.

Nemendur Alþjóðaskólans sækja safnið í auknum mæli og lesa margir íslensku bækurnar og aðrir finna sér enskar bækur sem við eigum smávegis af.

Kennarar koma hér aðallega til að athuga með námsbækur en taka þó oft bækur til eigin lestrar og er reynt að kaupa það áhugaverðasta varðandi kennslu og uppeldi.

Við keyptum nokkuð af bókum fyrir unglinga þar sem 10. Bekkurinn bættist við í haust og eins vantaði okkur tilfinnanlega orðabækur og erum við að bæta úr því. Við keyptum mjög lítið af nýútkomnum bókum fyrir jólin en bættum úr því núna í vor.

Eintakafjöldi í safninu er nú 11.219 og fjölgaði um 1.465 eintök í vetur.

Fjöldi titla í safninu um síðustu ármót var 2.882 en var í fyrra 2.599.

Skráð útlán í vetur eru 4.292 sem er 334 færri en í fyrra sem er líklega bæði vegna þess hvað við vorum með lítið af nýútkomnum bókum og eins vegna þess að safnið er lokað í matar og kaffitímum og nemendur hafa minni aðgang að því en áður.

Við tókum þátt í atkvæðagreiðslu um Bókaverðlaun barnanna eins og undanfarin.

Við höfum talsvert fengið lánað hjá hinum söfnunum í bænum, þar sem okkar safn er eðlilega minnst og vantar hér ýmsar bækur og gögn sem til eru í hinum söfnunum, þau samskipti hafa alltaf gengið vel.

Fjöldi útlána úr Gegni eftir lánþegastöðu og efnistegund

Lánþegastaða	Snælda/hljóðbók	BOOK	CARD	Geisladiskur/hljóðbók	Tímaritshefti	KIT	Alls
01	0	903	0	2	59	0	964
02	4	2.011	0	1	83	0	2.099
03	0	908	0	0	45	0	953
04	0	280	2	3	0	2	287
05	0	16	0	0	2	0	18
06	0	83	0	0	8	0	91
80	0	1	0	0	0	0	1
Alls	4	4.202	2	6	197	2	4.413

Skýringar

Lánþegastaða.

1. Til 3. Bekkur

- 01 4. – 7. Bekkur
- 02 8. – 10. Bekkur
- 03 Kennari grunnskóla
- 04 Starfsmaður grunnskóla
- 05 Aðrir, þar hef ég sett þá sem eru í Alþjóðaskólanum

TÓMSTUNDAHEIMILIÐ SÆLUKOT

Starfsmannamál

Í Sælukoti í vetur störfuðu 10 ráðnir starfsmenn og voru þeir allir í hlutastarfi nema umsjónarmaður. Stöðugildin í Sælukoti eru 3-6, mismunandi eftir dögum og fer eftir nemendafjölda hvern dag. Forfallastarfsmenn voru einnig kallaðir inn nokkrum sinnum þegar starfsmenn voru veikir eða í fríi.

Þetta skólaár gekk vel að ráða starfsfólk og vorum við nokkurn veginn klár með starfsmannafjölda þegar tómsundaheimilið tók til starfa.

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru eftirfarandi:

Alina Tamasin ágúst-júní

Hanna janúar-júní

Tandri janúar-júní

Hafdís september-maí

Darri Maí-júní

Anna Día Erlingsdóttir Nóv-Desember (afleysing fyrir forstöðumann)

Fjóla september-desember

Gísli september-desember

Rakel september-desember

Árni Freyr september-desember

Davíð Örvar Ólafsson, umsjónarmaður, allt skólaárið

Hlutverk þeirra var almenn gæsla úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum t.d. hafa til nesti í kaffitíma, lesa upp nemendur, og aðstoð á völdum svæðum í daglegu starfi.

Þegar allir þessir starfsmenn voru við störf var Sælukot vel mannað alla daga og miðað við 12 nemendur á starfsmann vorum við vel mönnuð meirihlutann í vetur.

Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Sælukots, allt frá því að sjá um skráningu nemenda inn og útúr Sælukoti, öll samskipti við Garðabæ útaf greiðslum og öðru slíku, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjálandsskóla. Hann sér um agamál, innkaup, tímamál starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við aðra starfsmenn Sælukots.

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Álagstími er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur að borða. Að því loknu velja nemendur sér svæði eða verkefni og dreifast starfsmenn á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannapörfin. Einn starfsmaður ber ábyrgð á að loka tómsundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim, frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og nemendainngangur sé læstur. Starfsmannafjöldi má, af öryggisástæðum, ekki vera færri en tveir starfsmenn á hverjum tíma.

Tillögur að úrbótum.

Það sem liggur helst við núna eftir þetta skólaár er að finna betri lausnir á töskum, fötum og öðrum fatnaði sem krakkarnir koma með úr skólanum. Töskuskáparnir eru löngu sprungnir og einnig er fatahengið svona þínu leiðinlegt. Síamálin eru í betri farvegi og einnig voru fleiri starfsmannafundir haldnir en áður en þar má klárlega gera betur. Einnig stendur til að bæta aðstöðuna, fara yfir tæki og áhöld og koma þessu í betra horf og snyrtilegra fyrir alla að ganga að. Einnig vakna spurningar um hversu mikið krakkarnir

leita yfir í skólann eftir að Sælukot hefst, spurning að læsa fyrr millihurðinni að skólanum.

Sælukot í vetur

Rúmlega 85 krakkar komu í Sælukot í vetur, hámarksfjöldinn var yfir 75 nemendur í sama mánuði og yfir 70 krakkar sama daginn. Aldursdreifingin er frá 1.-4. bekk, langflestir úr 1.og 2. bekk. Sælukot er alltaf að stækka og krökkunum hefur fjölgað mjög síðustu 2 ár.

Ekki var um sérstaka hópamyndun eftir aldri eins og árið áður, krakkarnir fá að ráða þessu alveg sjálf. Krakkarnir hópa sig saman eftir aldri en þegar leið á veturinn blandast þetta saman og engin teljandi vandamál útaf aldri.

Starfstíminn er frá því að skóla lýkur og lokar Sælukot 17.15 alla daga. Eitthvað var um að foreldrar voru sein að sækja börnin sín og kom fyrir að starfsfólk þurfti að bíða með barni til að verða 18.00 einhverja daga en þeir voru sem betur fer mjög fáir. Eftir klukkan 16.30 fer börnunum að fækka umtalsvert og því er hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Á þeim dögum sem ekki er skóli en Sælukot er opið, s.s. jólafrí, páskafrí, skipulagsdaga og vetrarfrí var ekki mikill ásókn í Sælukot, heldur meiri samt en undanfarin ár.. Nokkur börn voru í Sælukoti yfir dagana fram að jólum og einnig voru nokkrir í páskafríinu.

Viðfangsefni vetrarins

Á hverjum degi eru ákveðin svæði í boði fyrir krakkana sem þau velja sér sjálf og er þeim síðan frjálst að skipta um svæði yfir daginn. Mælst er til að krakkarnir haldi sig á sama svæði fyrsta klukkutímann en síðan er mikið um að krakkar skipti um svæði . Krökkunum líkar þetta ákaflega vel, kerfið er einfalt, þau hafa sér nafnspjald með mynd af sér og nafni sem þau líma á ákveðin svæðisspjöld og því er auðvelt að finna hvern og einn. Eini gallinn við þetta er að krakkarnir gleyma stundum að færa nafnspjaldið sitt og þá getur tekið tíma að finna barnið þegar það er sótt eða á að fara heim. Áhersla var lögð á þetta frelsi þeirra í vetur þar sem þau koma úr miklu skipulögðu starfi úr skólanum og vilja fá að ráða sér sjálf í Sælukoti.

Námskeið

Nokkur námskeið voru í boði í vetur bæði á vegum Sælukots, Alþjóðaskólanum og einkaaðila sem heimsækja okkur og eru með námskeið í skólanum.

Tækni-Lego námskeið var haldið, músíknámskeið, enskunámskeið og spænskunámskeið hjá Alþjóðaskólanum. Krakkarnir fengu einnig fyrir áramót kennslu í golfi hjá Önnu Díu og var það gríðarlega vinsælt og skemmtilegt.

Húsnæði

Sælukot er staðsett í nýju byggingunni í Sjálandsskóla. Þar er glæsileg aðstaða, við höfðum íþróttasali, 2 talsins til að athafna okkur í , nýja sundlaug, nýjar höfuðstöðvar á efri hæðinni og einnig matsal skólans til að borða nestið okkar í. Einnig fórum við svo í

tölvurnar á tölvupallinum og í einingakubba undir stiganum. Einnig er svo útisvæðið óupptalið en við fórum mikið út, sérstaklega fyrir áramót og aðeins núna í vor. Sökum leiðinlegs veðurs þetta vor fórum við ekki út eins mikið og við hefðum viljað.

Eftirlit

Þar sem starfsemin í Sælukoti dreifist á mörg svæði á degi hverjum eru ekki starfsmenn á hverju svæði allan daginn, þetta hefur gengið ágætlega í vetur og er þetta hluti af því frelsi sem krakkarnir eru svo ánægðir með. Að sjálfsgöðu er mesti hasarinn á íþróttasvæðinu og útisvæðinu og reynum við því að hafa sérstakar gætur á þessum svæðum yfir daginn. Fótboltastrákarnir hafa fengið sérstakt leyfi til að vera stundum einir úti en við kíkjum þá á þá með reglulegu millibili og hefur umsjónarmaðurinn einnig haft samband við foreldra þeirra útaf þessu. Best væri ef við gætum haft starfsmenn á hverju svæði en það er ekki svo og þess vegna ganga starfsmenn á milli svæða á daginn og fylgjast þannig með. Eftir áramót fækkuðum við svæðunum og reyndum því að hafa alltaf einn starfsmann á hverju svæði og gekk það mun betur en að hafa fleiri svæði en starfsmenn.

Að sjálfsgöðu er lögð áhersla á að fara út með krökkunum en þá höfum við haft þá reglu að ákveðinn fjöldi verður að vera úti til að starfsmaður geti farið út með þeim. Tölvurnar eru í boði einu sinni í viku og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum og er þá yfirleitt umsjónarmaður með umsjón yfir tölvupallinum þann daginn. Krakkarnir hafa hlýtt þeim fyrirmælum sem fylgja tölvunotkun í skólanum og gildir það líka í Sælukoti. Mikilvægt er að kynna reglurnar fyrir krökkunum og sýna þeim hvernig tölvurnar virka.

Misjafnt er hvort krakkarnir séu sóttir eða fara heim sjálfir, oftast er það umsjónarmaðurinn sem hefur yfirumsjón með þessu á degi hverjum, athuga þarf hvort allir séu ekki mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann er.

Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 20.hvers mánaðar. Þetta fyrirkomulag þarf að kynna nánar og betur fyrir foreldrum því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðilinn hefur borist þeim. Við höfum verið mjög sveigjanleg og ber að geta þess að Alma hjá Garðabæ á heiður skilið fyrir frábært viðmót gagnvart öllum eftirá breytingum í Sælukoti.

Einnig þarf að kynna systkinaafslátt Garðabæjar enn betur fyrir foreldrum í Sælukoti, ef yngri systkini eru á leikskóla eiga þau rétt á afslætti í Sælukoti.

Agamál

Ef upp koma agavandamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur þá samband við foreldrar viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur Sjálandsskóla eftir alvarleika málsins. Sælukot er ekki með sérstakt agakerfi. Agamál ekki verið mörg í vetur. Börnin hafa verið ljúf, tillitsöm, góð við hvert annað sem og starfsmenn.

Brýna þarf betur fyrir foreldrum er þegar þeir sem eru komnir í 3. og 4. bekk og eru skráð í Sælukoti en hafa hálfgerð leyfi til að fara sjálf heim eða mæta í Sælukot þegar þeim hentar, nokkrir einstaklingar virðast vera á slíkum samningi við foreldra sína og þarf að taka betur á þessum málum næsta haust.

Samstarf og samskipti

Sælukot er í að sjálfsögðu í miklum samstarfi og samskiptum við Sjúalandsskóla og við foreldra. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum Sjúalandsskóla og auðvelt að bera saman bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Upplýsingaflæði og samskipti voru góð í vetur en alltaf má gera betur og gæti verið ágætt að setjast niður í haust og ákveða einhverjar ákveðnar reglur um samstarf meðal umsjónarkennara og umsjónarmanns Sælukots. Oft koma foreldrar einhverju á framfæri í foreldraviðtölum í sambandi við Sælukot og umsjónarmaður gæti þá komið inn í það eða fengið að koma sínum skoðunum á framfæri í þeim viðtölum.

Foreldrar

Samskipti við foreldra í Sælukoti er stór partur af starfi umsjónarmanns. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu hjá umsjónarmanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti með foreldrum en spurning hvort slíkt ætti að taka upp svo að foreldrar gætu komið sínum skoðunum á framfæri. Símhringingar eru fjölmargar á hverjum degi og tekur mikinn tíma og einnig að svara tölvupósti.

Eftirfarandi reglur voru settar í haust og sendum þær heim í byrjun skólaárs til foreldra í sérstökum kynningarbækling:

Ef barn í Sælukoti ætlar að fá að fara heim með öðrum úr Sælukoti á að láta vita af því daginn fyrir eða áður en Sælukot hefst. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig.

Krakkar fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sér tilfelli sé að ræða.

Foreldrum er ekki leyft að hringja í Sælukot og láta senda krakkana út til að sækja. Foreldrar eiga að koma inn og sækja börnin sjálf – ALLTAF.

Barnið má ekki vera með síma sjálft í Sælukoti.

Tölvupóstar eiga að berast fyrir klukkan 14.00 til umsjónarmanns með hugsanlegum breytingum á hætti barnsins þann sama dag.

Fréttabréf sent heim til foreldra um dagskrá Sælukots allavega 2svar á hvorri önn. Ábyrgð Umsjónarmanns.

Betri upplýsingamiðlun á heimsíðu Sælukots. Ábyrgð Umsjónarmanns.

Tilkynningar um breytta dagvistun skal berast til umsjónarmanns fyrir 20.hvers mánaðar, annars er hætta á að breytingar gangi ekki í gegn.

Þessar reglur voru til góða og er enn hægt að bæta við og gera betur.

Önnur tómstundaheimili og fleiri möguleikar

Nánast ekkert samstarf er á milli tómstundaheimila í Garðabæ og eru þau 3 . Gaman væri að ef hægt væri að koma á einhverju sambandi þarna á milli þó ekki væri nema til að skiptast á hugmyndum og skoða starfið hjá hinum með opnum huga. Hægt væri að kíkja í heimsóknir með litla hópa eða hittast t.d. á Stjörnuvelli og vera með eitthvað sprell og gaman þar. Einnig er hægt að athuga með nærliggjandi sveitarfélög og skóla þar, t.d. Álftanes eða Hafnarfjörð.

Samstarf við Stjórnuna gæti líkað verið hentugt, íþróttaskóli eða heimsóknir þjálfara frá deildum innan Stjórnunnar í Sælukot, kynna vetrarstarfið fyrir þeim og hugsanlegt samstarf um fylgd úr skóla á æfingar og öfugt

Brúum bilið er samstarf hjá Garðabæ á milli skóla og leikskóla í Garðabæ og munum við koma enn frekar af því á næsta skólaári, hugsanlega fá krakka í heimsókn í Sælukot og við jafnvel að kíkja á þau líka. Það er gott tækifæri fyrir hugsanlega nemendur í skólanum að kynnst hvað tekur við þegar skóla lýkur á daginn kl.14.00 og sýna þeim hvað tómstundaheimilið býður uppá.

Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika. Við höfum haldið okkur á okkar heimavelli mest allan vetur, og gengið vel. Krakkarnir eru mjög hrifnir af frelsinu sem þau hafa til að leika sér við vini sína og við það sem þeim finnst skemmtilegast. Samskipti við skólann og foreldra hefur gengið vel og hafa fjölmargir foreldrar lýst yfir gríðarlegri ánægju með Sælukot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni.

Sundið gengur bara nokkuð vel, það er ótrúlega gaman fyrir krakkana og voru foreldrar gríðarlega ánægðir með þessa nýjung. Ég efast um að nokkurt tómstundaheimili á höfuðborgarsvæðinu bjóði uppá þvílíkan lúxus og einkasundlaug á hverjum degi.


Það er alltaf erfitt að flytja og læra nýja hluti, það komu gríðarlega margir nýir nemendur í skólann í fyrra og öll þurftum við að læra á nýja hluti við að flytja yfir í þetta húsnæði sem Sælukot er í núna og það tók bara sinn tíma. Á næsta ári vitum við af hverju við göngum, og eru betur búinn undir starfið næsta haust. Með bættu skipulagi og góðu hugarfari er ég bjartsýnn fyrir hönd Sælukots á næsta ári. Foreldrar hafa verið duglegir að hrósa starfsfólkinu undanfarna daga og hafa ítrekað að barnið þeirra sé ánægt í Sælukoti og komi aftur á næsta ári.

Það er alltaf hægt að gera betur en síðast og er það að sjálfsögðu það sem við höfum að leiðarljósi næsta haust, að gera enn betur en síðast þannig að krökkunum líði sem allra best í Sælukoti.

Umsjónarmaður Sælukots
Davið Örvar Ólafsson

FYLGISKJAL 1 – SKIPURIT SJÁLANDSSKÓLA

Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2008 - 2009



FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2010-2011

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2010 - 2011

Nafn skóla:

Sjálandsskóli

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 S	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 M	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ	31 S	31 S	31 M	31 F	31 M	31 F	31 F	31 Þ	31 Þ	31 F

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launaneindar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir í samráði við kennara og með hljóðsýn af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

FYLGISKJAL 3 – LÆSISPRÓF Í SJÁLANDSSKÓLA 2010-2011

Læsispróf í Sjálandsskóla 2010-2011

Árlega er lagt fyrir skimunarprófið Læsi hjá nemendum í 1. og 2.bekk. Prófin eru alltaf lögð fyrir á sama tíma hjá öllum grunnskólum Garðabæjar. Þrjú próf eru lögð fyrir hjá 1.bekk. Fyrsta prófið er lagt fyrir í nóvember, næsta í febrúar og það síðasta í apríl. Hjá öðrum bekk eru tvö próf. Það fyrra er í nóvember og það síðara í apríl. Umsjónarkennari og sérkennari sjá um fyrirlögn sem er stöðluð. Talmeinafræðingur fundar með þessum kennurum um niðurstöðurnar og kemur að ákvörðunum um framhaldið hjá neðsta hópnum. Niðurstöðurnar úr læsisprófunum skólaárið 2010-2011 eru eftirfarandi.

1.bekkur	0-49% rétt svör	50-64% rétt svör	65-100% rétt svör
október	30,7% nem	30,7% nem	38,5% nem
febrúar	30,7% nem	0	69,3% nem
apríl	27% nem	0	73% nem

2.bekkur	0-49% rétt svör	50-64% rétt svör	65-100% rétt svör
október	15% nem	10% nem	75% nem
febrúar	9,5% nem	4,8% nem	85,7% nem

Úrvinnsla vegna niðurstaðna

Þeir nemendur sem falla í neðsta flokkinn þ.e. ná einungis 49% eða minna réttum svörum fá sérstakan stuðning enda sterk vísbending um lestrarerfiðleika. Þeir nemendur sem í ár falla í þennan flokk fá allir sérstaka þjónustu hjá Sigríði Ólafsdóttir sérkennara. Hún leiðbeinir einnig umsjónarkennurum þessara barna. Þau börn sem lenda í flokknum 50-64% eru undir auknu eftirliti Sigríðar og umsjónarkennara. Þann hóp köllum við áhættuhóp. Markmið okkar er að sem flestir nemendur nái að hækka sig á milli prófa og hefur það gengið eftir.

FYLGISKJAL 4 – VIÐHORFSKÖNNUN FORRÁÐAMANNA

Könnun á viðhorfum forráðamanna og starfsmanna til vetrarfrís skólaárið 2009-2010

Komið þið sæl.

Við viljum kanna hug ykkar til vetrarleyfis í Sjúlandsskóla. Vinsamlegast svarið spurningunni fyrir laugardaginn 24. janúar.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir viku vetrarleyfi í grunnskólum Garðabæjar. Það er tillaga skólástjórnenda í grunnskólum Garðabæjar að leyfið verði 15.-19. febrúar en í þeirri viku eru bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Þessi vika er miðja vegu á milli jóla- og páska-leyfis auk þess er algengast að grunnskólar í nágrennasveitarfélögum taki vetrarleyfi í þessari viku. Annar möguleiki er að leyfið verði viku síðar (22.-26. febrúar) eða þá að ekki sé tekið vetrarleyfi.

- Ég styð að vetrarleyfi í grunnskólum Garðabæjar verði 15.-19. febrúar 2010
- Ég styð að vetrarleyfi í grunnskólum Garðabæjar verði 22.-26. febrúar 2010
- Ég styð ekki töku vetrarleyfis (vil taka lengra sumarleyfi) 2010
- Hef ekki skoðun eða forsendur til að svara

Niðurstöður

Flestir foreldrar og starfsmenn vilja leyfi í „bræðra“vikunni (54 foreldrar og 12 starfsmenn), þar á eftir koma þeir sem vilja leyfið í vikunni á eftir (35 foreldrar og 9 starfsmenn). Því næst koma þeir sem vilja ekkert vetrarleyfi (17 foreldrar og 2 starfsmenn) og nokkrir telja sig ekki hafa forsendur til að svara.

Tillaga um vetrarleyfi í Sjúlandsskóla á næsta skólaári verður því byggð á þessum niðurstöðum.

FYLGISKJAL 5 – SAMRÆMDUPRÓFIN Í SJÁLANDSSKÓLA 2010

Samræmdu prófin í Sjúlandsskóla 2010

4.bekkur

23 nemendur þreyttu samræmd próf í íslensku- og stærðfræði í 4. bekk. Einn nemandi var með undanþágu en 12 nemendur fengu lengdan próftíma í báðum fögum vegna lestrarerfiðleika.

Í **íslensku** var hæsta heildareinkunn 8,5 sem einn nemandi hlaut. Lægsta heildareinkunn í íslensku var 3,5 sem kom í hlut eins nemanda. Meðtalsheildareinkunn Sjúlandsskóla var 6,2, raðeinkunn 57,95 Re.

Stærðfræði	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjúlandsskóla	Normaldreif eink.	Íslenska	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjúlandsskóla	Normaldreif eink.
Heildareinkunn í stærðfræði	7,2	7,5	32,6	Heildareinkunn í íslensku	5,6	6,2	32,3
Reikningur og aðgerðir	7,1	7,4	31,2	Lestur	5,7	5,8	31,1
Rúmfræði	7,7	8,1	31,4	Ritun	4,4	6	34,3
Tölur og talnaskilningur	6,7	7,3	33,8	Stafsetning	5,9	6,5	33,4

7.bekkur

35 nemendur þreyttu samræmd próf í íslensku, tveir fengu undanþágu og þrettán fengu lengdan próftíma. Í stærðfræði þreyttu 34 nemendur samræmt próf, þrír fengu undanþágu og tólf fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika.

Í **íslensku** var hæsta heildareinkunn 9,5 en þrír nemendur hlutu þá einkunn og þrír nemendur hlutu einkunnina 8,5. Lægstu heildareinkunnir í íslensku voru 3,5 og 4,0 sem komu í hlut sitthvors nemandans. Meðtalsheildareinkunn Sjúlandsskóla var 6,9, raðeinkunn 54,45 Re.

Stærðfræði	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreif eink.	Íslenska	Lands- meðaltal	Samæmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreif eink.
Heildareinkunn í stærðfræði	6,1	6	29,8	Heildareinkunn í íslensku	6,7	6,9	31,7
Reikningur og aðgerðir	7	6,9	29,2	Lestur	6,5	6,8	30,9
Rúmfræði og mælingar	4	3,6	27,5	Ritun	7,2	7,4	31,2
Tölur og talnaskilningur	6,1	6	29,5	Stafsetning	7,3	7,6	31,2
				Málnotkun	6	6,3	31,5

10. bekkur

17 nemendur þreyttu samræmt próf í íslensku, fjórir fengu undanþágu og þrír fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika. Í stærðfræði og ensku þreyttu 18 nemendur samræmt próf, tveir fengu undanþágu, einn nemandi var veikur og þrír fengu lengdan próftíma vegna lestrarörðugleika.

Í **íslensku** hlaut einn nemandi 8,5 sem var hæsta heildareinkunnin og tveir nemendur hlutu einkunnina 8,0. Lægsta heildareinkunn í íslensku var 3,5 sem einn nemandi hlaut. Meðtalsheildareinkunn Sjálundsskóla var 6,6 , raðeinkunn 58,76 Re.

Stærðfræði	Lands - meðaltal	Samræmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreif eink.	Íslenska	Lands- meðaltal	Samæmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreif eink.	Enska	Lands- meðaltal	Samæmd einkunn Sjálundsskóla	Normaldreif eink.
Heildareinkunn í stærðfræði	6,5	7,1	33,1	Heildareinkunn í íslensku	6,2	6,6	32,8	Heildareinkunn í ensku	7,1	7,3	31,1
Reikningur og aðgerðir	7,1	7,6	31,9	Lestur bókmennta	6,3	6,4	30,6	Les- skilningur	7	7,1	30,2
Hlutfall og prósentur	7,1	7,8	33,4	Málfræði	5,9	7,1	36,5	Málnotkun	7	7,6	32,9
Rúmfræði	5,4	5,8	32,4	Ritun	6,6	7	31,6				
Algebra	6	6,7	32,9								

Viðbrögð við niðurstöðum

4.bekkur

Í **íslensku** í 4. bekk er árangur nemenda góður að okkar mati. Í öllum námsþáttum er normaldreifða einkunnin yfir 30 sem er meðaltal landsins. Í nokkrum þáttum eru nemendur verulega yfir meðaltalinu. Vel yfir meðaltali er stafsetning 33,4, ritun 34,3 og lestur 31,0.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennari og skólastjórnendur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda. Unnið er að einstaklingsáætlun fyrir þá nemendur sem komu undir meðallagi í heildareinkunn eða í einstökum prófþáttum. Stór hópur þeirra nemenda hefur þegar verið í sérkennslu á haustönninni og verður þeirri vinnu haldið áfram. Þáttur ritunar kom vel út, skólinn hefur sett sér það markmið

að efla þann þátt enn frekar sérstaklega hjá þeim nemendum sem raðast með raðtöluna 26 - 49. Frá sl. hausti hefur markvisst verið unnið að því að efla lestur og lesskilning og verður áfram unnið eftir þeirri áætlun. Þáttur heimalestrar verður eflaður með samvinnu við foreldra og í þeim tilgangi verður gefinn út bæklingurinn „Lestur er lykill“ með leiðbeiningum til foreldra.

Í **stærðfræði** í 4. bekk er meðaltal nemenda hátt en árangur er misgóður. Í öllum námsþáttum er normaldreifða einkunnin yfir 30 sem er meðaltal landsins. Í reikningi er normaldreifða einkunnin 31,2, í rúmfræði 31,43 og tölur 33,78. Margir nemendur skora hátt á prófinu en hins vegar fengu 26% nemenda raðtöluna 1 -25 í heildareinkunn. Í einhverjum tilfellum er fylgni á milli lestrarörðugleika og lágrar einkunnar í stærðfræði. Jafnhliða áætlun í íslensku er unnin áætlun í stærðfræði fyrir þá nemendur sem voru undir meðaltali á landsvísu í heildareinkunn eða í einstökum námsþáttum. Litið verður sérstaklega til hópanna með raðtöluna 1 – 25 í reikningi og raðtöluna 26 – 49 í rúmfræði. Í Námsfni þeirra nemenda sem eru með heildareinkunnina 8,5 – 10 verður skoðað með það að markmiði að tryggja að þessir nemendur sýni framfarir.

7.bekkur

Árangur nemenda í 7. bekk var góður í **íslensku**. 40% nemenda sýndu umtalsverðar framfarir eða framfarir meira en almennt gerast. 8,5% nemenda sýndu litlar framfarir en aðrir voru í meðallagi. Árangur var vel yfir meðallagi, m.v. normaldreifða einkunnina 30 sem er meðaltal landsins. Málnotkun var 31,45, lestur 30,8, ritun 31,2 og stafsetning 31,2. Umsjónarkennarar hópsins, sérkennarar og skólastjórnendur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda. Unnið er að einstaklingsáætlunum fyrir nemendur sem komu undir meðallagi úr prófunum í heildareinkunn eða í einstökum námsþáttum. Litið verður sérstaklega til nemenda með 1 – 25 í málnotkun og 1 – 25 í ritun. Stór hópur þeirra nemenda hefur þegar verið í sérkennslu á haustönninni, verður þeirri vinnu haldið áfram og niðurstaða einstakra prófþátta nú einnig höfð til hliðsjónar. Nemendur með raðtöluna 26 – 49 í lestri er nokkuð hátt og markmið hefur verið sett að efla þau enn frekar m.a. með samvinnu við heimilin. Námsfni þeirra nemenda sem eru með heildareinkunnina 8,5 – 9,5 verður endurskoðað með það að markmiði að tryggja að þessir nemendur sýni framfarir. Efla þarf lestur, lesskilning og málnotkun. Unnið verður markvisst að því að efla þann þáttur með samvinnu við foreldra og í þeim tilgangi verður gefinn út bæklingurinn „Lestur er lykill“ með leiðbeiningum til foreldra.

10.bekkur

Í **stærðfræði** var námsárangur undir væntingum og eru niðurstöður undir normaldreifðu einkunn landsins. Þó ber til þess að líta að 88% nemendanna sýna framfarir í meðallagi,

meira en almennt gerist eða umtalsverðar. Skólinn hafði þó sett markið hærra en umbætur voru gerðar í stærðfræðikennslu á miðstigi fyrir tveimur árum eða um áramótin 2008 – 2009. Þessir nemendur voru þá hálfnaðir með fimmta bekk og því ekki tekið þátt í umbótavinnunni nema hluta af miðstiginu. Í reikningi og aðgerðum var normaldreifða einkunnin 29,2, í rúmfræði 27,5, og í tölum og talnaskilningi 29,5. Unnið verður að áætlun fyrir þá nemendur sem voru undir meðallagi, en stærsti hluti þeirra hefur verið með stuðning og sérkennslu á haustönninni.

Árangur nemenda í 10. bekk var góður í öllum greinum. Árangur í **íslensku** var vel yfir meðallagi, m.v. normadreifða einkunnina 30 sem er meðaltal landsins. Út frá normadreifðri einkunn var árangurinn eftirfarandi: Heildareinkunn 32,8, lestur bókmennta 30,6, málfræði 36,5 og ritun 31,6. Námsefnið sem notað er styður vel við málfræði og ritun en efla á þátt bókmennta. Áfram þarf að minna á mikilvægi heimalesturs og efla lesskilning og hlustun.

Í **stærðfræði** voru normaldreifðar einkunnir eftirfarandi: Heildareinkunn 33,1, reikningur og aðgerðir 31,9, hlutfall og prósentur 33,4, rúmfræði 32,4 og algebra 32,9.

72% nemenda sýndu framfarir í meðallagi aðrir sýndur umtalsverðar eða framfarir meira en almennt gerist. Við teljum árangur stærðfræði góðan.

Í **ensku** voru normaldreifðar einkunnir eftirfarandi: Heildareinkunn 31,1, lesskilningur 30,2 og málnotkun 32,9. Þeir nemendur sem tóku samræmt próf í ensku höfðu fengið kennslu á vegum Alþjóðaskólans í 8. og 9. bekk. Þá var lögð áhersla á málnotkun en þáttur Aðalnámskrár grunnskólans í ensku, í lestri og málfræði mátti e.t.v. vega þyngra. Nemendur í unglingadeild Sjálandsskóla fá nú enskukennslu á vegum skólans og athyglisvert verður að bera saman árangur í lestri og málnotkun á næsta skólaári. Það má einnig sjá tengsl á milli árangurs í lestri og bókmenntum í íslensku og lestri í ensku. Við teljum árangur í ensku ásættanlegan.

Viðbrögð við þessum niðurstöðum eru tvímælalaust að halda áfram að þróa það fyrirkomulag sem er í unglingadeild Sjálandsskóla. Niðurstöður nemenda sem eru undir meðaltali verða skoðaðar og gerð einstaklingsmiðuð áætlun út frá einstökum prófþáttum og heildarniðurstöðum.

FYLGISKJAL 6 - SKÝRSLA SJÁLFSMATSHÓPS 2010-2011

Sjálfsmatsteymi var skipað á kennarafundi í ágúst 2010. Í teyminu voru:

Bryndís Rail, sérkennari
Helgi Grímsson, skólastjóri
Ingunn Þóra Hallsdóttir, umsjónarkennari
Margrét Helgadóttir umsjónarkennari

Skólinn vinnur eftir sjálfsmatskerfinu Gæðagreininir. Skólaárið 2010-2011 stóð til að skoða sérstaklega:

Nám og kennsla

Gæði kennslunnar, gæði námsins, til móts við þarfir nemenda, mat sem liður í kennslu, samskipti við foreldra.

Mannafli – aðstaða

Húsnæði og aðstaða, búnaður, skipulag og notkun á búnaði og húsrými, mannafli, nýting mannafla, starfsmat.

Haustið 2010 hófst undirbúningur innleiðingar skólastefnu Garðabæjar 2010-2013. Hluti innleiðingarferlisins var mat á stöðu skólans gagnvart markmiðum skólastefnunnar með þátttöku starfsmanna, foreldra og nemenda. Vegna umfangs þeirrar vinnu og skörunar var ákveðið að minnka sjálfsmatsvinnu samkvæmt Gæðagreini. Fyrsta verk hópsins var að fara vandlega í gegnum skólastefnu Garðabæjar, rýna spurningalista sem leggja átti fyrir starfsmenn og foreldra og hanna eigin spurningar fyrir nemendur. Þá skipulagði sjálfsmatshópurinn skólalæping Sjálandsskóla þar sem fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda ræddu saman niðurstöður könnunarinnar og komu með tillögur að leiðum að þeim markmiðum sem til umfjöllunar voru. Þá tók sjálfsmatshópurinn saman niðurstöður þingsins ásamt skólaráði. Vorið 2011 tók hópurinn til umfjöllunar stöðu skólans gagnvart starfsáætlun skólans 2010-2011 og gæðagreinum og málið rætt á kennarafundi.

Skólastefna Garðabæjar

Eins og segir í skýrslu um innleiðingu skólastefnunnar, „Samleið“ var könnun meðal foreldra og starfsmanna sem hönnuð og unnin varaf fræðsluviði Garðabæjar en sjálfsmatsteymi Sjálandsskóla valdi út spurningar úr listanum og breytti orðalagi á nokkrum stöðum í spurningalista nemenda. Unnið var úr könnunum út frá Likertkvarða þar sem niðurstöðum er skipt á þrjú bil: Styrkleiki, starfhæft og aðgerðir.

Niðurstaða könnunarinnar (samdóma álit foreldra, nemenda og starfsmanna) var að veigamiklir áherslupættir í skólastefnu Garðabæjar eru sannir hornsteinar í skólastarfi Sjálandsskóla og teljast til styrkleika skólans:

- Skapandi og sjálfstæð hugsun nemenda
- Andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda
- Nemendur eru virkir í námi sínu
- Jákvæð og góð samskipti nemenda og starfsmanna
- Fjölbreyttir og markvissir starfs- og kennsluhættir

- Gott upplýsingastreymi frá skóla til heimilis

Nokkur atriði í könnuninni falla á starfshæft bil að meðaltali. Þegar þessi atriði eru skoðuð er mikilvægt að skoða mismun milli hópa. Munur í meðaltali milli hópa í einstökum spurningum er talsverður. Sum atriði sem foreldrar skilgreina sem styrkleika skólans eru að mati starfsfólk á aðgerða bili eða því sem næst. Nefna má:

- Virðing og ábyrgðarkennd nemenda gagnvart umhverfi er eflað með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum
- Góð aðstaða er til kennslu ásamt viðeigandi búnaði og tækjum sem styðja við nám nemenda
- Stuðlað er með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks.

Þrjú atriði falla á aðgerðabil. Tvö þeirra varða matarmál og hið síðasta fjalla um vinahópa.

Boðað var til skólaþings með þátttöku starfsmanna, foreldra og nemenda til þess að ræða niðurstöður kannanana og finna leiðir til úrbóta. Á þinginu var fjallað um þau atriði sem falla á aðgerðabil, ýmist hjá öllum eða einstökum hópum. Niðurstöður skólaþings og svo útleggengar skólaráðs og sjálfsmatsteymis má finna í skýrslunni „Samleið“.

Helstu niðurstöður eru að:

- Setja vinahópana í fast form í 1.-4. bekk með jákvæðu og hvetjandi frumkvæði skólans.
- Starfsmenn og foreldrar þurfa að vera vakandi fyrir nýjum möguleikum varðandi vinahópaformið fyrir eldri nemendur
- Byggja upp opin hús fyrir 5.-7. bekk t.d. vikulega í samstarfi við æskulýðsfulltrúa Garðabæjar og hina skólana.
- Tryggja betra upplýsingastreymi frá Garðalundi og skoða kosti þess að byggja upp sjálfstæða félagsmiðstöð í Sjalandskóla til jafns við Garðalund í Garðaskóla undir sameiginlegri stjórn æskulýðsfulltrúa.
- Kennarar leiði frekara þróunarstarf varðandi heimspekiumræðu með börnum og vinnu með umhverfismál.
- Skoða betur kosti þess og galla að reka sjálfstætt framleiðslueldhús í skólanum.
- Gera stefnu skólans um heimavinnu sýnilega á heimasíðu skólans undir *Námið*.
- Hvetja kennara til að nýta hæfileika og sérþekkingu foreldra í skólastarfinu. Þetta þarf að taka upp á námsefniskynningum.

Sjálfsmatsteymi skólans sett upp töflu um aðgerðaáætlun. Þessi áætlun var staðfest á fundi skólaráðs og kynnt á kennarafundi.

	Vor 11	Haust 11	Vor 12	Haust12
Vinahópar	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Félagsstarf á miðstigi	Undirbúningur	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Félagsstarf á unglíngastigi	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Umhverfisnám	Undirbúningur	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Heimspeki	Undirbúningur	Undirbúningur	Undirbúningur	Framkvæmd
Heildarendurskipulagning matarmála	Undirbúningur	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd

Heimavinna	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd	Framkvæmd
Verkefni foreldra	Undirbúningur	Undirbúningur	Framkvæmd	Framkvæmd

Þróunarvinna samkvæmt starfsáætlun skólans 2011-2012

Í starfsáætlun skólans eru kynnt helstu þróunarverkefni sem fyrirhuguð eru á skólaárinu. Sjálfsmatsteymi ákvað að taka stöðu þeirra inn í skýrslu sína.

Heimavinna og heimalestur: Viðmið um heimavinnu má sjá á heimasíðu skólans. Skerpa þarf betur á næsta ári á hlutverki foreldra í eftirliti heimavinnu og heimalestrar.

Áætlanavinna nemenda: Sátt er um áherslur og stíganda – Áætlanir nemenda í 1.-4. bekk snúa fyrst og fremst að áætlun verkefna yfir skóladag eða einstaka tíma. Í 5./6. bekk gera nemendur áætlun um heimavinnu og í 7. bekk gera nemendur áætlun um hluta af vinnu sína í skóla svo og heimavinnu. Á unglíngastigi bera nemendur umtalsverða ábyrgð á eigin verkáætlunum.

Íslenska og stærðfræði: Búið er að taka saman og skapa samfellu í vinnu að markmiðum í íslensku og stærðfræði frá 1.-10. Bekk.

Rýning á þrepamarkmiðum: Búið er að rýna áfangamarkmið aðalnámskrá 1.-7. bekkjar í samfélagsfræði, náttúrufræði og trúarbragðafræði með það í huga að í þeim sé verið að vinna að allflestum markmiðum aðalnámskrár.

Aukin notkun á upplýsingakerfinu Mentor: Notkun á Mentor hefur aukist hröðum skrefum í skólanum. Skráning ástundunar, sérkennslu, dagbókar og markmiðasetning fer nú fram í Mentor. Búið er að gera tilraunir með skráningu námsframvindu og verður það tekið upp að fullu á næsta skólaári.

Skólinn sem samfélagsmiðstöð

Með tilkomu 2. áfanga skólans hefur hlutverk skólans sem samfélagsmiðstöð vaxið gríðarlega. Nú eru um 14 félagasamtök, stofnanir og einkaaðilar sem nýta sér skólabygginguna. Símenntunarmiðstöðin Klifið var kærkomin viðbót í skemmtilegu samfélagsflóru. Þessi þáttur á eflaust eftir að þróast frekar næstu árin.

Sjálandsskóli – heilstæður grunnskóli

Nú er skólinn fyrir allt grunnskólastigið frá 1.-10. bekk. Töluverð orka hefur farið í þróunarvinnu unglíngastigisins og er almenn sátt um það hvernig til hefur tekist. Næsta verkefni er að tryggja sameiginlega skólamenningu og samfellu innan skólans – en um leið að hvert og eitt aldurstig eigi sín sérkenni og þannig sé eðlilegur stígandi í námi, starfi og leik innan skólans.

Sjálandsskóli – heilsueflandi skóli

Sjálandsskóli hefur á liðnum árum lagt mikla áherslur á heilsurækt. Skólinn hefur tekið þátt í ýmsum heilsueflandi verkefnum á liðnum árum og ákvað að taka þátt í verkefni Lýðheilsustofnunar um heilsueflandi skóla. Skólinn hefur sett sér upp áætlun sem heilsueflandi skóli.

Comeniusarverkefnið

Sjálandsskóli fékk úthlutað styrk frá Comenius project. Styrkurinn er veittur fyrir verkefni sem unnið er í samstarfi við skóla í sex löndum Evrópu. Þessi lönd eru Frakkland, Ítalía, Þýskaland, Bretland og Spánn. Verkefnið heitir „Fit for life – fit for Europe“ eða „Hreysti fyrir lífið“. Allir nemendur skólans unnu að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við þátttöku okkar en nemendur í 3.-4. bekk og 7. bekkjar lögðu hvað gjörvasta hönd á plóginn. Helstu áherslur eru á hreyfingu og matarræði en þessi viðfangsefni hafa verið áberandi í skólastarfi Sjálandsskóla á liðnum árum og viljum við miðla og læra af öðrum skólum í Evrópu. Umsjónarhópur verkefnisins mun gera sérstaka skýrslu um þátttöku okkar.

Skólanámskrá

Vinna við endurnýjun skólanámskrár liggur fyrst og fremst í þeim verkefnum sem hér að ofan greinir.

Sjálandsskóli – Grænfánaskóli

Ein af niðurstöðum skólaþings var að sinna enn frekar að umhverfismálum í skólastarfinu. Liður í því er að vinna í anda grænfánaskóla. Ekki tókst á þessu skólaári að reka smiðshöggjö á það verk.

Garðalundur – félagsmiðstöð í skólanum

Tryggja betra upplýsingastreymi frá Garðalundi og skoða kosti þess að byggja upp sjálfstæða félagsmiðstöð í Sjálandsskóla til jafns við Garðalund í Garðaskóla undir sameiginlegri stjórn æskulýðsfulltrúa. Niðurstaða komst ekki í málið á skólaárinu.

Samstarf Leikskólans Sjálands og Sjálandsskóla um starf í 5 ára bekk

5 ára deild Leikskólans Sjálands hefur aðsetur hér í skólanum á þessu skólaári. Til stóð að gera þetta að föstu samstarfsverkefni – ekkert varð úr þeirri hugmynd.

Lokaorð

Sjálfsmatsteymið telur að skólastarfið hafi þróast í jákvæða átt á árinu. Vinna við þróunarverkefni, svo og skólastefnu Garðabæjar hafa verið liður í því. Engu að síður er mikilvægt er að taka upp á næsta skólaári þau atriði úr Gæðagreinum sem ekki gafst ráðrúm til að skoða á þessu skólaári. Þá ber einnig að tryggja í byrjun skólaárs að þau atriði sem voru þróuð í vetur festist í sessi á næsta skólaári.

Sjálfsmatshópur Sjálandsskóla

FYLGISKJAL 7 – NIÐURSTÖÐUR FORELDRAKÖNNUNAR SJÁLANDSSKÓLA 2010



Þeir fiska sem róa

Niðurstöður foreldrakönnunar í Sjalandskóla 2010

Almennt má álykta sem svo að foreldrar séu mjög sáttir við starfið í Sjalandskóla. Starfshópurinn fær góðan vitnisburð og er ljóst að foreldrar álíta að í Sjalandskóla starfi afar hæft starfsfólk sem leggur alúð í starf sitt og samskipti sín við nemendur og foreldra. Það hefur tekist að byggja upp jákvæðan og hvetjandi skólabrag. Foreldrar taka það skýrt fram hvað börnum þeirra líður að öllu jöfnu vel í skólanum.

Sýna þarf varúð þegar niðurstöður kannana 2010, 2009, 2008, eru bornar saman. Að hluta er um tvo ólíka hópa að ræða og eins að foreldrar orðnir vanir tilteknum vinnubrögðum og áherslum.

Styrkleikabil

Í þessari litlu könnun telst meirihluti þeirra atriða sem spurt er um til styrkleika skólans og ef eitthvað er þá er þeim atriðum að fjölga miðað við seinustu tvö skólaárin.

- Viðfangsefni og námsgögn eru fjölbreytt og gjarnan tengd samtíð, umhverfi og samfélagi
- Þemakennslan
- Viðmót kennara virkar almennt hvetjandi á barnið og byggir upp sjálfstraust þess
- Verkefni hæfa almennt vel þörfum og getu barnsins
- Nemandinn er áhugasamur um námið og skólastarfið

Starfhæft bil

Önnur atriði eru á starfhæfu bili. Benda má sérstaklega á að spurningin um líðan nemenda fékk 4,19 að meðaltali og var því aðeins 0,01 frá því að falla á styrkleikabil.

- Almenn líðan barns í skóla
- Íslenskukennslan
- Starfshættir tómsundaheimilis
- Upplýsingastreymi frá umsjónarkennara til þín um líðan barns
- Stærðfræðikennslan

Fullur vilji stendur til þess að skoða stærðfræðikennsluna betur, sérstaklega á miðstigi skólans þar sem að svör foreldra í opnum spurningum benda til þessa að þar sé sóknarfæri fyrir skólann.

Aðgerðabil

Af þeim spurningum sem spurt var um fellur ekkert á aðgerðabil og nokkuð langt í að atriði á starfhæfu bili séu að falla á aðgerðabil.

Opnar spurningar

Þar sem að um stutta könnun er að ræða er mikilvægt að skoða vel raddir foreldra í opnum spurningum. Af lestri má ráða að foreldrar eru ánægðir með fjölmarga þætti í starfinu og ljóst að starfsfólkið fær mikið hrós frá foreldrum og sömu leiðis bæjaryfirvöld sem hafa valið að skapa börnum eins góðar aðstæður til náms og starfs sem raun ber vitni. Starfsfólkinu hefur ásamt nemendum tekist að skapa jákvæða, nærandi og hvetjandi skólamenningu.

Athyglisvert er hvað foreldrar telja brýnt að taka á matarmálum – sérstaklega margir nefna mikilvægi þess að eldað sé á staðnum. Sambærileg niðurstaða kom í gegnum könnun á starfi í anda skólastefnu Garðabæjar. Matarmál skólans þarf því að skoða frá grunni.

Í Sjalandskóla hefur verið rekin sú stefna að halda heimavinnu nemenda á yngri stigum í lágmarki – þó þannig að allir nemendur lesi heima að lágmarki í 20 mínútur dagalega. Ef einstaka foreldrar vilja meiri heimavinnu fyrir börn sín hafa umsjónarkennarar skipulagt það í samráði við foreldra og nemendur. Margt bendir til þess að skerpa megi heimavinnu í 5.-7. bekk til þess að stuðla að því að foreldrar geri sér enn frekar grein fyrir stöðu barna sinna í námi og viti betur við hvaða viðfangsefni börnin eru að glíma við í skólanum. Einnig þarf að skýra hlutverk foreldra í heimavinnu og til dæmis veita þeim betri leiðsögn um hvernig standa eigi að heimalestri og hefur verið prentaður sérstakur bæklingur til þess að styrkja foreldra í þeirri viðleitni.

Ofangreind atriði og aðrar ábendingar sem foreldrar komu með þarf að ræða í starfshópnum og skólaráði til þess að leita leiða til þess að gera gott betra.

Lokaorð

Virkt foreldrastarf er einn af hornsteinum góðs skólastarfs og það þarf gott samstarf starfsmanna, foreldra og nemenda til þess að skapa góðan skóla. Fljótt á litið má draga þá ályktun af svörum foreldra að starfið í Sjalandskóla sé í góðu horfi en engu að síður mikilvægt að nýta sér ábendingar foreldra til þess að gera enn betur í næstu skrefum. Niðurstöður könnunarinnar verða því vegvisir fyrir starfið á vorönn og á næsta skólaári og er mikilvægt að starfsfólk og foreldrar komi að þeirri þróunarvinnu.

Garðabæ, 13. janúar 2011

Bryndís Rail, sérkennari

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla

Ingunn Þóra Hallsdóttir, umsjónarkennari

Margrét Helgadóttir, umsjónarkennari

Viðauki - opnar spurningar. Allar athugasemdir foreldra flokkaðar í efnisatriði.

Það sem vel er gert í starfi Sjálandsskóla

Starfsfólkið og viðmót

1. Almennt góðir kennarar
2. Almennt góðir kennarar
3. Ánægð með kennara í heild!
4. Barnið ánæggt með alla kennara
5. Er mjög ánægð með allt hjá ykkur, þið eruð með frábært starfsfólk sem vill allt gera til að börnum líði vel og að foreldrar séu sáttir
6. Ég er alveg sérstaklega ánægð með hvað vel var tekið á mótí barninu mínu
7. Ég er ánægð með kennarann,frábær
8. Foreldrar alltaf velkomnir
9. Framúrskarandi starfsfólk
10. Frábær kennarahópur í 5. bekk
11. Frábær kennari sem á auðvelt með að koma til móts við þarfir barnanna.
12. Frábært starfsfólk, almennilegt og vill allt gera til að barninu líði vel og foreldrar séu sáttir
13. Frábært við mót starfsfólks og gott að gengi að kennurum
14. Gott viðmót kennara
15. Góðir kennarar
16. Góðir kennarar.
17. Góður aðgangur að starfsfólki.
18. Góður kennarahópur
19. Góður kennari
20. Hugmyndaríkir kennarar
21. Hvað ég hef gott og skilvirt samband við Ernu
22. Hvað kennurum er annþ um nemendurna sína
23. Jákvæði kynni við kennara á foreldrafundi
24. Jákvætt tekið í athugasemdir.
25. Jákvætt viðmót
26. Jákvætt viðmót alls starfsfólks skólans
27. Kennarann
28. Kennarar
29. Kennarar
30. Kennararnir, algerlega frábærir
31. Kennari sýnir barninu og mér virðingu.
32. Kennarinn
33. Maður tekur eftir því að kennarar eru ánægðir í vinnu og það smitar út frá sér
34. Má nefna kennara,
35. Metnaðarfullir kennarar
36. Metnaður í starfi kennara
37. Metnaður og jákvæðni kennara.
38. Metnaður starfsfólks
39. Mín tilfinning er sú að þeir kennarar sem ég hef haft samskipti við eru mjög áhugasamir um starf sitt og metnaður er mikill! Kennarar í Sjálandsskóla mæta ekki bara í vinnuna sína t.a fá laun heldur af áhuga og vilja þróa starf í takt við tíðarandann!
40. Samband kennara við nemendur.
41. Sérstaklega ánægð með Hrafnhildi umsjónarkennara.

42. Soffía
43. Starfsfólk, bæði kennara og aðra
44. Starfsfólkið, dásamlegt hvað vel er tekið á móti börnunum í dyrunum á morgnana.
45. Starfsmenn eru allir framúrskarandi góðir
46. Tengsl barna við starfsfólk skóla
47. Umsjónarkennarinn
48. Viðmót alltaf gott, alltaf hægt að tala við kennara eða yfirmenn ef eitthvað er og gengið er strax í málið
49. Viðmót kennara
50. Viðmót kennara í 1 og 2 bekk
51. Vinsamlegt viðmót kennara og starfsmanna
52. Þið eruð jákvæð og hvetjandi.
53. Ætíð reynt að bregðast við

Skólastefna, starfs- og kennsluhættir

1. Almennt ánægður
2. Alþjóðlegur skóli
3. Annars konar kennsla en hefðbundin bekkjarkennsla
4. Áherslu á ólík og fjölbreytt verkefni
5. Er ánægð með fjölbreytnina í leik og starfi fyrir börnin.
6. Ég er að öllu leiti mjög ánægð með að hafa valið Sjálandsskóla fyrir barnið minn. Takk
7. Ég hef verið mjög ánægð með þessa fundi sem þið hafið haldið með börnunum þar sem þau fá tækifæri til að tjá sig um atriði sem betur mætti fara og talað um hvað vinátta er og slíkt. Hvet ykkur til að halda því áfram.
8. Félagslífið
9. Fjölbreytilegar kennsluaðferðir
10. Fjölbreytni í námi
11. Fjölbreytni í skólastarf
12. Fjölbreytni í skólastarfi
13. Fjölbreytt starf og alltaf eitthvað spennandi í gangi
14. Fjölbreyttar kennsluaðferðir
15. Fyrirkomulag kennslu (opið rými)
16. Góður í alla staði fyrir dóttur mína
17. Hvatning til að koma fram, eins og kynna verkefni sín eða leikrit.
18. Hæfilegur fjöldi í bekkjum
19. Kennslan,
20. Kennsluaðferðir
21. Kennslufyrirkomulagið
22. Mér finnst skólastarfið til fyrirmyndar og finnst stefna og kennslan góð
23. Mikið og öflugt tónlistarlíf finnst mér frábært
24. Mjög ánægð með fjölbreyttar valgreinar hjá nemendum á hverjum vetri.
25. Námsaðferðir
26. Námsfernið gert lifandi og fjölbreytilegt
27. Opið kerfi
28. Opið kerfi
29. Samkennsla árganga
30. Sjálandsskóli er opinn fyrir bæði mig sem foreldri og hjá barninu mínu.
31. Skemmtilegt hve foreldrar eru velkomnir í skólann
32. Skipulag
33. Stefna í kennslumálum

34. Svo er ég bara mjög ánægð með skólastarfið sjálft
35. Sýningar og framkoma barnanna er gott.
36. Sælukot
37. Sælukot
38. Sælukot
39. Tómsundaheimilið
40. Unglingastig kemur vel út.
41. Vandað og metnaðarfullt skólastarf
42. Vel skipulögð kennsla
43. Viðfangsefni fjölbreytileg

Aðbúnaður og umhverfi

1. Frjálsræði barnanna í umgengni um skólahúsið, en samt undir góðri stjórn
2. Aðbúnaður í skólahúsnæði
3. Aðlaðandi húsnæði
4. Aðstaða
5. Aðstaða
6. Aðstaða
7. Aðstaða til fyrirmyndar
8. Aðstaða öll til fyrirmyndar
9. Aðstaða öll til fyrirmyndar
10. Aðstaðan
11. Aðstaðan
12. Aðstaðan er góð, frábært að hafa sundlaug á staðnum/gæslu
13. Aðstaðan er stórkostleg, barnið getur stundað tónlistarnám, dans og sund í skólanum!
Frábært :)
14. Aðstæður
15. Allur aðbúnaður er fyrsta flokks
16. Barnvænt og hvetjandi umhverfi
17. Fallegt námsumhverfi og fallegur skóli
18. Flottur skóli með góða aðstöðu.
19. Flottur skóli mikil bót að hafa íþróttaaðstöðuna innan skólans t.d. sundlaugina.
20. Frábær aðstaða fyrir sund- og íþróttakennslu
21. Gott fyrir nemendur að geta líka stundað tónlistarnámið innan skólans.
22. Góð aðstaða
23. Góð aðstaða
24. Góð aðstaða til íþróttar t.d. Sundlaugin.
25. Húsnæðið
26. Húsnæðið
27. Húsnæðið
28. Húsnæðið
29. Íþróttaaðstaðan er stórkostleg
30. Jákvætt viðhorf
31. Lítil skóli
32. Mjög gott að hafa bæði tónmenntakennslu og sundkennslu í skólanum sjálfum.
33. Opið kennslusvæði
34. Opið og hvetjandi umhverfi. Fallegur skóli
35. Skólinn með allt til alls
36. Staðsetninguna við sjóinn, sundlaugina.

37. Toppaðstaða
38. Umhverfi og tengsl skólstarfsins
39. Vel búið að börnunum

Útikennsla

1. Er mjög ánægð með útikennsluna
2. Kajakar
3. Mér finnst útikennslan frábær
4. Mjög ánægð með útikennslu
5. Tenging við náttúru og umhverfi
6. Umhverfisnám
7. Unnið með náttúruna
8. Útikennsla
9. Útikennsla
10. Útikennsla
11. Útikennsla
12. Útikennsla
13. Útikennsla
14. Útikennsla
15. Útikennsla og tengsl við náttúruna
16. Útikennsla vel skipulögð
17. Útikennsla, heitt kakó og sparinesti
18. Útikennslan
19. Útikennslan
20. Útikennslan
21. Útikennslan
22. Útikennslan
23. Útikennslan
24. Útikennslan
25. Útikennslan
26. Útikennslan- tengslin við náttúruna
27. Útikennslu
28. Útiveran og vettvangsferðirnar eru frábærar
29. Útivist og gönguferðir
30. Vettvangsferðir
31. Vettvangsferðir
32. Þið nýtið umhverfið til náms

Samskipti og líðan

1. Að lögð sé áhersla á líðan nemenda.
2. Andinn í skólanum er mjög góður - mikil samkennd milli nemenda
3. Áhugasemi skín frá skólanum varðandi vellíðan og háþörfun árangurs hjá drengnum
4. Ánægð með hvað drengnum okkar líður vel í skólanum.
5. Barninu líður vel.
6. Ég er ánægð með börnin í skólanum, góðir krakkar sem greinilega eru stolt af skólanum sínum.
7. Frelsi fyrir hugmyndir og gott viðmót
8. Góður andi
9. Góður andi

10. Góður skólaandi,
11. Heimilislegur andi þrátt fyrir stærð
12. Heimilislegur skóli
13. Hlýleiki og gott andrúmsloft
14. Honum hefur aldrei áður liðið jafn vel í skóla
15. Jákvæðni og gleði
16. Jákvæðni, frumkvæði og góður andi
17. Jákvætt andrúmsloft
18. Jákvætt andrúmsloft
19. Jákvætt andrúmsloft
20. Jákvætt viðhorf
21. Jákvætt vinnuumhverfi
22. Persónulegur og heimilislegur skóli
23. Samheldni
24. Við fjölskyldan erum sérstaklega ánægð með skólann því hann er persónulegur og andrúmsloftið gott.
25. Við sáum kvíðið og óöruggt barn breytast í sjálföruggan ungling eftir að hann byrjaði í Sjálandsskóla. Hann gengur nú beinn í baki í stað þess að vera hokinn áður fyrr. Hann er laus við kvíða í dag og talar vel um skólann sinn og skólafélagana.
26. Það er hugað að hverjum og einum nemanda og börnunum innrætt að taka vel á móti nýjum nemendum.

Þemakennslan

1. Er mjög ánægð með þemaverkefnisvinnuna,
2. Flott þemaverkefni.
3. Mánaðarþema
4. Samþætting námsefnis
5. Samþætting námsgreina.
6. Þema vinna
7. Þemakennsla
8. Þemakennsla
9. Þemakennslu (held að það auki verkefnavitund)
10. Þemanámið
11. Þemavíkur
12. Þemavinna
13. Þemavinnan
14. Þemavinnan
15. Þemavinnan frábær

Agi

1. Agi
2. Barnið mitt sér skólann sem sinn og finnst það vera hluti af honum.
3. Eftirfylgni kennara gagnvart nemanda
4. Er mjög ánægð með aðhald nemenda og hversu vel er passað upp á að það sé ekkert einelti.
5. Ég veit að þið takið alvarlega einelti og slíkt sem er besta mál. Ég tel að besta forvörnin fyrir einelti sé að kenna börnunum náungakærleikann.
6. Hvernig tekið er á einelti.
7. Hvernig tekið er á eineltismálum.

8. Hversu vel er haldið utan um nemendur.
9. Tekið er vel á öllum málum sem koma upp
10. Vel tekið á agamálum nemenda
11. Vel tekið á eineltismálum
12. Vel tekið á eineltismálum
13. Það að æfa börnin undir framtíðar skóla göngu með því að gera þau smá saman ábyrg fyrir námi sínu.
14. Þegar að samskiptin fóru að ganga betur milli okkar foreldrana og starfsmanna í skólanum vegna eineltis hjá barninu mínu þá fór allt að ganga vel og tel ég skólann standa sig vel eins og er

Einstaklingsmiðun

1. Að börnin fá að vinna á sínum hraða og tekið er tillit til námsgetu hvers og eins.
2. Börnum er kennt að leggja sjálf mat á eigin frammistöðu
3. Einstaklingsmiðað nám
4. Einstaklingsmiðað nám
5. Einstaklingsmiðað nám,
6. Hlúð vel að einstaklingnum
7. Hversu vel er haldið utan um nám stúlku minnar.
8. Mjög vel fylgst með alhliða námsárangri barna
9. Nemendur bera ábyrgð á sínu námi
10. Nemendur með námsefni við sitt hæfi.
11. Virðing borin fyrir þörfum hvers barns.
12. Ýtt undir sjálfstæði nemenda

Ýmsar kennslugreinar

1. Allt sem tengist íþróttum
2. Ánægð með mikla hreyfingu
3. Fjölbreytt valfög á unglingastigi
4. Fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi
5. Fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi
6. Hreyfing
7. Íþróttakennsla, sundkennsla til fyrirmyndar
8. Íþróttir
9. Lotukerfið á unglingastigi
10. Lotukerfið í stærðfræði á unglingastigi
11. Sundkennslu

Tónmennt

1. Allt sem tengist tónmennt
2. Er mjög ánægð með tónlistarkennsluna (kórinn einnig)
3. Tónlistarkennslan er góð
4. Tónlistarkennslan er til fyrirmyndar
5. Tónlistarkennslan er til fyrirmyndar
6. Tónmenn
7. Tónmennt

Upplýsingastreymi

1. Er ánægð með föstudagspóstinn :-)
2. Gott að fá emaila vikulega frá kennara til að fá að vita hvað er að gerast í skólanum og varðandi heimanám og þessháttar.
3. Ótrúlega gott að ná í umsjónakennara, alltaf aðgengilegur
4. Upplýsingaflæði til foreldra
5. Upplýsingarflæði
6. Vikupósturinn er mjög sniðugur svo maður geti fylgst með hvað börnin eru búin að vera að gera

Morgunsöngur

1. Morgunsöngur
2. Morgunsöngurinn
3. Morgunsöngurinn
4. Morgunsöngurinn
5. Morgunsöngurinn er skemmtilegur
6. Söngur á morgnana

Stjórnun

1. Ég er ánægð með skólastjórann hann er með gott viðmót og barnið mitt er stolt af sínum skólastjóra.
2. Góður skólastjóri
3. Stjórnendur skólans til fyrirmyndar
4. Stjórnun og viðmót
5. Stjórnun skólans er til mikillar fyrirmyndar!!!

Það sem betur má fara í starfi Sjálandsskóla

Matarmál

1. Að eldað verði á staðnum í skólanum.
2. Barnið okkar er oft ekki ánæggt með matinn sem boðið er uppá frá Heitt og kalt.
3. Betra næði í matsal
4. Betri aðstöðu fyrir morgunneiti t.d. örbylgjuofn,
5. Betri hádegismat fyrir nemendur.
6. Betri hitunaraðstaða í hádegi fyrir þá sem eru með nesti, Södd börn sæl börn.
7. Betri matur
8. Betri matur - krakkarnir eru heyrist mér alls ekki ánægð með matinn í áskrift
9. Betri matur fyrir börnin
10. Betri og ódýrari matur í hádeginu
11. Einnig mætti vera eldað á staðnum þar sem mikil óánægja ríkir á meðal krakkanna með matinn í skólanum.
12. Eins væri það mikið til bóta ef það væri matreiðslumaður sem eldaði mat í skólanum - þar sem megináhersla væri á hollustu.
13. Enn á ný eru matarmálin í vondum málum og alltof of kvartað yfir matnum.
14. Hef komið í skólann á matartíma mikill hávaði og læti þyrfti að athuga það frekar.
15. Hollari og ódýrari matur í hádeginu
16. Hollur heitur matur (ekki upphitaðar og ólystugar unnar kjöt- og fiskvörur)
17. Matarmálin - óánægja með hádegismat.

18. Matarmálin. Þyrfti að koma upp mötuneyti í skólanum. Finnst maturinn ekki mjög spennandi og líka allt of dýr. Hávaði og læti í matsal ! Hef sjálf komið á matartíma og vildi ekki vera þar á hverjum degi að borða.
19. Matartímar, eilíft umkvörtunarefni barnsins
20. Matur
21. Matur
22. Matur
23. Matur
24. Matur
25. Matur
26. Matur eldaður frá grunni í skólanum - þar sem áhersla er lögð á hollustu
27. Matur væri eldaður af kokki sem starfaði hjá skólanum þar sem mikil áhersla væri lögð á hollustu.
28. Matur yrði eldaður á staðnum (aðstaða er til staðar!!), skólinn yrði með stefnu sem væri hollur og heilsusamlegur matur
29. MATURINN ég styð hollari mat eins og er í Sjálandsleikskólanum. Svo er hann of dýr.
30. Maturinn hund vondur, uppfyllir grjónagrautur þau næringarþörf sem börn þurfa að fá? Barninu finnst maturinn vondur og kýs því frekar að taka með sér mat sem þarf að sjálfsögðu að örbylgjuhita sem ég tel vera mikill óþveri og óholt.
31. Meiri áhersla mætti leggja á að það sé eingöngu í boði að borða hollt - ef börn koma með óhollt nesti séu þau send með það heim aftur.
32. Meiri eftirfylgni hvað varðar hollt nesti
33. Mætti nota Eldhús
34. Óholt nesti sent heim aftur
35. Skólaeldhús á staðnum,
36. Það er eingöngu eitt sem mér þætti að mætti betur fara en það er maturinn.
37. Það virðist mikið mæða á börnunum í matartímum í hádegis! Mikið talað um það á mínu heimili og alltaf sama niðurstaða þegar ég spyr barnið mitt hvað betur mætti fara í skólustarfinu!
38. Þarf að gera eitthvað í matarmálum. Maturinn alltof dýr þyrfti að koma upp mötuneyti eitthvað hollt og gott í hádeginu.
39. Þyrfti að koma upp mötuneyti í skólanum. Eins og þetta er í dag er maturinn allt of dýr og ekki mikil ánægja með hann.

Agi, gæsla og vinnufriður

1. Að allt starfsfólk skólans sé samstíga í uppeldisháttum.
2. Aðeins meiri rólegheit og minni hávaða á opnum kennslusvæðum.
3. Auka ætti siðferðisreglur hjá unglingum skólans sem klæða sig
4. Ákveðnari stjórn skóla um t.d. Tilfærslur nemenda um bekk
5. Betur tekið á erfiðum málum og einstaklingum.
6. Ef hægt væri að bæta vinnufrið.
7. Einu vandamálin(sem eru samt frekar fátíð) sem koma upp hjá dóttur minni eru samskipti við skólafélaga og það sem þau gera inni í frímínútur og í Sælukoti. Ég tek fram að dóttir mín á fullt af vinum og það er ekki vandamál. En það er inn á milli verið að skilja hinn og þennan útundan sem hún segir mér alltaf frá.
8. Ég hef aldrei heyrt eins mörg ljót orð og spurningar um hvað hin og þessi (ljótu) orð þýða eftir að barnið byrjaði í skóla- eldri krakkarnir eru með leiðindi við þau yngri.

9. Halda betur utanum hegðunarvanda nemenda og reyna að fyrirbyggja betur en gert hefur verið að nemendur lendi í árekstrum.
10. Markvissari aðferðir við bekkjarstjórnun.
11. Meiri agi
12. Meiri gæsla með krökkum í hléum, sérstaklega þegar kemur að klæðnaði
13. Skólinn virðist vera mjög frjálst með að leyfa börnum að taka dót með sér í skólann sem hefur ollið töluverðum vandræðum á mínu heimili. T.d í fyrra kúlukallar sem allir voru með og nú er það top model litabækur sem stelpurnar eru stöðugt með í frímínútum og Sælukoti. Þetta veldur miklu suði um að fá að eiga svona líka og ég hef ekki áhuga á að kaupa þessa top model bók fyrir dóttur mína. Hún er að mínu mati alls ekki við hæfi fyrir svona ungar stúlkur. Þetta væri ekki vandamál ef að skólinn væri með reglur að banna að hafa með sé slíkt í skólanum eins og í öðrum skólum. Skólinn ætti að taka á þessu tafarlaust.

Ýmislegt

1. Að Davis lesblindupjálfari kæmi til starfa við skólann.
2. Aðstoð við yngstu börnin í að hjálpa sér sjálf því ekki eru öll börnin vön svona miklu sjálfstæði.
3. Allt í lagi að láta krakkana sitja á gólfinu, en væri ekki meiri kraftur í morgunsöngnum ef þau stæðu upp á meðan sungið er.
4. Alltaf má huga betur að því hverjir séu styrkleikar hvers nema fyrir sig - hvað er einstakt við þennan nema.
5. Finnst vanta meiri tengingu á milli Garðaskóla og Sjálandsskóla.
6. Hefði gjarnan vilja sjá vetrarfrið í febrúar fært til vorsins og börnin væru búinn fyrr á vorin í skólanum;-)
7. Hefja kennslu nær kl 9.
8. Klúbbastarf fært neðar þ.e. Niður í 5-6 bekk. Og jafnvel að tengja klúbba við starf í hinum grunnskólum Garðabæjar.
9. Mætti nýta námsráðgjöf fyrir nemendur þannig að þau geri sér grein fyrir því fyrr hvað þau vilja leggja fyrir sig í framtíðinni.
10. Mætti reyna að nýta sér meiri aðstoð utan skólans til að fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess, oft gefur það meiri árangur að fá utanaðkomandi aðstoð til að ná betur til barnanna.
11. Mætti vera eitthvað um samgang á milli annarra skóla í Garðabæ, jafnvel hvetjandi keppnir milli jafnaldra þeirra í öðrum skólum, það heldur öllum á tánum.
12. Skólinn var kynntur fyrir foreldrum þannig að ekki væri verið að hengja sig í mínútur með mætingar og það væru ekki mætingar vandamál í skólanum. Nú er allt í einu komin kúvending þar á og börnum verður refsað í einkun fyrir nokkrar seinkomur. Set spurningarmerki við þessa áherslubreytingu. Miðað við fjölda barna sem ekið er í skólann er óvíst að börnin hafi neitt með það að segja á hvaða tíma þau mæta.
13. Styttu skólaárið, í dag alltof langt.

Kennsla og nám

1. Aukin stærðfræðikennsla.
2. Betri yfirferð með námið
3. Einfaldari stærðfræðikennsla.
4. Endurskoða stærðfræðikennslu. Kennslan ekki í samræmi við námsefnið sem lagt var fyrir á samræmdu prófi.
5. Ljóðakennsla
6. Meira aðhald,
7. Meiri kennsla í ritun (skrifa sögur, ritgerðir)
8. Mætti taka nemendur enn fastari tókum í kjarnagreinum
9. Skylda börnin til að taka þátt í meiri hreyfingu
10. Styrkja þarf íslenskukennslu í skólanum. Stafsetningarkennslu verulega ábótavant.
11. Tel að brúa þurfi bilið varðandi heimavinnu og próf betur. Í 8.bekk eru fleiri próf en á 4.ári í FG. Það þyrfti að endurskoða kröfur til nemenda og leggja áherslu á heimavinnu og kenna þeim að skipuleggja sig fyrir á skólastigi.

Aðbúnaður og umgengni

1. Akstursaðkoma að skóla í ólestri
2. Bæta umgengni nemanda.
3. 'Drop off / pick up' svæðið - endalaust sömu vandamál (foreldar vandamál)
4. En mér finnst á morgnana þegar krakkarnir koma mætti vera kennari eða starfsmaður úti í þessar 20 mín þegar krakkarnir koma því það er svo mikill myrkur.
5. Fatahengi mætti vera betra
6. Heimilisfræðistofu og kennslu samkv. Aðalnámskrá í því fagi.
7. Heimilisfræðistofu.
8. Skilvirkari námsstaða í hverju fagi.
9. Skylda að fara út í hádeginu
10. Vinna í minna kraðaki bíla á morgnana við hringtorg. Einnig þegar sótt er bíða oft 2-3 bílar í torginu án þess að börnin séu á leiðinni, en kannski erum við foreldrar (og taxi) erfiðustu skjólstæðingarnir ? :-)
11. Það er engin ástæða til að sitja allan daginn við sama skólaborðið, en ég hefði haldið að gott væri við og við að geta sest hver við sitt borð og gert skriftaræfingar / reiknað dæmi. Sé ekki neina slíka aðstöðu í skólanum.

Heimavinna

1. Að hægt sé að sjá betur hvað nákvæmlega er verið að læra, t.d. Að hægt sé að hjálpa barninu að undirbúa sig fyrir kannanir.
2. Heimanám og vita nákvæmlega hvar börnin standa.
3. Heimanám.
4. Meiri heimanám,
5. Myndi vilja hafa meira og hnitmiðaðra heimanám. Vildi vita á föstudögum hvað barnið mitt er að fara gera í útitíma á mánudegi - svo ég geti undirbúið það eftir því.

6. Okkur finnst ábótavant að fylgst sé vel með heimanámi barnanna. Okkur finnst að áætlunin/heimalærdómur ætti að vera ákveðinn í skólanum og á vegum umsjónarkennara og því sé fylgt betur eftir.
7. Skilgreina betur heimanám - til hvers er ætlast af foreldrum - t.d. Finnst mér að á föstudegi mætti liggja fyrir heimavinnuþlan næstu viku. Þannig gætu foreldrar skipulagt vikuna framundan og vitað ávallt hvaða kröfur eru gerðar um heimanám.
8. Vantar heimanám fyrir alla, ekki að það sé val
9. Vantar yfirsýn yfir hversu mikið heimanám á að vera og hversu mikil innlögn er í kennslunni.
10. Vildi gjarnan fá oftar verkefni heim svo ég sjái sjálf hvernig hann er staddur og geti tekið þátt í því með honum t.d. Skrift og reikning ekki bara lestur"

Aldursblöndun og hópasetning

1. Aldursskipt,
2. Árgangar einir saman....ekki blöndun.
3. Efasemdir um þessa blönduðu bekk
4. Fækka í hópum, kynjaskipta og persónulegri kennsla þ.e. Að kennari sé lengur með sínum hóp.
5. Færri börn í hópi,
6. Gera tilraunir kynjaskiptingu hópa
7. Hætta að kenna tveimur árgöngum saman. Mjög slæmt þegar nemandi er á yngra ári og gerir allt til að fá athygli eldri nemenda í hópnum. Matur eldaður á staðnum.
8. Meiri aðskilnaður árganga,
9. Set sp.merki við blöndun árganga,

Upplýsingastreymi frá skóla

1. Betra upplýsingastreymi til foreldra um líðan, nám og námstillhögun barns
2. Hafa meira samband í gegnum mentor frá umsjónarkennara
3. Markvissari samvinna við foreldra.
4. Meiri notkun á Mentor t.d. Varðandi fylgiskjöl sem send eru í pósti og almenna umsögn um frammistöðu nemenda.
5. Skilaboð til foreldra um stöðu barnsins í námi.
6. Stundartöflur skipulagðari, svo maður sjái nákvæmlega hvenær nemendur eru í leikfimi t.d.
7. Vantar að foreldrar sjái kennslugögn, hef oft beðið um heimaverkefni fyrir barnið og annað barn sem var hjá ykkur áður. Strákurinn minn virðist ekki skilja hugtök í stærðfræði - tel mikilvægt að foreldrar getir fylgst með námi barna sinna og leiðbeint þeim. Veit alltof lítið hvað barnið er að læra.

Námsmat

1. Að nemendur fái einkunn í tölustöfum.

2. Hef trú á að það hjálpi öllum nemendum að taka samræmd próf. Er ekki hrifin af undanþágum þar sem skóli er fyrir öll börn og þar að leiðandi ættu öll börn að reyna sitt besta í prófum.
3. Hugsanlega námsmatið, þekki samt ekki nógu vel námsmatsstefnu Sjálandsskóla.
4. Námsmat oftast, stundum erfitt að átta sig á hvar barnið stendur út af litlu heimanámi.
5. Taka próf eftir hvern kafla eða svo, en ekki alla bókina t.d. (Landafræðin)

Sælukot

1. Aðeins eitt varðandi Sælukot (veit ekki hvort það á við hér) er að það er svo oft erfitt að ná í þau í síma.
2. Endurskipuleggja tómsundaheimilið, leggja meiri metnað í það
3. Ítreka við börnin sem koma í Sælukot að taka tösku og fatnið sinn og hengja upp. Maður sér að þau eru alltaf að leita að úlpum og húfum sínum.
4. Sælukot er of dýrt þetta á ekki að vera gróðastía heldur brú á milli útivinnandi foreldra og skóla. Sleppa tölvu og bíó fá nóg af því heima.
5. Vantar meira eftirlit í Sælukot

FYLGISKJAL 8 – FRÉTTADAGBÓK AF HEIMASÍÐU



[Garðaskóli](#)

[Beint á efnisyfirlit](#)

Fréttir



14. júní 2011

[Skólaslit 8.júní](#)

Miðvikudaginn 8.júní voru skólaslit í Sjúalandsskóla. Kór skólans söng nokkur lög og að lokinni ræðu skólastjóra fóru nemendur á sitt heimasvæði þar sem umsjónarkennari afhenti vitnisburð og kvaddi nemendur. Starfsfólk skólans óskar nemendum og foreldrum gleðilegs sumar. ... [\[náðar\]](#)



14. júní 2011

[Útskrift 10.bekkjar](#)

Í vor var í fyrsta skipti útskrifaður heill árgangur úr 10.bekk í Sjúalandsskóla. Útskriftin var haldin í sal skólans þriðjudaginn 7.júní og þá útskrifuðust 21 nemandi frá skólanum. Starfsfólk skólans óskar þeim öllum innilega til hamingju og óskar þeim velfarnaðar á komandi árum... [\[náðar\]](#)



07. júní 2011

[Útskriftarferð 10.bekkjar í Þórsmörk](#)

Nemendur 10.bekkjjar fóru í útskriftarferð í Þórsmörk í síðustu viku. Gist var í 2 nætur. Ýmislegt var brallað sér til dundurs og allir skemmtu sér konunglega eins og sjá má á myndum af myndasíðunni... [\[nánar\]](#)



03. júní 2011

Vorferð 8. og 9. bekkjar

Nemendur í 8. og 9. bekk fóru í vorferð í Hvalfjörð að þessu sinni. Það voru hressir krakkar sem lögðu af stað með viðkomu í Lágafellslaug í Mosfellsbæ. Gist var í félagsheimilinu Dreng í Kjós og gekk ferðin í alla staði vel. Farið var í fjöruferð og í leiki og um kvöldið voru grillaðir hamborgarar... [\[nánar\]](#)



03. júní 2011

Íþróttadagur

Í dag var íþróttadagur í Sjálandsskóla þar sem allir nemendur skólans tóku þátt. Nemendum var skipt í þrjá hópa, einn hópur var í íþróttahúsi, annar á skólalóð og þriðji á ylströndinni. Á hverju svæði voru alls konar leikir og íþróttir í boði. Nemendur fóru svo á milli svæða þannig að allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. ... [\[nánar\]](#)



SJÁLANDS
SKÓLI

01. júní 2011

Starfsdagur og skólaslit í næstu viku

Þriðjudaginn 7. júní er starfsdagur í Sjálandsskóla, en Sælukot er opið fyrir þau börn sem þar eru skráð. Miðvikudaginn 8.júní eru skólaslit hjá 1.-4.bekk kl.9-10 og hjá 5.-9.bekk kl.10-11. Skólaslit hjá 10.bekk eru þriðjudaginn 7.júní kl.20.00 Föstudaginn 3.júní er íþróttadagur og mánudaginn 6.júní er útikennsla o.fl. ... [\[nánar\]](#)



01. júní 2011

Fjallganga og innilega

Núna er líf og fjör í Sjúlandsskóla þar sem nemendur í 1.-7.bekk gista í skólanum. Í gær fóru allir í fjallgöngu þar sem hægt var að velja um þrjár miserfiðar leiðir. Krakkarnir voru ótrúlega dugleg í gönguferðunum þrátt fyrir vind og dálítinn kulda. ... [\[nánar\]](#)



30. maí 2011

Hljóðfærakynning

Í morgun var Tónlistarskóli Garðabæjar með hljóðfærakynningu í morgunsöng. Þar voru kynnt nokkur blásturshljóðfæri, s.s. túba, trompet, básúna og horn. Nánari upplýsingar um starf tónlistarskólans má finna á heimsíðu skólans ... [\[nánar\]](#)



30. maí 2011

Kórinn með tónleika í dag kl.17

Í dag, mánudag 30.maí kl.17 er kór Sjúlandsskóla með tónleika í sal skólans. Miðaverð er aðeins kr.300 og eru allir foreldrar, afar og ömmur, frænkur og frændur, hvattir til að koma og hlusta á þennan frábæra kór sem hefur verið að æfa í allan vetur undir stjórn Ólafs Schram tónlistarkennara. ... [\[nánar\]](#)



27. maí 2011

7. bekkur á kajak

Í dag og í gær hefur 7.bekkur verið að æfa sig á kajak. Fyrst voru gerðar nokkrar æfingar í sundlauginni þar sem Helgi skólastjóri kenndi þeim réttu tækin, meðal annars að velja bátunum. Síðan fóru krakkarnir á kajökum út á sjó þar sem siglt var frá skólanum út fjörðinn. Krakkarnir skemmtu sér vel eins og sjá má á myndunum á myndasíðunni ... [\[nánar\]](#)



27. maí 2011

Fjör í morgunsöng

Í gær var mikið fjör í morgunsöng sem hófst með skemmtilegu leikriti sem leiklistarval 5.-6. bekkjar sýndi um samskipta stráka og stelpna í skólanum. Eftir leikritið kom bandarískur tónlistarmaður, Andy Mason, og skemmti nemendum í 1.-4. bekk með söng og gríni þar sem nemendur tóku virkan þátt. Andy Mason hefur ferðast víða með gítarinn og sungið fyrir börn... [\[nánar\]](#)



26. maí 2011

Spilakvöld hjá 1.-2.bekk

Miðvikudaginn 25.maí var spilakvöld hjá 1.og 2. bekk. Bekkjarfulltrúar skipulögðu kvöldið og komu foreldrar með eitthvað matarkyns sem sett var á sameiginlegt borð. Þegar allir höfðu fengið næringu kom starfsfólk frá fyrirtækinu Spilavinir með fullt af spilum sem það kenndi svo foreldrum og börnum að spila... [\[nánar\]](#)



26. maí 2011

Gestir frá Evrópu

Dagana 18.-24. maí komu 15 kennarar frá fimm löndum í Evrópu í heimsókn í Sjálandsskóla. Ástæða heimsóknarinnar var Comenius verkefni sem Sjálandsskóli tekur þátt í. Gestirnir tóku þátt í kennslunni með því að elda mat frá þeirra heimalandi og kenna leiki sem eru algengir.... [\[nánar\]](#)



25. maí 2011

Grímsvötn- tónverk frá 8.bekk

Krakkarnir í 8. bekk voru að ljúka við tónverkið Grímsvötn sem túlkar eldgosíð í tónum. Verkið er samið í anda Jóns Leifs þar sem fyrirbæri úr íslenskri náttúru er túlkað í tónlist. Verkið er í rondo formi þ.e. A-B-A-C-A. Það hefst á kyrrð jökulsins sem er rofin, fyrst af jarðskjálftum og síðar eldsumbrotum. Að lokum fellur allt í dúnalogn og kyrrðin nær aftur ríkjum. ... [\[nánar\]](#)



18. maí 2011

Lög frá 5.-6. bekk

Fyrir stuttu voru krakkarnir í 5. og 6. bekk í kristinfræði þema. Um svipað leiti höfðu þau verið að læra um reggae tónlist í tónmennt. Það lá því beinast við að sameina þetta tvennt og úr urðu þrjár reggae útgáfur af gömlum sálmum. Löggin má finna undir verk nemenda... [\[nánar\]](#)



18. maí 2011

Matadorkóngurinn hjá 3.-4.bekki

Í dag var leikritið Matadorkóngurinn flutt í morgunsöng. Það var 3.-4.bekkiur sem sýndi okkur þetta skemmtilega leikrit sem þau hafa verið að æfa og undirbúa síðustu vikur. Skemmtilegt leikrit með frábærum búningum, hárkollum og sviðsmynd, sem nemendur bjuggu sjálfir til. ... [\[nánar\]](#)



17. maí 2011

Lionshlaup 5. bekkjar

Lionshlaup var haldið 11. maí 2011. Nemendur 5. bekkja tóku þátt og var þetta boðhlaup á milli umsjónarhópanna þriggja. Það voru félagar úr Lionsklúbbnum Eik í Garðabæ sem stóðu fyrir hlaupinu eins og undanfarin ár og spjölluðu þeir aðeins við nemendur áður en hlaupið hófst. ... [\[nánar\]](#)



17. maí 2011

Útiöldun í 5. bekk

Í útikennslu 12. maí grillaði 5. bekkur í blíðskaparveðri. Krakkarnir grillaðu ávexti með súkkulaði og kanilsykri og gæddu þeir sér svo á herlegheitunum með ís út á. Á myndasíðunni má sjá myndir frá eldamenskunni. ... [\[nánar\]](#)



10. maí 2011

Lög úr Skilaboðaskjóðunni

Nemendur í 1.-2. bekk hafa verið að æfa og sýna leikritið Skilaboðaskjóðan. Núna er Ólafur tónmenntakennari búin að taka lögina upp og eru þau komin á heimasíðuna. Hægt er að hlusta á þau undir verk nemenda. ... [\[nánar\]](#)



04. maí 2011

Skartgripagerð

Nemendur á unglíngastigi gátu valið sér nokkur valnámskeiðum í vetur. Eitt valnámskeiðið er skartgripagerð þar sem notast er við fjölbreytt efni, s.s. foam-leir, pappír o.fl. Á myndasíðunni má sjá sýnishorn af verkum nemenda í skartgripagerðinni í vetur.... [\[nánar\]](#)



04. maí 2011

Vor í lofti

Nú er sannarlega komið vor hjá okkur og nemendur Sjálandsskóla nutu veðurbliðunnar í útikennslu í gær. Á skólalóðinni mátti m.a. sjá nemendur í 7.bekk í útikennslu þar sem þeir voru í útileldun, hjuggu sprek í eldinn og bjuggu til girnilega rétti. Nemendur í unglíngadeild og fleiri sátu einnig úti í góða veðrinu með námsbækur og nutu góða veðursins. Á myndasíðunni má sjá hressa krakka njóta veðurbliðunnar á skólalóðinni í gær ... [\[nánar\]](#)



02. maí 2011

Humania Nota - tónleikar

Á föstudaginn kom hljómsveitin "Humania Nota" og flutti nokkur lög fyrir nemendur skólans. Í hljómsveitinni eru Héðinn Björnsson (kontrabassi), Cheick Ahmed Tidiane Bangoura (slagverk) og Marie Huby (píanaó). Þau fluttu lög frá ýmsum löndum, t.d. Frakklandi, Tékklandi, Spáni og Þýskalandi. ... [\[nánar\]](#)



28. apríl 2011

[Kennaranemar í sundi](#)

Vikurnar 26. apríl – 13. maí verða íþróttakennaranemarnir Egill Björnsson og Óskar Örn Hauksson í verknámi í Sjalandskóla. Þeir fylgjast með kennslu og aðstoða fyrstu vikuna en seinni vikurnar tvær munu þeir saman eða í sitt hvoru lagi kenna öllum nemendum sund og einhverjum hópum íþróttir og valgreinar. ... [\[nánar\]](#)



28. apríl 2011

[1.bekkur fær hjálma](#)

Í gær fengu börnin í 1. bekk afhenta hjálma frá Kiwanis og Eimskip. Hópurinn fór með rútu niður í Sundahöfn og voru með í ferðinni Helgi Grímsson skólastjóri, Gunnar Einarsson bæjarstóri og Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður færðslu og menningarsviðs Garðabæjar... [\[nánar\]](#)



26. apríl 2011

[Tilnefningar til foreldraverðlauna](#)

Heimili og skóli óska eftir tilnefningum til foreldraverðlauna. Í tilkynningu frá þeim segir: Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, verða afhent í 16. sinn við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 24. maí næstkomandi. Heimili og skóli – landssamtök foreldra óska eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2011 frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum, sem stuðla að eflingu skólstarfs og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins. ... [\[nánar\]](#)



15. apríl 2011

[Gleðilega páska!](#)

Í dag, föstudaginn 15.mars, er síðasti kennsludagur fyrir páskaleyfi. Kennsla hefst að nýju samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 26.apríl. Starfsfólk Sjúlandsskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra páska.... [\[nánar\]](#)



15. apríl 2011

[Ljótupeysudagur starfsfólks](#)

Í dag var starfsfólk Sjúlandsskóla í misfallegum og skrautlegum peysum. Tilefnið var ljótupeysudagurinn þar sem keppt var um ljótustu peysuna. Á myndasíðunni má sjá sýnishorn af þeim peysum sem starfsfólkið klæddist í dag. ... [\[nánar\]](#)



13. apríl 2011

[Diskó í kvöld \(5.-7.bekkur\)](#)

Í kvöld, miðvikudag 13.apríl, er diskó í Sjúlandsskóla fyrir 5.- 7. bekk kl.18-20. Pöntuð verður pizza og er sneiðin á 150 kr. Nemendur mega hafa með sér gos og sælgæti.... [\[nánar\]](#)



11. apríl 2011

[Árshátíð unglिंगadeildar](#)

Unglingadeild Sjúlandsskóla hélt árshátíð sína 7.apríl. Húsið opnaði kl.18 og hófst með fordrykk. Fljótlega byrjuðu skemmtiatriði frá nemendum og snæddur var hátíðarkvöldverður inn á milli atriða. Leynigesturinn Erpur mætti á svæðið og skemmtu krakkarnir sér vel við uppistand hans.... [\[nánar\]](#)



08. apríl 2011

[Tónlist fyrir alla - „Raddir þjóðar“](#)

Sigurður Flosason saxófónleikari og Pétur Grétarsson tölvuhljómborðsleikari heimsóttu okkur í morgunsöng í dag og fluttu tónverkið „Raddir þjóðar“. Í þessari dagskrá má segja að tónlistararfur íslensku þjóðarinnar sé tekinn til skoðunar á nýstárlegan hátt. Börnin fengu að heyra gamlar söngupptökur sem varðveittar eru á Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðminjasafni Íslands ... [\[nánar\]](#)



08. apríl 2011

[Útiöldun í heimilisfræðiviku í 7.bekk](#)

Í 7.bekk stendur yfir heimilisfræðivika, þar sem nemendur elda og baka á hverjum degi alla vikuna. Á þriðjudaginn var útiöldun þar sem þau bjuggu m.a. til kókosbollur og laxabuff. Á myndasíðunni má nemendurna í útiöldun ... [\[nánar\]](#)



06. apríl 2011

[„Sleepover“ í unglingsdeild](#)

Í síðustu viku héldu nemendur í 9. og 10. bekk „sleepover“, þar sem þeir dvöldu í skólanum yfir nótt. Nóttin fór m.a. í að undirbúa árshátíðina sem fram fer annað kvöld. Nemendur skemmtu sér vel, bjuggu til alls konar skraut, borðuðu pizzu, horfðu á myndir og gerðu margt skemmtilegt. Á föstudagsmorgni var svo haldið heim á leið... [\[nánar\]](#)



31. mars 2011

[„Sjáländsskóli got talent“ - leiklistarhópur 5.-6.bekkjar](#)

Í morgun sýndi leiklistarhópur 5.-6.bekkjjar leikritið „Sjáländsskóli got talent" við mikinn fögnuð nemenda. Leikritið var lokaverkefni leiklistarhópsins og endaði á dansi þar sem nemendur sungu og dönsuðu við lagið „Gordjöss" ... [\[nánar\]](#)



30. mars 2011

[Stóra upplestrarkeppnin](#)

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar 2011 fór fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar fimmtudaginn 24. mars. Fyrir hönd Sjáländsskóla kepptu Dagrún Sara Gunnarsdóttir, Diljá Eir Ólafsdóttir og Hákon Hákonarson... [\[nánar\]](#)



28. mars 2011

[Svarthol eftir 5.-6.bekk](#)

Í tengslum við himingeims þema 5. og 6. bekkjar sömdu stelpurnar í 5. bekk tónverk sem heitir Svarthol sem þær svo æfðu og tóku upp. Verkið segir sögu geimfars sem sogast inn í svarthol... [\[nánar\]](#)



25. mars 2011

[Alheimsráðstefna himingeimsins í 5.-6.bekk](#)

Nemendur í 5.-6. bekk sýndu leikritið Alheimsráðstefna himingeimsins í gær við góðar undirtektir. Leikritið var lokauppgjör þema um himingeiminn sem krakkarnir hafa verið að vinna í síðustu vikurnar. Í því var fjallað um sólkerfið okkar og einnig áttu þeir að velta fyrir sér lífi á öðrum hnöttum og hvernig því væri þá háttáð. Nemendur stóðu sig vel í leikritinu en þar voru þeir í ýmsum hlutverkum.... [\[nánar\]](#)



25. mars 2011

[Veðurþema hjá 1.-2. bekk](#)

Krakkarnir í 1. og 2. bekk eru að vinna þema um veður. Að því tilefni fengu þeir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðing í heimsókn til sín. Hann fræddi þá um veðrið og voru krakkarnir mjög áhugasamir og hlutstuð með athygli. Í lok tímans svarði Einar spurningum krakkanna.... [\[nánar\]](#)

SJÁLANDS  **SKÓLI** 24. mars 2011

[Síðasti dagur innritunar](#)

Síðasti dagur innritunar hjá grunnskólum Garðabæjar er föstudaginn 25. mars. Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar. Umsóknareyðublöð í Sjálandsskóla má finna undir foreldrar - eyðublöð á heimasíðu skólans ... [\[nánar\]](#)



18. mars 2011

[Froskaprinsinn - leikrit hjá 3.-4. bekk](#)

Listgreinalotur 3. – 4.bekkar eru 9 vikur og skiptast þær í textíl, smíði, myndmennt og leiklist. Í tilefni af síðasta degi þessarar lotu bauð leiklistahópurinn nemendum skólans og foreldrum sínum á leiksýningu. Leikritið heitir Froskaprinsinn og hafa nemendur alfarið séð um allan undirbúning ... [\[nánar\]](#)



15. mars 2011

[Gerum betur - fræðslufundur í Sjálandsskóla](#)

Skóli og skólaforeldrar & Börn og internet, fræðslufundur Grunnstoða Garðabæjar haldinn í sal Sjálandsskóla, þriðjudaginn 15. mars, kl: 20:00 - 22:00. Við eigum von á stórskemmtilegu kvöldi og efnið brennur á mörgum; hvernig getum við haft áhrif á skólamál, hvað þýðir samstarf foreldra og skóla í verki, hvernig stöndum við vörð um öryggi barna okkar á vefnum og af hverju leiðtogahæfni barna. ... [\[nánar\]](#)



14. mars 2011

[Kynning á Sjálandsskóla fimmtudaginn 17.mars](#)

Innritun nemenda í 1. bekk (f. 2005) og 8. bekk (f.1998) fer fram dagana 15. - 25. mars nk. á skrifstofum skólanna. Einnig er hægt að innrita börnin rafrænt á íbúavef Garðabæjar frá 15. mars. Sömu daga fer fram skráning vegna nemenda í 2.-9. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á tómstundaheimilum ... [\[nánar\]](#)



09. mars 2011

Líf og fjör á öskudag

Skólasamfélagið var afar fjölskrúðugt í dag. Ofurhetjur og prinsessur, kúrekar og indjánar, draugar og forynjur, kislóður og kraftakallar ... og tveir björgunarsveitarmenn, svo fátt eitt sé talið. Unglingar jafnt sem yngri skemmtu sér konunglega, sungu, dönsuðu og glímdu við ýmsar þrautir... [\[nánar\]](#)



07. mars 2011

Öskudagur nálgast

Skólastarfi í Sjálandsskóla verður með miklum ævintýrablæ á öskudag. Fyrri hluta skóladags hafa nemendur tækifæri til að æfa söng og dansatriði, yfirfara búninga og andlitsmálun. Klukkan 10 hefst dansskemmtun í salnum og fljótlega eftir það opna ýmsar þraustöðvar um allt skólahúsið ... [\[nánar\]](#)



07. mars 2011

Kór Sjálandsskóla á æslulýðsdeginum

Um helgina tók kór Sjálandsskóla þátt í æskulýðsdeginum sem haldinn var í Vídalínskirkju í Garðabæ. Þar sungu þau nokkur lög undir stjórn Ólafs Schram tónmenntakennara. Krakkarnir stóðu sig að sjálfsögðu með prýði.... [\[nánar\]](#)



04. mars 2011

Saga mannkyns hjá 3.-4. bekk

Í dag héldu nemendur í 3.-4. bekk kynningu á þemaverkefni um sögu mannkyns sem þeir hafa verið að vinna með undanfarnar vikur. Í morgunsöng fluttu nemendur þrjú lög frá mismunandi heimshornum, m.a. frá Kína og Perú. Eftir sönginn var foreldrum boðið að horfa á kynningu ... [\[nánar\]](#)



03. mars 2011

Sjálandsskóli í 3.sæti í Lífshlaupinu

Lífshlaupinu lauk í síðustu viku og tóku nemendur og starfsfólk virkan þátt í átakinu. Nemendur skólans hlutu 3.verðlaun í flokki grunnskóla með 150-299 nemendur. Frábær árangur hjá þeim, en eitt af markmiðum skólans er að hvetja nemendur til aukinnar hreyfingar og útivistar... [\[nánar\]](#)



03. mars 2011

Pastagerð í vali í unglिंगadeild

Undanfarnar vikur hafa nokkrir nemendur í unglिंगadeild Sjálandsskóla verið í valáfanganum "ítölsk matargerð". Þar hefur margt verið brallað, s.s. pastaréttur, litlar calzone pizzur, foccacia og panaro brauð og ýmislegt fleira. Í síðasta tíma var búið til ferskt pasta og voru þá teknar nokkrar myndir. Í næstu viku er svo síðasti tíminn í þessu vali og þá verður gerð ítölsk eftirréttapizza, þ.e. súkkulaðipizza. ... [\[nánar\]](#)



01. mars 2011

Hundaganga hjá 7.bekk

Nemendur í 7. bekk í Sjálandsskóla fóru í hundagöngu í útikennslu í dag. Farið var í göngu um Arnarnesið og hundarnir viðraðir í snjónum og góða veðrinu. Nokkrir foreldrar sáu sér fært að slást í hópinn. Tilfni göngunnar var að vikunni fyrir vetrarfrí voru nemendur í 7. bekk að vinna einstaklingsverkefni og ákveðið var að bjóða öllum hundunum í skólann tvær kennslustundir á útikennsludegi... [\[nánar\]](#)



01. mars 2011

Útikennsla í 1.-2.bekk

Í útikennslu föstudaginn 18.febrúar heimsóttu nemendur í 1. og 2. bekk bókasafnið í Garðabæ. Vel var tekið á móti okkur og sátu nemendur og lásu bækur og blöð eða lituðu myndir. Nemendahópnum var skipt í tvennt og á meðan annar hópurinn var á safninu ...

[\[nánar \]](#)



17. febrúar 2011

Frábær dagur í Bláfjöllum

Í dag fóru allir nemendur í 1.-10.bekk og starfsfólk Sjálandsskóla í Bláfjöll. Veðrið var alveg dásamlegt og færið frábært. Krakkarnir skemmtu sér vel á skíðum, brettum og sleðum. Sumir voru að stíga sín fyrstu skref á skíðum og þau voru ótrúlega dugleg og sýndu miklar framfarir. Yndislegur dagur með skemmtilegum krökkum í fjallasælunni í Bláfjöllum... [\[nánar \]](#)



16. febrúar 2011

Vetrarferð í Bláfjöll á morgun

Á morgun, fimmtudag 17. febrúar, fara nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla í vetrarferð í Bláfjöll. Nemendur eiga að mæta í skólann kl.8.15 klædd eftir veðri og með allan skíða-, sleða- eða brettabúnað (þeir sem leigja fá búnaðinn í Bláfjöllum). Farið verður með rútu upp í Breiðabliksskála í Bláfjöllum og komið til baka í Sjálandsskóla um kl.15.30 ... [\[nánar \]](#)



16. febrúar 2011

Skilaboðaskjóðan í 1.-2. bekk

Krakkarnir í 1. og 2. bekk hafa verið í leiklistapema frá því í janúar. Í þemanu settu þau upp og æfðu leikritið um Skilaboðaskjóðuna. Leikritið sýndu þau svo við mikinn fögnuð í morgunsöng í morgun og höfðu eina sýningu fyrir krakka úr Leikskólanum Sjáland... [[nánar](#)]



15. febrúar 2011

[Veður í eyðimörkinni](#)

Stelpurnar í 7.bekk fluttu í morgun tónverk um veður í eyðimörkinni í tengslum við veðurpema. Tónverkið var frumsamið undir stjórn Ólafs tónmenntakennara. Myndir frá þessum frábæra flutningi ... [[nánar](#)]



10. febrúar 2011

[Tónverk um veður - 7.bekk](#)

Í morgun voru strákararnir í 7.bekk með atriði á "Fimmtudegi til frægðar". Þeir fluttu tónverk um veður í tengslum við þemavinnu um veður sem 7.bekkur hefur verið að vinna við undanfarið. Ólafur tónmenntakennari stjórnaði þessari fjölmennu hljómsveit sem spilaði frumsamið lag fyrir nemendur skólans. Frábært hjá þeim strákunum... [[nánar](#)]



09. febrúar 2011

[Réttarhöld hjá 10.bekk](#)

Nemendur í 10.bekk fluttu þemaverkefnið Réttarhöldin í dag. Nemendur voru í ýmsum hlutverkum, dómarrar, stefnendur, þolandi,verjendur og sá ákærði. Aðilar frá Námsgagnastofnun hlustuðu á flutning verkefnis og voru ánægð með afraksturinn... [[nánar](#)]



09. febrúar 2011

[Sleðaferð 3.-4.bekkjara](#)

Á mánudag fóru nemendur 3.- 4.bekkjara í skemmtilega sleðaferð í Valdabrekku við göngubrúna yfir Hafnafjarðaveg. Allir skemmtu sér konunglega þótt sumir hefðu mátt klæða tásurnar sínar betur. Endilega kíkðu á myndirnar á myndasíðunni. ... [\[nánar\]](#)



08. febrúar 2011

[Bláfjallaferð frestað](#)

Að höfðu samráði við staðarhaldara í Bláfjöllum frestum við vetrarferð í Bláfjöll. Við stefnum á að fara í næstu viku ef veður leyfir. Það er alltaf flókið að gera áætlanir um vetrarferðir fyrir heilan skóla. Fyrst þarf að vera ljóst að nægur snjór sé í fjöllum, þá þarf tíma til þess að ná inn pöntunum á skíðabúnaði og... [\[nánar\]](#)



07. febrúar 2011

[Heimsins stærsti goggur?](#)

Á opnu húsi í Sjúlandsskóla fimmtudaginn 3.febrúar bjuggu nemendur til risastóran gogg. Þeir skreyttu hann fagurlega og bjuggu til skemmtilegan texta í gogginn. Myndir frá opnu húsi má finna á myndasíðu skólans... [\[nánar\]](#)



07. febrúar 2011

[Stefnt á skíðaferð á miðvikudag](#)

Í þessari viku er fyrirhuguð dagsferð allra nemenda Sjúlandsskóla í Bláfjöll. Markmið ferðarinnar er að kynna nemendum vetraríþróttir og verður þeim börnum sem þess óska veitt tilsögn á skíðum ... [\[nánar\]](#)



03. febrúar 2011

[Klifið - námskeið fyrir börn og unglinga](#)

Klifið býður upp á fjölbreytt námskeið á vorönn fyrir börn og unglinga í Garðabæ. Sem dæmi um námskeið má nefna: leiklistarnámskeið, myndlistarnámskeið, nýsnanámskeið, eldflaugavísindi, skartgripagerð og margt fleira... [\[nánar\]](#)



03. febrúar 2011

[Lífshlaupið](#)

Í gær hófst Lífshlaupið, sem Lýðheilsustöð stendur fyrir. Að sjálfsögðu tókum við í Sjálandsskóla þátt og í gær fóru nemendur og starfsfólk skólans í klukkustundar gönguferð um nágrenni skólans. Myndir má finna á myndasíðunni... [\[nánar\]](#)



02. febrúar 2011

[Tannverndarvika](#)

Fyrsta vikan í febrúar ár hvert hjá Lýðheilsustöð er helguð tannvernd og í ár er áhersla lögð á glerungseyðingu og hvernig stemma megi stigu við henni. Af því tilefni hefur Lýðheilsustöð gefið út veggspjaldið Þútt er valið þar sem lýst er á myndrænan hátt innihaldi algengustu vatns-, ávaxta- og gosdrykkja á markaðnum og áhrifum innihaldsins á tannheilsu ... [\[nánar\]](#)



01. febrúar 2011

[Ball hjá 5.-7.bekk](#)

Í gær var haldið ball fyrir nemendur í 5.-7. bekk Sjálandsskóla. Krakkarnir skemmtu sér vel eins og sjá má á myndunum sem eru komnar í myndasafnið.... [\[nánar\]](#)



28. janúar 2011

[Lestarbæklingar](#)

Nú eru lestrarbæklingarnir sem afhentir voru í foreldraviðtölunum komnir inná heimasíðu skólans. Þá má finna undir Skólinn - útgáfa - lestrarbæklingar... [\[nánar\]](#)



28. janúar 2011

[Myndband frá Reykjum -7.bekkur](#)

Í dag koma 7.bekkingar heim frá vikudvöl á Reykjum. Þau leggja af stað um hádegi og eru væntanleg í Sjalandskóla um 14:30. Í gær barst okkur skemmtilegt myndband frá þeim þar sem sjá má myndir af dvöl þeirra á Reykjum. ... [\[nánar\]](#)



26. janúar 2011

[Sýning á verkum list- og verkgreina](#)

Í dag var haldin sýning á verk-og listgreinum nemenda í anddyri skólans í tengslum við foreldraviðtalsdag. Þar mátti sjá ýmis listaverk úr smíði, textílmennt og myndmennt. Myndir af verkunum má sjá á myndasíðu skólans.... [\[nánar\]](#)



SJÁLANDS
SKÓLI

25. janúar 2011

[Nemenda- og foreldraviðtöl á morgun](#)

Á morgun, miðvikudag 26.febrúar, eru nemenda- og foreldraviðtöl í Sjalandskóla. Þann dag er engin kennsla. Sælukot er opið fyrir þau börn sem þar eru skráð.... [\[nánar\]](#)



24. janúar 2011

[7. bekkur á Reykjum](#)

Þessa vikuna er 7.bekkur Sjalandskóla í skólabúðum á Reykjum. Þau lögðu af stað í morgun og koma heim á föstudag. Á Reykjum er ávallt mikið fjör og margt skemmtilegt sem nemendum stendur til boða.... [\[nánar\]](#)



24. janúar 2011

[Saga mannkyns í 3.-4. bekk](#)

Nemendur í 3. - 4.bekk eru þessa dagana í þema um sögu mannkyns þar sem þeir fræðast um valda þætti mannkynssögunnar frá upphafi sögunnar til okkar dags. Nemendur vinna bæði í hópum og einstaklingslega og í dag fengu krakkarnir að koma með þjóðlega hluti frá hinum ýmsu löndum sem unnið er með... [\[nánar\]](#)



20. janúar 2011

[Handbolti - Stjarnan](#)

Nú þegar íslenska landsliðið er að keppa á Heimsmeistaramótinu í Svíþjóð ætlar handknattleiksdeild Stjörnunnar að bjóða öllum krökkum á aldrinum 6 til 16 ára að koma á prufuæfingar í janúar og æfa frítt út febrúar mánuð... [\[nánar\]](#)



18. janúar 2011

[2-Mix í Stundinni okkar](#)

Á sunnudaginn komu þrír strákar úr 7.bekk Sjálandsskóla fram í Stundinni okkar. Það voru þeir Gerald, Siggí og Davíð úr hljómsveitinni 2-mix sem fluttu frumsamið lag. Með þeim í hljómsveitinni er einnig gamall nemandi úr skólanum, Sólon... [\[nánar\]](#)



17. janúar 2011

[Frístundabíll Garðabæjar](#)

Ákveðið hefur verið að hefja rekstur „frístundabíls“ í Garðabæ nú á vorönn 2011. Stefnt er að því að hefja aksturinn mánudaginn 17. janúar og endurmeta verkefnið í lok þessa skólaárs.... [\[nánar\]](#)



07. janúar 2011

Viðbrögð við óveðri

Sjáländsskóli fylgir reglum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), um röskun á skólafarfi vegna óveðurs. Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum.... [\[nánar\]](#)



25. desember 2010

Ný gjaldskrá tómstundaheimilis

Ný gjaldskrá tómstundaheimilis Sjáländsskóla tekur gildi 1.janúar 2011. Í tómstundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi.... [\[nánar\]](#)



25. desember 2010

Fjölbreyttur og hollur matur í grunnskólum

Ýmislegt er gert til að tryggja að tryggja gæði skólamálsverða í grunnskólum bæjarins og fylgjast með að þeir uppfylli kröfur um næringarinnihald og ferskleika. Í þessari grein er sagt frá því hvernig staðið er að þessu eftirliti.... [\[nánar\]](#)



17. desember 2010

Jólaball og jólaskemmtun

Í dag var síðasti dagur fyrir jólafrí og þá var haldið jólaball Sjáländsskóla og Alþjóðaskólans. Dagurinn hófst með jólaskemmtun og helgileik og síðan voru stofujól og að lokum var dansað í kringum jólatréð.... [\[nánar\]](#)



17. desember 2010

Kirkjuferð

Nemendur Sjálandsskóla fóru saman í kirkjuferð í gær. Þeir gengu í Vídalínskirkju þar sem Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti þeim. Eftir kirkjuferðina gengu nemendur aftur í skólann og fengu hátíðarmat í matsalnum. Myndir frá kirkjuferðinni má sjá á myndasíðunni. ... [\[nánar\]](#)



15. desember 2010

Skólaskipið Dröfn - 9.bekkur

Dagana 8. og 9. desember sl. fóru nemendur í 9.bekk út á sjó með skólaskipinu Dröfn. Nemendur fræddust um sjávarútveg og vistkerfi hafsins. Trolli var dýft í sjóinn og nemendur gerðu að aflanum. Nemendur fengu síðan að eiga aflann og fóru stoltir með hann heim. ... [\[nánar\]](#)



15. desember 2010

Hlutverkaleikur hjá 5.-6.bekk - myndband

Nemendur 5.- 6. bekkjar enduðu Snorrapemað á því að fara í hlutverkaleik þar sem þau áttu að vera fólk á miðöldum sem aðstoðarmenn Snorra eða andstæðinga hans. Drottningin, völvan og járnsmiðurinn aðstoðuðu krakkana við þrautirnar sem þau þurftu að leysa með ráðum eða gjöfum til að liðka um fyrir samningum... [\[nánar\]](#)



14. desember 2010

Þorgrímur Þráinsson les fyrir nemendur

Í dag kom rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson í heimsókn í Sjálandsskóla og las úr bókum sínum. Fyrst las hann fyrir 1.-6.bekk og síðan fyrir 7.-10.bekk. Krakkarnir

hlustuðu vel og höfðu gaman af lestrinum. Einn nemandi spurði hvort Þorgrímur væri út Bítlunum ... [\[nánar\]](#)



13. desember 2010

[Lög frá 5.-6. bekk](#)

5.-6. bekkur hefur verið að semja lög í tónmennt við þemað um Snorra Sturluson. Nemendur fengu í hendurnar ljóð úr Hávamálum endursögð af Þórarni Eldjárn. Þau sömdu svo lag við ljóðið, völdu sér hljóðfæri til að leika á, æfðu og tóku að lokum upp. ...

[\[nánar\]](#)



09. desember 2010

[Lög frá 3.-4. bekk](#)

Nemendur í 3. og 4. bekk hafa undanfarnar vikur samið lög við gömul íslensk kvæði. Annarsvegar var samið við Hættu að gráta hringaná eftir Jónas Hallgrímsson og hinsvegar við Þjóðvísuna Sumri hallar hausta fer. Nemendum var skipt í hópa og fékk hver hópur eina ljóðlínu til að tónsetja og skrá með nótum á nótnalínur. sem þau klipptu út og límdu á pappír. ... [\[nánar\]](#)



09. desember 2010

[Aðventuganga foreldrafélagsins á sunnudaginn](#)

Sunnudaginn 12. desember ætlar foreldrafélagið að standa fyrir gönguferð við allra hæfi í Heiðmörk. Lagt af stað frá bílastæðinu - þar sem grillið er - kl. 12:00. Höfum með okkur heita drykki og nesti. Allir velkomnir... [\[nánar\]](#)



08. desember 2010

[Hringitónar frá 7. bekk](#)

Nemendur í 7. bekk hafa undanfarið samið og tekið upp hringitóna. Verkefni hafa að mestu verið unnin í tölvum þar sem upptöku og hljóðbúta forritið Garage band var notað. Hringitónarnir þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði og áttu þeir m.a. að innihalda: takt, þrástef (helst bassa), hljómahljóðfæri og laglínu. Þá áttu hringitónarnir að vera áberandi svo þeir virkuðu vel sem hringitónar. ... [\[nánar\]](#)



07. desember 2010

[Jólamáltíð 16.des. -panta fyrir 9. des.](#)

Fimmtudaginn 16. desember verður jólamatur í hádeginu frá Heitt og Kalt. Jólamaturinn er hamborgarhryggur með brúnuðum kartöflum, grænum baunum, rauðkáli og rjómasveppasósu. Þeir nemendur sem ekki eru í áskrift, eða eru ekki í áskrift á fimmtudögum, gefst kostur á að kaupa staka máltíð þennan dag. Verð fyrir máltíðina er 450.-. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér þetta þurfa að panta og greiða matinn hjá Soffíu ritara eigi síðar en 9. desember n.k. ... [\[nánar\]](#)



07. desember 2010

[„Gráðug kerling“ í tónmennt hjá 1.-2.bekk](#)

1. og 2. bekkur hafa verið að læra og æfa lagið Gráðug kerling í tónmennt og tóku það upp í síðustu viku. Í laginu spila allir nemendur bæði á tréspil eða málm spil og á takthljóðfæri í hluta af laginu auk þess sem þau syngja það... [\[nánar\]](#)



06. desember 2010

[Skemmtiatriði í morgunsöng](#)

Undanfarna morgna hefur verið mikið um að vera í morgunsöng í Sjúlandsskóla. Á hverjum fimmtudegi er skemmtidagskráin „Fimmtudagur til frægðar“ en þá skiptast hóparnir á að vera með skemmtiatriði. Nemendur hafa verið duglegir við að æfa söng- og skemmtiatriði og það er gaman að sjá hversu hæfileika rík börnin eru... [\[nánar\]](#)



06. desember 2010

[1. og 2. bekkur á Árbæjarsafn](#)

Föstudaginn 26.nóvember og föstudaginn 3. desember fóru krakkarnir í 1. og 2. bekk í heimsókn í Árbæjarsafn. Þar fræddust þeir um jólin og jólahald í gamla daga. Þeir fengu að vita af hrekkjum og kenjum gömlu íslensku jólasveinanna. Í lokin fóru allir í kirkjuna og þar sungu þeir nokkur jólalög ... [\[nánar\]](#)



03. desember 2010

[Fjölmenni í foreldrakaffi í morgunsöng](#)

Gaman var að sjá hversu margir foreldrar mættu í foreldrakaffið í morgunsöng í dag. Þar voru samankomnir yfir sextíu foreldrar sem hlýddu á börnin sín syngja og þáðu kaffi. Vífill Harðarson í 7.bekk spilaði á klarinett og sunginn var afmælissöngur fyrir afmælisbörn desembermánaðar. Að lokum sungu allir eitt jólalag. ... [\[nánar\]](#)



02. desember 2010

[Comeniusarleikarnir](#)

Í gær, 1.desember, tóku allir nemendur í 1.-7. bekk þátt í Comeniusarleikunum. Nemendum var skipt í hópa þar sem farið var í tólf mismunandi leiki. Allir fengu að prófa alla leikina og að lokum völdu nemendur skemmtilegasta leikinn. Það var mikið fjör í kringum skólann þennan dag og nemendur tóku virkan þátt í öllum leikjunum... [\[nánar\]](#)



30. nóvember 2010

[Foreldrakaffi í morgunsöng](#)

Næstu tvo föstudaga, 3. og 10. desember býður foreldrafélagið alla foreldra velkomna í kaffi í morgunsöng. Síðast liðinn föstudag komu margir foreldrar og hlýddu á söng

nemenda ásamt tónlistaratriði, þar sem tveir nemendur úr 7.bekk, Dagrún Sara og Emil, spiluðu ásamt Árna stuðningsfulltrúa. Það er mikið af hæfileikaríkum nemendum ... [[nánar](#)]



30. nóvember 2010

[Jólaþema](#)

Í dag og í gær var mikið líf í skólanum, jólaföndur, jólalög, piparkökulykt og sannkölluð jólastemning. Allir nemendur Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans unnu saman í jólaþema þar sem nemendur bjuggu til jólaskraut til að skreyta skólann. Skólanum var skipt niður í vinnusvæði sem báru nöfn jólasveinanna... [[nánar](#)]



29. nóvember 2010

[Fatasund hjá 7.bekk](#)

Fimmtudaginn 25. nóvember var fatasund hjá 7. bekk. Þau byrjuðu á því að synda 75m í fötunum, héldu sér á floti með marvaða í 30 sekúndur og syntu svo 25m björgunarsund með félagi. ... [[nánar](#)]



26. nóvember 2010

[Skemmtikvöld 7.bekkjá](#)

Síðast liðinn þriðjudag héldu nemendur í 7.bekk skemmtikvöld fyrir foreldra. Kvöldið var fjáröflunarkvöld fyrir skólaferð á Reyki. Nemendur höfðu sjálfir frumkvæði að skemmtikvöldinu og undirbjuggu það með hjálp umsjónarkennara. Þeir voru búnir að búa til ýmis konar varning til að selja, s.s. hárbönd, hálsmen, jólakort, merkimiða og fleira. Einnig voru þau með kökubasar og skemmtiatriði... [[nánar](#)]



26. nóvember 2010

Slökkviliðið heimsækir 3.bekk

Árleg heimsókn slökkviliðsins í 3.bekk var í gær. Þá fengu nemendur fræðslu um eldvarnir. Fjallað var m.a. um Loga og Glóð, neyðarnúmerið 112 og fleira sem tengist eldvörnum heimila. Að lokum fengu börnin að skoða sjúkrabíl og slökkvibíl ... [\[nánar\]](#)



25. nóvember 2010

Verðlaunahafar í myndbandakeppni

Þessar hressu stúlkur úr 7. bekk, Aþena Ýr, Ásdís Eva, Diljá Eir, Borg Dóra og Hulda Þórunn, unnu til verðlauna í myndbandakeppni grunnskólanna sem 66°N hélt. Myndbandið er 2 mínútna langt og fjallar um veður... [\[nánar\]](#)



25. nóvember 2010

Frá foreldrafélaginu - Morgunsöngur og laufabrauðsgerð

Á morgun föstudag 26. nóvember (og einnig 3. og 10.des.) eru foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir í morgunsöng í Sjálandsskóla. Á laugardaginn, 27.nóvember kl.11.00-14.00, heldur foreldrarfélagið árlegan laufabrauðsdag í skólanum. Hver fjölskylda mætir með laufabrauð, hníf og skurðarbretti. Stórfjölskyldan velkomin. Í boði verðu kaffi, djús og kakó en foreldrar eru beðnir um að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð ... [\[nánar\]](#)



22. nóvember 2010

Lestrarnámskeið

Sigríður Ólafsdóttir sérkennari hefur verið með lestrarnámskeið þar sem áhersla er lögð á framsögn, hraðlestur, lestur með yfirstrikunarpenna, lesskilningsverkefni, gagnvirkan lestur o.fl. Námskeiðið er út þessa viku þar sem þjálfað er í 20-30 mínútur á dag. Námskeiðið er fyrir nemendur sem vilja bæta færni sína í lestri. Mikil ásókn er í námskeiðin og komust færri að en vildu... [\[nánar\]](#)



22. nóvember 2010

Sjálundsskóla gekk vel í myndbandakeppni

Sjálundsskóli tók þátt í myndbandakeppni sem 66°N hélt fyrir grunnskólanemendur. Keppt var í tveimur aldursflokkum og sendu þrjár hópar í 7.bekk Sjálundsskóla inn myndbönd. Stelpurnar í 7.bekk voru í einum af 5 efstu sætunum í yngri flokknum og óskum við þeim innilega til hamingju með þennan frábæra árangur... [[nánar](#)]

19. nóvember 2010



Heimsókn í leikskólann Sjáland

Á degi íslenskra tungu þann 16. nóvember s.l. fóru 1.og 2.bekkur í heimsókn í leikskólann Sjáland. Þar var í gangi vínafundur og tóku krakkarnir þátt í honum og sungu tvö lög sem þeir höfðu samið texta við, Risaeðlulagið og Kanntu að ríma. ... [[nánar](#)]

19. nóvember 2010



Dagur íslenskrar tungu í unglíngadeild

Í tilefni af degi íslenskrar tungu spiluði krakkarnir í unglíngadeildinni á ýmis spil sem reyndi á íslenskukunnáttu þeirra. Spilað var á Alias, Fimbulfamb, Krossorðaspilið og Scrabble. Krakkarnir höfðu mjög gaman af ... [[nánar](#)]

18. nóvember 2010



Dagur íslenskrar tungu í sundi hjá 3.-4.bekk

Á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember sömdu nemendur í 3.-4.bekk ljóð og hengdu upp í sundlauginni. Þau fóru svo í boðsund þar sem þau áttu í sameiningu að búa til setningu. Einn í einu úr hverjum hópi synti yfir laugina og fann frauðplaststaf sem passaði í setninguna. Það lið sem var fyrst fékk að fara í fyrstu myndatökuna... [[nánar](#)]

12. nóvember 2010



Tilraunir hjá 1.-2.bekk

1.-2. bekkur hefur verið að vinna með tilraunir og í gær voru þau út um allan skóla að gera hinar ýmsu tilraunir, t.d. að skoða í smásjá, vinna með speglun, búa til regnboga með ljósi og margt fleira skemmtilegt. Þau skráðu niðurstöðurnar í tilraunabókina sína. Á myndasíðunni má sjá nemendur í hinum ýmsu tilraunum. ... [[nánar](#)]

11. nóvember 2010



Heimilifræðivika hjá 5.-6.bekk

Í tilefni af heimilisviku þá eldaði 6. bekkur máltíð í dag. Þau elduðu hakk og spaghettí, útbjuggu salat og bökuðu brauðbollur. 5. bekk var boðið á leiksýningu sem ber nafnið Bláa gullið og fjallar á skemmtilegan hátt um vatn. Eftir hádegi þrífum við hérna hjá okkur í skólanum, þurrkuðum af hillum, skápum og handriðum. Krakkarnir þússuðu líka glugga og röðuðu skóm í skógeymslunni... [[nánar](#)]

11. nóvember 2010



Veðurbema í tónlist hjá 1.-2.bekk

Nemendur í 1. og 2. bekk hafa verið að æfa lagið Drippedí dripp í tónmennt þar sem þau leika bæði á takt- og laglínuhljóðfæri sem líkja eftir regndropum. Verkefnið er í tengslum við veðurbema sem nemendur hafa verið að vinna með. Undir verk nemenda má heyrast tónverkið þeirra ... [\[nánar \]](#)

10. nóvember 2010



Frá foreldrafélaginu

GÖNGUKLÚBBUR, LAUFABRAUÐ OG MORGUNSÖNGUR Foreldrafélagið hefur ákveðið að standa fyrir stofnun gönguklúbbs Sjalandskóla. Markmiðið er að börn og foreldrar geri eitthvað saman, hitti skólasystkini og aðra foreldra. Þetta gefur börnum úr mismunandi bekkjardeildum færi á að kynnast og ekki síður er þetta kjörið tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum um leið og stuðlað er að heilbrigðum lífstíl og meiri útiveru ... [\[nánar \]](#)

09. nóvember 2010



3.-4.bekkur fór í langan göngutúr

Í tilefni þess að 3.-4.bekkur er í þema um Garðabæ fór hópurinn í langan göngutúr, um 4km hvor leið, út á Garðaholt að heimsækja Krók sem er gamall bárujárnsklæddur

burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Krakkarnir stóðu sig eins og hetjur og gengu í tvær og hálf klukkustund í blíðskaparveðri þennan fallega mánudag...

[nánar](#)

08. nóvember 2010



Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var haldinn í fimmta sinn þann 3. nóvember sl. af frumkvæði forseta Ísland. Dagurinn sem hefur yfirskriftina, Taktu þátt – hvert ár skiptir máli er haldinn í samvinnu við ýmsa aðila sem koma, með einum eða öðrum hæti, að málum unglinga, m.a. Skátunum, ÍSÍ og UMFÍ. Í tilefni forvarnardagsins unnu nemendur í 9.bekk í Sjálandsskóla verkefni tengd forvörnum. ... [nánar](#)

08. nóvember 2010



Ársþing Skólabróunar haldið í Sjálandsskóla

Nú um helgina var fimmta ársþing Skólabróunar haldið í Sjálandsskóla. Þemað var: Ný stefna í menntamálum: Hvernig hrindum við henni í framkvæmd? Læsi - lýðræði - jafnrétti- menntun til sjálfbærni - skapandi starf. Þingið var vel sótt og gátu gestir hlýtt á marga áhugaverða fyrirlestra og tekið þátt í málstofum.... [nánar](#)

05. nóvember 2010



Hlutverkaleikur hjá 5.-6.bekk

Nemendur og kennarar í 5. og 6. bekk enduðu þemað um Snorra Sturluson á hlutverkaleik. Þar voru kennarar í aðalhlutverki að senda nemendur út um alla skólalóð að leysa hin ýmsu verkefni í hópum. Allir voru sammála um að þetta hafi verið ánægjulegt og sjá mátti hve samheldur hópurinn var. Margir mættu í búningum og fengu sverð sem þeir höfðu búið til sem þeir þurftu að nota í leiknum... [[nánar](#)]

04. nóvember 2010



Fréttir frá 7.bekk

Nemendur í 7.bekk hafa verið að gera marga skemmtilega hluti síðustu vikurnar m.a fara á kajak, búa til kjötbollur, elda yfir opnum eldi, fara í ratleik og svo fengu þau sérfræðing úr fjármálaheiminum í heimsókn í tengslum við þemað „peningar og gjaldmiðlar“.

... [[nánar](#)]

02. nóvember 2010



Unglingadeild í leikhúsför

Í tilefni af vímuvarnarvikunni var opunarhátíð ásamt frumsýningu á forvarnarleikritinu HVAÐ EF í Þjóðleikhúsinu, leikritið er ætlað 8. 9. og 10. bekk. Af því tilefni var unglíngastigi Sjálandsskóla boðið. Krakkarnir stóðu sig eins og hetjur og voru skólanum og sjálfum sér til sóma.... [[nánar](#)]

29. október 2010



Hattadagur

Í dag var hattadagur nemenda og starfsfólks í Sjúalandsskóla. Þá komu allir með alls konar höfuðföt. Mörg furðuleg og fyndin höfuðföt voru út um allan skóla og greinilega mikið úrval af höfuðfötum til á heimili nemenda. Tilfnið var hrekkjarvaka sem haldin er víða um lönd þessa dagana og hefur starfsfólk í Sjúalandsskóla fengið sinn skammt af hrekkjum ... [\[nánar \]](#)

28. október 2010



Útikennsla hjá 5.-6.bekk

Í dag voru nemendur í 5.-6.bekk í útikennslu. Þrjú verkefni voru í gangi, eitt var að baka brauð, eitt að spila kubbaspil og eitt að vinna að persónusköpun með persónur úr Snorra sögu.... [\[nánar \]](#)

27. október 2010



Miki, fjöllistamaður frá Grænlandi

Grænlenstur listamaður, Miki, heimsótti 5.-6.bekk í dag. Miki er ljósmyndari, myndlistarmaður og leikari. Hann sagði krökkunum frá lífinu í Grænlandi og sýndi þeim hvernig gerðar eru grænlenskar andlitsgrímur sem notaðar eru við grænlenzkan grímudans. Nemendur fengu svo að prófa að mála sjálf andlitsmálun... [\[nánar \]](#)

27. október 2010



Lög frá 7.bekk

7.bekkur er nýbúinn að taka upp tvö lög í tónmennt. Þau hafa verið að læra um jazz og sérstaklega um swing taktinn. Þau æfðu og tóku upp tvö lög þar sem swing takturinn er alls ráðandi. Annars vegar er það þrúðuleikara lagið Mana mana og hinsvegar So What eftir Miles Davis. Í báðum lögunum er spuni þar sem nemendur búa til laglínu á staðnum og spila með undirspili hljómsveitarinnar... [\[nánar \]](#)

26. október 2010



Söngleikur frá Færeyjum

Í dag fengu nemendur í 1.-4. bekk að horfa á og taka þátt í sýningu listamanna frá Færeyjum. Sýningin heitir Ævintýraferðin og er eftir Færeyingana Dánjal og Búa. Þeir hafa skrifað handrit og samið tónlist við mörg vinsæl barnaleikrit í Færeyjum. Í Ævintýraferðinni er lögð áhersla á fjölbreytta tónlist sem auðgar ímyndunaraflid ... [\[nánar \]](#)

25. október 2010



Íþróttadagur 1.-7.bekk

Á föstudaginn var íþróttadagur hjá 1.-7.bekk. Þá tóku nemendur þátt í alls konar íþróttum í íþróttahús og á útisvæði við skólann. Þrátt fyrir kulda og trekk þá skemmtu nemendur sér vel í fótbolta, körfubolta, kubb, brennó, snúsnú, borðtennis o.fl. Nemendum var skipt í hópa og svo fóru hóparnir á milli stöðva... [\[nánar \]](#)

21. október 2010



Comenius - Leeds í Englandi

COMENIUS Fit for life – fit for Europe. Síðastliðið haust fékk Sjalandskóli styrk frá menntaáætlun Evrópusambandsins til að vinna að Comeniusarverkefni í samstarfi við skóla í 5 öðrum löndum. Samstarfslöndin eru Bretland, Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Spánn. Verkefnið ber yfirskriftina „Fit for life – Fit for Europe“ en íslenska vinnuheitið er „Hreysti fyrir lífið“. Aðal áherslurnar í verkefninu eru hreyfing og hollt mataræði. Verkefnið stendur yfir í tvö skólaár. ... [\[nánar \]](#)

20. október 2010



Nýtt tímabil valgreina hefst á mánudaginn

Nýtt tímabil valgreina í unglingsdeild hefst mánudaginn 25.október. Tímabilið stendur fram að jólum. Eftirfarandi valgreinar eru í boði: Málun, bakstur, glervinna, kemur sprenging?, líkamsmótun, boltagreinar, dýrafræði, franska, bakstur, rafmagnað samspil, rafmagn og rafmagnstæki, skyndihjálp.... [\[nánar \]](#)

20. október 2010



Ball á föstudaginn í Sjalandskóla

Föstudaginn 22.október verður Gardalundur með geggjað festival, Garðabær City Fest 2010 í ballsal Sjalandskóla. Húsið opnar kl.20. Þetta er samskólaball Garðaskóla, Sjalandskóla og Álftanesskóla, fyrir nemendur í 8.-10.bekk. Miðinn kostar 700 kr. í forsölu og 1000 kr. við inngang.... [\[nánar \]](#)

15. október 2010



Skipulagsdagur og foreldraviðtöl

Mánudaginn 18.október er skipulagsdagur og þriðjudag 19.október eru foreldraviðtöl. Þessa daga er engin kennsla.... [nánar]

14. október 2010



Ræðupúlt úr rekavið frá Hólmavík

Árni Már smíðakennari og Sigurður húsvörður smíðuðu ræðupúlt úr rekavið sem starfsfólk Grunnskólans á Hólmavík færði skólanum að gjöf. Starfsfólkið kom hingað fyrir stuttu í heimsókn til þess að læra af reynslu okkar í Sjúlandsskóla. Nemendur 5. bekkjar á Hólmavík söfnuðu rekaviðnum og við eigum jafnvel von á að fá meiri reka hingað suður frá þessum vinaskóla okkar. ... [nánar]

13. október 2010



Útíþróttir hjá 1.-2. bekk

Myndir frá útíþróttum í 1. og 2. bekk eru komnar í myndasafnið. Þar má sjá nemendur stunda ýmsar íþróttagreinar á battavelli, á grasi hjá leikskólanum Sjúlandi og niður í fjöru. Það sem hópar A og B gerðu m.a í tímunum var að fara í eltingaleik og til að frelsa þá þurfti félaginn að hvísla ... [nánar]

12. október 2010



Tónlistarmyndaband af 1.-2.bekk

Ólafur tónmenntakennari er búinn að búa til tónlistarmynd með 1.-2.bekk þar sem þau syngja lagið „Kanntu að ríma“. ... [\[nánar \]](#)

12. október 2010



3.-4.bekkur í útikennslu

3.-4. bekkur fór í útikennslu út í Gálgahraun mánudaginn 11.október. Með í för voru tveir nemar úr tómstundafræði frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Nemendum var skipt í þrjá hópa og fóru þeir á milli þriggja stöðva. Á einni stöðinni söfnuðu nemendur hlutum og röðuðu í stafrófsröð... [\[nánar \]](#)

11. október 2010



9.bekkur á Úlfliótsvatni

Dagana 6. – 7. október fór 9. bekkur í ferðalag á Úlfliótsvatn. Þar fóru nemendur í fjallgöngu, sigu úr 10m háum turni, fóru í ýmsa leiki, léku sér í vatnasafaríi (og sumir duttu út í) héldu kvöldvöku, hlustuðu á draugasögu við varðeld og grilluðu marsmellos. Á heimleiðinni fór hópurinn í sund á Selfossi... [\[nánar \]](#)

08. október 2010



Víkingar í heimsókn

5.-6. bekkur fékk góða heimsókn fimmtudaginn 30. sept. en þá kom víkingurinn Ingólfur til okkar í fullum skrúða og fræddi okkur um lífnaðarhætti víkinga. Hann kom með mikinn útbúnað, fatnað, skart, vopn og hjálma sem hann sýndi nemendum sem voru mjög áhugasamir... [\[nánar \]](#)

06. október 2010



Heimaþing 1.-4. bekk

Í dag var heimaþing hjá 1.-4. bekk. Þar ræða nemendur, kennarar og skólastjórnendur um málefni skólans. Nemendum gefst kostur á að ræða við skólastjórnendur um það sem þeim finnst um skólann sinn... [\[nánar \]](#)

05. október 2010



1.-2. bekkur í útieldun

Föstudaginn 1. október var lokadagur í heimilisviku hjá 1. og 2. bekk. Í útikennslu þann dag bökuðu börnin lummur, skreyttu borð og bjuggu sér til kórónur úr laufblöðum og greinum. Það rigndi mikið en börnin létu það ekki á sig fá. Þau báru útiborð með áföstum sætum á milli sín í undirgöngin hjá skólanum og þar töfrðu þau fram dýrindis veislu

með heitum lummum og kakói. Þetta var frábær dagur... [[nánar](#)]

29. september 2010



10.bekkur í Vestmannaeyjum

Eftir samræmdu prófin fór 10.bekkur til Vestmannaeyja. Ferðin gekk mjög vel, við vorum heppin með veðrið og fengum sól og blíðu. Gist var í félagsheimilnu Rauðagerði og þar hittu krakkarnir aðra krakka frá Vestmannaeyjum... [[nánar](#)]

29. september 2010



Hautferð 8.bekkjara í Þrist

Nemendur í 8. Bekk fóru í haustferð undir Esjurætur og gistu í skála sem heitir Þristur. Þar kynntust þau frekar frumstæðum aðstæðum, hvorki rafmagn né vatn og bilað klósett... Það skemmtu sér samt allir hið besta og hópurinn stóð sig vel... [[nánar](#)]

28. september 2010



FitKid - kynning

Í morgunsöng kom María Gomez og kynnti fyrir nemendum Fit Kid og sýndi myndband frá Fit Kid keppni. Æfingar fara fram hjá Stjörnunni og hefjast 1.október.... [[nánar](#)]

23. september 2010



5.-6. bekkur í Hellisgerði

Í dag fóri nemendur í 5.-6. bekk í útikennslu í Hellisgerði. Farið var í leiki þar sem nemendur áttu að hrósa hver öðrum og skrifa hrósið á bak hvers annars. Dagurinn heppnaðist mjög vel og allir skemmtu sér vel. Myndir má finna á myndasíðu skólans. ... [[nánar](#)]

23. september 2010



8. bekkur á leið í ferðalag

8. bekkur er á leið í ferðalag á mánudaginn. Ætlunin er að gista í skála sem heitir Þristur og er undir Esjurótum. Tílefni ferðarinnar er að bekkurinn er að ljúka við fyrsta þema vetrarins sem tengdist útivist... [[nánar](#)]

22. september 2010



Aðalfundur foreldrafélags Sjalandsskóla - fundargerð

Aðalfundur foreldrafélags Sjalandsskóla var haldinn mánudaginn 13.september s.l. Þar voru ýmis málefni rædd og má finna fundargerðina á vefsíðu foreldra. Einnig er þar að finna fundargerðir síðustu ára... [[nánar](#)]

21. september 2010



10. bekkur á leið til Vestmannaeyja

Garðalundur stendur fyrir ferð með nemendum 10. bekkjar Sjalandskóla til Vestmannaeyja að loknum samræmdum prófum. Markmið ferðarinnar er að kynna Eyjunum og krökkunum þar.... [\[nánar \]](#)

21. september 2010



5.-6. bekkur á kajak

Í seinustu viku fóru nemendum 5. og 6. bekkjar út á kajak í blíðskapar veðri undir handleiðslu Helga skólastjóra. Á myndasíðu skólans má finna myndir frá ferðinni... [\[nánar \]](#)

21. september 2010



Leikhópurinn Krakkarnir í hverfinu

Fimmtudaginn 16. september kom leikhópurinn Krakkarnir í hverfinu í heimsókn til nemenda í 2. bekk. Krakkarnir í hverfinu eru í raun hópur af leikbrúðum sem voru hannaðar með það fyrir augum að kenna börnum um vanmátt, vandamál og mismunandi aðstæður einstaklinga... [\[nánar \]](#)

21. september 2010



Opið hús í Sjálansskóla

Fimmtudaginn 16.september var fyrsta opna húsið í Sjálansskóla á vegum félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Garðalundur kom færandi hendi. Nemendur settu saman tvö sófaborð sem prýðir unglingarýmið ásamt nýjum púðum og mottum... [[nánar](#)]

16. september 2010



Heimaving í unglingadeild

Nemendur unglingadeildar komu saman á heimavingi til að ræða ýmis atriði sem varðar skólann. Heimaving er þriðja hvern miðvikudag í mánuði og þá koma saman nemendur, kennarar og skólastjóri og ræða málefni líðandi stundar... [[nánar](#)]

10. september 2010



Skólinn fær fugla að gjöf

Í dag barst skólanum glæsileg gjöf frá Sigmundi Franz Kristjánssyni, tólf uppstoppaðir fuglar. Sigmundur, sem er afi Andra og Arnars í 4. og 5.bekk, hefur áður gefið skólanum uppstoppaða fugla. Skólinn á þá orðið yfir 30 fugla og tvo minnka. ... [[nánar](#)]

09. september 2010



5.-6. bekkur á Vífilstöðum

Þann 9.september hjóluðu nemendur í 5.-6.bekk á Vífilstaði. Þar skoðuðu þeir sögusýningu í tilefni 100 ára afmælis Vífilstaða, þar sem hægt var að skoða gamlar myndir frá Vífilstöðum og einnig voru þar settar upp gamlar sjúkrastofur... [\[nánar \]](#)

08. september 2010



Alþjóðadagur læsis

Í dag 8.september er alþjóðadagur læsis. Af því tilefni fengum við Gerði Kristný rithöfund í heimsókn í morgunsöng þar sem hún las upp úr bók sinni „Prinsessan á Bessastöðum“. Myndir má finna á myndasíðu skólans... [\[nánar \]](#)

07. september 2010



Gróðursetningarferð í Guðmundarlund

Í dag fóru allir nemendur Sjúalandsskóla og Alþjóðaskólans í Guðmundarlund ... [\[nánar \]](#)

03. september 2010



Danssýning í morgunsöng

Í morgun fengu nemendur að sjá danssýningu frá Dance Center... [[nánar](#)]

02. september 2010



9.bekkur í vettvangsferð

Miðvikudaginn 1. september fór 9. bekkur með strætó í Öskjuhlíðina til að skoða gamlar stríðsminjar frá stríðsárunum... [[nánar](#)]

25. ágúst 2010



Fyrsti skóladagurinn

Nú eru nemendur komnir aftur til starfa eftir sólríkt og gott sumar.... [[nánar](#)]

24. ágúst 2010



Kórinn

Kór Sjálandsskóla er nú að hefja þriðja starfsár sitt. Kórinn er fyrir stráka og stelpur í 5. - 8. bekk. Í kórnum syngjum við fjölbreytt og skemmtileg lög og komum fram við ýmis tækifæri... [\[nánar \]](#)

23. ágúst 2010

Mjólkuráskrift

Eins og undanfarin ár mun vera hægt að vera í mjólkuráskrift í hádegismat. Um er að ræða kalda léttmjólk úr mjólkurvél... [\[nánar \]](#)

21. ágúst 2010

Sælukot

Sælukot er tómtunda/frístundaheimili opið öllum nemendum í 1.-4. bekk Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans. Opnunartími: 14.05 – 17.15 alla virka daga Umsjónarmaður: Davíð Örvar Ólafsson, davido@sjalandsskoli.is ... [\[nánar \]](#)

20. ágúst 2010



Mataráskrift

Foreldrum er bent á að panta mataráskrift á heimasíðu Heitt og kalt... [\[nánar \]](#)

11. ágúst 2010



Skólabyrjun

Undirbúningur skólastarfsins er nú hafinn af fullum krafti. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 08:30 – 16:00 fram að skólasetningu. Skrifstofan verður lokuð frá kl. 14:00 föstudaginn

13. ágúst. Foreldrafundur með nemendum verða haldnir 24. ágúst. Umsjónarkennarar hafa... [\[nánar\]](#)